

2020-
2021

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði



Grunnskólinn á Ísafirði
Ársskýrsla
2020-2021

Contents

1. INNGANGUR.....	4
2. ÝMSAR UPPLÝSINGAR.....	6
STJÓRNENDUR GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2020-2021.....	6
NEFNDIR RÁÐ OG TEYMI 2020-2021.....	6
STJÓRNENDUR OG STARFSFÓLK GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI 2020-2021.....	8
NEMENDAFJÖLDI SKÓLAÁRÍÐ 2020-2021	10
FJÖLDI KENNSLUSTUNDA	11
SAMSTARF HEIMILIS OG SKÓLA	11
3. SKÝRSLUR UMSJÓNARKENNARA 1.-7. BEKKJA.....	12
1.BEKKUR.....	12
2. BEKKUR.....	15
3.BEKKUR.....	17
4.BEKKUR.....	20
5.BEKKUR.....	22
6.BEKKUR.....	25
7.BEKKUR.....	28
3. SKÝRSLUR UNGLINGASTIGS	32
SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA UNGLINGASTIGS	32
8. BEKKUR.....	33
9.BEKKUR.....	36
10. BEKKUR.....	39
4. STÖÐPJÓNUSTA.....	42
SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA STÖÐPJÓNUSTU	42
PÓLSKA	44
SÉRKENNSLA OG ÍSAT.....	44
ÞROSKAÐJÁLFAFAR	46
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF	47
5. SÉRGREINAR.....	47
HEIMILISFRÆÐI	47
DANS	50
ÍÞRÓTTIR	51
TEXTÍLMENNT.....	52
HÖNNUN OG SMÍÐI.....	53
MYNDMENNT	56
ÝMSAR VALGREINAR	57
<i>Ljósmyndun</i>	<i>57</i>
.....	58
<i>Menningarlæsi og sköpun.....</i>	<i>58</i>
<i>Fablab</i>	<i>59</i>
<i>Næringarfræði</i>	<i>60</i>
<i>Tæknilegó</i>	<i>60</i>
<i>Tækniráð.....</i>	<i>61</i>
<i>D&D (Drekar og dýflissur)</i>	<i>61</i>
<i>Ítalska</i>	<i>61</i>
<i>Skólahreysti</i>	<i>62</i>
<i>Frjálsar íþróttir</i>	<i>62</i>
<i>Mótun</i>	<i>62</i>
<i>Endurvinnsla</i>	<i>62</i>
6. FAGTEYMI.....	63
ÍSLENSKUTEYMI.....	63
TUNGUMÁLATEYMI.....	63
VINALIÐATEYMI	64

UPPLÝSINGATÆKNI	64
NÁTTÚRU- OG STÆRÐFRÆÐITEYMI	65
UPPBYGGINGARTEYMI	65
ÐEMADAGAR	66
LEIÐSAGNARNÁM	67
7. ÝMSAR SKÝRSLUR.....	68
BÓKASAFN GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI	68
SKÓLARÁÐ	69
FJÁRHAGSÁÆTLUN SKÓLANS	69
STARFSMARKMIÐ 2020-2021	70
SAMRÆMD PRÓF.....	71
FORFÖLL NEMENDA	71
.....	72
FORFÖLL STARFSFÓLKIS.....	72
SAMSTARF GRUNNSKÓLANS OG LEIKSKÓLANNA	73
STARFSMANNASAMTÖL	73
AÐKEYPT ÞJÓNUSTA.....	73
SKRIFSTOFA GRUNNSKÓLANS Á ÍSAFIRÐI	73
8. SAMVINNA OG TENGLI VIÐ AÐILA UTAN SKÓLANS	75

1. Inngangur

Ársskýrsla Grunnskólans á Ísafirði (GÍ) kemur nú út í sautjándi skipti. Sumarið 2004 var fyrstu skýrslu um skólahald GÍ skilað til Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar og fræðslunefndar. Tilgangurinn með ritun hennar er að halda til haga helstu upplýsingum um starfsemi nýliðins skólaárs. Henni er dreift til stjórnar foreldrafélagsins, nemendaráðs, Skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar, fræðslunefndar, bókasafns skólans og stjórnenda skólans. Skýrslan liggur frammi á kaffistofu starfsfólks GÍ og er vistuð á heimasíðu skólans <http://grisa.isafjordur.is>

Skýrslan er sett saman með það í huga að gefa upplýsingar um allt það góða og fjölbreytta starf sem unnið hefur verið á þessu skólaári í Grunnskólanum á Ísafirði. Skólaárið var viðburðarríkt og einkenndist sem fyrr af gróskumiklu starfi. Í aðalnámskrá grunnskóla er birt viðmiðunarstundaskrá sem sýnir áætlaða tímaskiptingu og fjölda kennslustunda í tilteknum námsgreinum/árgöngum. Í GÍ leggja stjórnendur allt kapp á að uppfylla lög og reglur varðandi lágmarkstímafjölda í bekkjum. Yfirlit yfir flest það sem unnið er í bekkjum má sjá í skýrslum umsjónarkennara og sérgreinakennara og hér verður aðeins tæpt á nokkrum atriðum til viðbótar.

Nokkur stærri verkefni hafa fengið sérstaka athygli hjá okkur í vetur, þessi verkefni eiga það sameiginlegt að þau taka til vinnu í mörgum árgöngum og styðja við lýðræði í skólastarfi, bæði meðal nemenda og starfsmanna. Þar má meðal annars nefna hræring, teymiskennslu og vinnuandateymi.

Grunnskólarnir á Ísafirði og Suðureyri fengu styrk frá Evrópusambandinu til að vinna samstarfsverkefni með fjórum öðrum Evrópulöndum, Grikklandi, Svíþjóð, Búlgaríu og Hollandi. Í verkefninu vinna nemendur með mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og skoða hvernig ólík lífsskilyrði og viðhorf hafa áhrif á möguleika fólks til að fá notið þeirra réttinda að fullu. Markmið með verkefninu er að auka skilning og umburðarlyndi gagnvart ólíkum aðstæðum fólks. Nemendur 10. bekkjar voru þátttakendur af okkar hálfu og fjölmargir starfsmenn skólanna tóku einnig þátt í verkefninu með einum eða öðrum hætti. Ekki var hægt að fara í síðustu tvær ferðirnar, til Búlgaríu og við áttum að taka á móti gestum hér. Þessum viðburðum hafði verið frestað frá árinu áður en ákveðið var að hafa þær á ZOOM sem tókst mjög vel.

Skólinn nýtir sér meðal annars sjálfsmatsaðferðina How good is our school, sem á íslensku er nefnt Gæðagreini, til innra mats á starfi skólans.. Þetta skoska matskerfi var þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga. Gæðaramminn er hjálpartæki, þar sem m.a. eru sett fram dæmi um gæðaviðmið og gagnlegar spurningar um skólastarf. Kjarni sjálfsmatsaðferðarinnar er að sem flestir í skólastarfinu taki þátt í samræðum um skólastarfið út frá skilgreindum viðmiðum og styðjist við samræmda einkunnagjöf. Þessi aðferð er notuð í öllum skólum Ísafjarðarbæjar og eru þeir nú með samræmda matsáætlun til fimm ára.

Skólaárið hefur litast mjög af kórónuveirunni, þó svo að ekkert smit hafi greinst hjá nemendum og starfsfólki. Veiran vofði yfir og það voru ýmsar takmarkanir í gildi allt árið. Heimsóknir utanaðkomandi voru í lágmarki og voru báðir foreldraviðtalsdagarnir í fjarfundi og/eða síma. Í lok október var grímuskylda lögð á alla nemendur frá 5. bekk og upp úr sem og alla starfsmenn. Starfsemi mötuneytisins raskaðist og ekki mátti blanda hópum saman þannig að valgreinar, hringekja og hræringur voru til dæmis felld niður í nokkrar vikur fyrir áramót sem og íþróttir og sund. Skertir skóladagar hjá 5.-10. bekk voru þónokkrir þar sem strangar takmarkanir

varðandi fjölda í hópum voru í gildi. Við gátum t.d. ekki haft jólaball fyrir nemendur sem hefð er fyrir og voru litlu jólin eingöngu í bekkjarstofum. Eftir áramót var hægt að halda uppi því sem næst eðlilegu skólastarfi en áfram voru þó fjöldatakmarkanir við lýði en svo var öllu lokað síðustu tvo dagana fyrir páskafrí og sem betur fer náðist að taka öll árshátíðaratriði upp og senda foreldrum. Þetta hefur gert það að verkum að 10. bekkur hefur t.d. aðeins haldið þrjú böll. Því miður þurfti að fella niður okkar rómaða þorablót en við lifðum lengi í voninni um að það yrði með einhverjum hætti hægt að hafa það og nemendur æfði gömlu dansana af miklum þrótti en allt kom fyrir ekki. Það er krefjandi fyrir alla þegar svona árar, endalaust verið að fylgjast með samkomutakmörkunum og sóttvörnum, hvað má og hvað má ekki og vil ég þakka starfsfólki, nemendum og foreldrum fyrir þolinmæðina og útsjónarsemina sem þeir hafa sýnt við þessar krefjandi aðstæður.

Það náðist að halda nokkra viðburði þrátt fyrir allt. Stóra upplestrarkeppnin var á sínum stað, þemadagar um lönd heimsins voru í febrúar, allir árgangar (nema 8. bekkur sem var í fermingarferðalagi) æfðu árshátíðaratriði þar sem yfirskriftin var Barnaefni. Það var hægt að hafa nemendasýningar og sem betur fór var fyrri sýningin tekin upp því skólanum (eins og öllum skólum á landinu) var lokað seinni sýningardaginn. Kennarar gerðu það sem í þeirra valdi stóð til að brjóta upp hversdaginn þegar færi gafst eins og syngja fyrir íbúna á Eyri, út að leika í snjónum, fjöltefli, allir sameinuðust í dans á skólalóðinni á sólardaginn, og margt fleira sem gerð eru nánari skil í skýrslum árganga.

Einn af ljósu punktunum í vetur var veðrið. Það þurfti aldrei að hafa áhyggjur af skólahaldi vegna veðurs þennan veturinn sem var mikil breyting frá síðasta ári.

Samræmdu prófin í 9. bekk gengu ekki sem skyldi. Í fyrsta prófinu, íslensku, kom í ljós að prófakerfi Menntamálastofnunar réði ekki við prófið. Í framhaldi var seinni tveimur prófunum frestað og varð að lokum að vali nemenda, þeir réðu hvort þeir tækju seinna upp á gamla mátann, á pappír. 7 nemendur tóku prófin í lok apríl. Prófatökan gekk hins vegar mjög vel í 4. og 7. bekk í september.

Fjórir nemendur, með þrjár hugmyndir komust í úrslit í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna og fengu tveir nemendanna verðlaun. Það voru þær Saga Björgvinsdóttir sem fékk umhverfisverðlaun og Elísabet María Gunnlaugsdóttir sem hlaut hönnunarbikar NKG. Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir myndmenntakennari hefur stýrt og haldið utan um nýsköpunarkeppni grunnskólanna undanfarin ár.

Grunnskólarnir á norðanverðum Vestfjörðum fengu úthlutað styrk úr Sprotasjóði Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, til innleiðingar á leiðsagnarnámi. Verkefnið mun standa frá ágúst 2021 til desember 2023.

Skólahald á vordögum var með nokkuð hefbundnu sniði, flestar vorferðir og uppbrotsdagar héldu sér og 10. bekkur fór skólaferðalagið sitt á Bakkaflöt í Skagafirði.

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri

2. Ýmsar upplýsingar

Stjórnendur Grunnskólans á Ísafirði 2020-2021

Skólastjóri	Sveinfríður Olga Veturliðadóttir
Aðstoðarskólastjóri	Helga S. Snorradóttir
Deildarstjóri stoðþjónustu	Sóley Veturliðadóttir
Deildarstjóri unglingastigs	Guðbjörg Halla Magnadóttir
Námsráðgjafi	Inga Bára Þórðardóttir
Húsvörður	Viðar Kristinsson

Nefndir ráð og teymi 2020-2021

Heimasíða	Helga S. Snorradóttir
Fulltrúar í skólaráði	Kristín Ólafsdóttir Fríða Rúnarsdóttir Violetta Maria Duda
Nemendaverndarráð	Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri Helga S. Snorradóttir, aðstoðarskólastjóri Guðbjörg Halla Magnadóttir, deildarstjóri Sóley Veturliðadóttir, deildarstjóri Inga Bára Þórðardóttir, námsráðgjafi Þórunn Berg Skúladóttir/Wendy Scott, skólahjúkrunarfræðingur Helga Katrín Hjartardóttir, deildarstjóri barnaverndar Guðrún Birgisdóttir, skóla- og fjölskyldusviði
Skólahjúkrunarfræðingur	Þórunn Berg Skúladóttir/Wendy Scott
Eineltisvarnarteymi	Inga Bára Þórðardóttir, námsráðgjafi, umsj.m. teymis Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri Helga S. Snorradóttir aðst.skólastjóri Guðbjörg Halla Magnadóttir, deildarstjóri ungl.st. Sóley Veturliðadóttir, deildarstjóri stoðþjónustu. Guðrún Birgisdóttir, skóla- og tómst.sviði
Áfallaráð	Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri Helga S. Snorradóttir, aðst. skólastjóri Hafdís Jónsdóttir, ritari Inga Bára Þórðardóttir, námsráðgjafi Þórunn Berg/Wendy Scott, skólahjúkr.fræðingur Magnús Erlingsson, sóknarprestur
Trúnarðarmenn kennara	Erna Sigrún Jónsdóttir Fríða Rúnarsdóttir
Trúnaðarmaður VerkVest	Violetta Maria Duda

Trúnaðarmaður FosVest	Álfheiður Elín Bjarnadóttir
Öryggistrúnaðarmenn	Eiríkur Gísli Johansson Elva Björk Jóhannsdóttir Guðný Stefanía Stefánsdóttir
Stjórn starfsmannafélags	Hafdís Jónsdóttir, formaður Sóley Veturliðadóttir, ritari Guðbjörg Halla Magnadóttir, gjaldkeri Arna Sæmundsdóttir, meðstjórnandi Regína Sif Rúnarsdóttir, meðstjórnandi Bryndís Bjarnason og Jón Heimir Hreinsson skoðunarmenn reikninga
Jafnréttisnefnd	Guðlaugur Valdimarsson Jón Hálfván Pétursson Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir
Upplýsingatækni	Arna Ýr Kristinsdóttir Erna Sigrún Jónsdóttir Guðbjörg Halla Magnadóttir Jón Hálfván Pétursson Laufey Eypórsdóttir Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir
Stærðfræði/náttúrufræði	Berglind Árnadóttir Helga Aðalsteinsdóttir Katrín Björnsdóttir Marzena Glodkowska
Uppbygging	Guðlaug Jónsdóttir Guðný Stefanía Stefánsdóttir Iwona Maria Samson Sveinfríður Olga Veturliðadóttir
Innra mat	Ástrún Jakobsdóttir Birgitta Rós Björnsdóttir Helga S. Snorradóttir Inga Bára Þórðardóttir Sóley Veturliðadóttir
Vinaliðar/Íþróttir	Atli Freyr Rúnarsson Árni Heiðar Ívarsson
Tungumál	Arna Björk Sæmundsdóttir Bergljót Halldórsdóttir Kristín Ólafsdóttir

Smári Rafn Teitsson

Þemadagar

Auður Yngvadótti
Bjarnveig Jakobsdóttir
Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir
Fríða Rúnarsdóttir
Jóhanna Ása Einarsdóttir
Salóme Elín Ingólfssdóttir
Iwona Samson
Laufey Eypórsdóttir
Magnúsína L. Harðardóttir
María Lárusdóttir
Sóley Veturliðadóttir

Leiðsagnarnám

Árný Herbertsdóttir
Guðný Harpa Henrysdóttir
Pálína Jóhannsdóttir

Stjórnendur og starfsfólk Grunnskólans á Ísafirði 2020-2021

Við skólann störfuðu 72 starfsmenn í misstórum stöðuhlutföllum. Stjórnendur eru í 3,25 stöðugildum og kennarar eru í samtals tæplega 36 stöðugildum, þroskaþjálfari í 1 stöðugildi, stuðningsfulltrúar í 9,5 stöðugildum, skólaliðar í 6 stöðum og aðrir starfsmenn í 5,9 stöðugildum alls. Alls voru 61,65 stöðugildi við skólann. Skólastjóri þetta skólaár var Sveinfríður Olga Veturliðadóttir og aðstoðarskólastjóri Helga S. Snorradóttir.

Alma Björk Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Anwar A. Okab Al Sadoon	Skólaliði
Arna Björk Sæmundsdóttir	Grunnskólakennari
Arna Ýr Kristinsdóttir	Grunnskólakennari
Atli Freyr Rúnarsson	Grunnskólakennari
Auður Yngvadóttir	Kennari
Axel Sveinsson	Leiðbeinandi
Álfheiður Elín Bjarnadóttir	Stuðningsfulltrúi
Árni Heiðar Ívarsson	Íþróttakennari
Árný Hallfríður Herbertsdóttir	Kennari
Ástrún Jakobsdóttir	Leiðbeinandi
Berglind Árnadóttir	Sérkennari
Berglind Inga Hákonardóttir	Stuðningsfulltrúi
Berglind Ósk Aðalsteinsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Bergljót Halldórsdóttir	Grunnskólakennari
Bergþóra Kristín Borgarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Birgitta Rós Björnsdóttir	Þroskaþjálfari
Bjarnveig S Jakobsdóttir	Grunnskólakennari
Björn Dagur Eiríksson	Stuðningsfulltrúi

Bryndís Bjarnason	Grunnskólakennari
Carolin Ursula Kraus	Bókavörður
Chisa Joy Ohiri	Skólaliði
Dorota Maria Krawczyk	Skólaliði
Edda Katrín Einarsdóttir	Stuðningsfulltrúi í fæðingarorlofi
Eiríkur Gísli Johansson	Matráður
Elín Sveinsdóttir	Grunnskólakennari
Elísabet Una Jónsdóttir	Aðstoðarmatráður
Elva Jóhanna Jóhannsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Erna Sigrún Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Fríða Rúnarsdóttir	Grunnskólakennari
Guðbjörg Halla Magnadóttir	Deildarstjóri
Guðbjörg Jónsdóttir	Skólaliði
Guðlaug Jónsdóttir	Grunnskólakennari
Guðlaugur Viðar Valdimarsson	Grunnskólakennari
Guðmundur Grétar Friðriksson	Stuðningsfulltrúi
Guðný Harpa Henrysdóttir	Leiðbeinandi
Guðný Stefanía Stefánsdóttir	Grunnskólakennari
Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir	Leiðbeinandi – í afleysingum
Hafðís Jónsdóttir	Skólaritari
Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir	Grunnskólakennari
Helga Sigfríður Snorradóttir	Aðstoðarskólastjóri
Inga Bára Þórðardóttir	Námsráðgjafi
Iwona Maria Samson	Sérkennari
Jóhanna Ása Einarsdóttir	Grunnskólakennari
Jón Hálf dán Pétursson	Grunnskólakennari
Jón Heimir Hreinsson	Grunnskólakennari
Jóna Björk Brynjarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Jóna Sigríður Írisardóttir	Stuðningsfulltrúi
Katrín Björnsdóttir	Grunnskólakennari
Katrín Sif Kristbjörnsdóttir	Leiðbeinandi
Kjartan Elí Guðnason	Skólaliði
Kolbrún Guðjónsdóttir	Bókavörður
Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi
Kristín Berglind Oddsdóttir	Grunnskólakennari
Kristín Ólafsdóttir	Grunnskólakennari
Laufey Eypórsdóttir	Sérkennari
Magnúsína L Harðardóttir	Grunnskólakennari
María Friðgerður Lárusdóttir	Grunnskólakennari
Marzena Glodkowska	Leiðbeinandi
Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir	Grunnskólakennari
Pálína Jóhannsdóttir	Grunnskólakennari
Rannveig Halldórsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Regína Sif Rúnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Salóme Elín Ingólfssdóttir	Leiðbeinandi
Sigrún Waltersdóttir	Skólaliði

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir	Danskennari
Smári Rafn Teitsson	Kennari
Sóley Veturliðadóttir	Þroskaþjálfari
Sveinfríður Olga Veturliðadóttir	Skólastjóri
Teresa Maria Richter	Skólaliði
Viðar Kristinsson	Húsvörður
Vala Friðriksdóttir	Kennari
Violetta Maria Duda	Skólaliði
Þóra Steinunn Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi

Nokkur starfsmannavelta litaði skólastarfið á þessu ári. Tveir starfsmenn komu inn á áramótum úr fæðingarorlofi og einn fór í fæðingarorlof, sjö lentu í veikindum sem stóðu lengur en fjórar vikur og flokkast sem langtíma veikindi. Til viðbótar við þetta voru þrír leiðbeinendur í réttindanámi og þrír starfsmenn í viðbótarnámi.

Nemendafjöldi skólaárið 2020-2021

Nemendur skólans voru 359 og skiptust eftir kynjum eins og hér sést.

Bekkir	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1.AS	5	10	15	Arna Björk Sæmundsdóttir
1.VF	8	7	12	Vala Friðriksdóttir
2.KM	9	14	23	Katrín Björnsdóttir og Marzena Glodkowska
3. KO	8	6	14	Kristín Oddsdóttir
3. HA	5	9	14	Helga E. Aðalsteinsdóttir, Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir frá áramótum
3.JH	6	10	16	Jón Heimir Hreinsson
4. ÁJ	14	10	24	Ástrún Jakobsdóttir
4.ÁH	13	9	22	Árný H. Herbertsdóttir
5.AK	7	13	20	Arna Ýr Kristinsdóttir
5.EJ	14	6	20	Erna Sigrún Jónsdóttir
6.GS	9	6	15	Guðný Stefanía Stefánsdóttir
6. JÁE	7	8	15	Jóhanna Ása Einarsdóttir
7. AY	12	9	21	Auður Yngvadóttir
7. SRT	8	13	21	Smári Rafn Teitsson, Berglind Árnadóttir frá 3. mars
8.PH	15	16	31	Guðbjörg Halla Magnadóttir/Pálína Jóhannsdóttir
9.HS	22	17	39	G. Harpa Henrysdóttir /Salóme Elín Ingólfsdóttir
10.JK	11	23	34	Jón Hálfván Pétursson/Katrín Sif Kristbjörnsdóttir
Samtals	173	186	359	

Fjöldi kennslustunda

Árið 2020-2021 var Grunnskólanum á Ísafirði úthlutað 932 kennslustundum á viku. Kennslustundirnar sem nýttar voru til kennslu voru um 930.

Samstarf heimilis og skóla

Grunnskólastefna Ísafjarðarbæjar hefur það að leiðarljósi að skólastarf sé samvinnuverkefni nemenda foreldra og starfsfólks skólanna. Grunnskólinn á Ísafirði leggur áherslu á að stuðla að virku samstarfi við foreldra. Gefin er út skólahandbók á hverju hausti og birt á heimasíðu skólans. Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og allar upplýsingar og fréttir er varða skólastarfið birtast þar. Foreldrar hafa aðgang að upplýsingum um börn sín í Mentor.is. Nemendur í 1.-7. bekk fá heimavinnuáætlanir í hverri viku en á unglingastiginu er oft sendur tölvupóstur til foreldra um heimavinnu og upplýsingar um heimavinnu, verkefni og námsmat birtist jafnóðum á mentor.

Í ágúst voru allir nemendur í 1. bekk boðaðir í viðtal, ásamt foreldrum, við umsjónarkennara. Í venjulegu árferði boða umsjónarkennarar til kynningarfundar þar sem farið er yfir helstu markmið skólastarfsins og hvernig foreldrar geta best stutt börn sín í náminu fyrir foreldra sem umsjónarkennarar sjá um. Vegna Covid féllu þessir fundir niður.

Sérstakur kynningarfundur var haldinn í lok maí fyrir nemendur og foreldra í 9. bekk um væntanlegt starf næsta vetrar sem hefst að vanda með tveggja daga gönguferð í Hornstrandafriðlandið. Foreldrar eru ætíð hvattir til að hafa samband við kennara barna sinna um leið og áhyggjur og skólinn gerir slíkt hið sama ef einhver mál þarf að ræða sérstaklega.

Allar heimsóknir foreldra í skólann hafa verið takmarkaðar vegna Covid og voru t.d. foreldraviðtöl í gegnum fjarfundi og síma. Árshátíðaratriði nemenda voru tekin upp og foreldrum sendur aðgangur að þeim. Foreldrar funduðu tvisvar í haust í fjarfundi til að ræða um starf félagsins og í framhaldi af því var aðalfundur félagsins haldinn þann 19. nóvember. Í stjórn voru kosin; Axel Överby, Fanney Pálsdóttir, Sveinbjörn Magnason, Sædis María Jónatansdóttir og formaðurinn Þórunn Sigurbjörg Berg.

3. Skýrslur umsjónarkennara 1.-7. bekkja

1.bekkur

Nemendur árgangsins voru 31, þar af einn nemandi sem hóf skólagöngu sína 17. maí og annar nemandi sem var ekki í skólanum frá 21. september 2020 til 19. apríl 2021. Nemendur skiptust þannig í lok skólaársins að 15 nemendur voru í 1. AS, umsjónarkennari Arna Björk Sæmundsdóttir og 16 nemendur voru í 1. VF, umsjónarkennari Vala Friðriksdóttir. Sérkennari María Lárusdóttir. Birgitta Rós Guðbjartsdóttir þroskaþjálfari hitti einn nemanda í 1. AS og einn í 1. VF. Sóley Veturliðadóttir deildarstjóri stoðþjónustu kom að kennslu nemandans sem kom 17. maí.

Kennt var í stofum 211 og 212. Aðrir kennarar voru Atli Rúnarsson sem sá um sund og íþróttir. Eva Friðbjófsdóttir kenndi dans og heimilisfræði. Jón Heimir Hreinsson kenndi tæknimennt. Stuðningsfulltrúi í 1.VF var Berglind Ósk Aðalsteinsdóttir.

Í árganginum var unnið með teymiskennslu þó við hefðum viljað getað opnað á milli kennslustofa. Bekkjunum var kennt í eigin bekkjarstofum að mestu leyti.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, Byrjendalæsi 14 stundir (íslenska, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni), útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, heimilisfræði 1 stund, tæknimennt 1 stund, textílmenn 1 stund, myndmennt 1 stund, upplýsingatækni 1 stund og dans 1 stund.

Í skólanum er kennt samkvæmt kennsluhugmyndum Byrjendalæsis og þar er íslensku-, náttúrufræði-, samfélagsfræði- og lífsleiknikennsla samþætt. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Íslenska

Í 1. bekk var aðal áherslan í íslenskukennslu á bókstafi og lestur. Vinnan í lestarkennslunni var mjög fjölbreytt og voru tveir bókstafir lagðir inn í hverri viku. Nemendur fengu að spreyta sig á mörgum og ólíkum verkefnum sem áttu að stuðla að færni og skilningi þegar kom að lestri og ekki hvað síst að hafa ánægju af því að lesa. Áhersla á heimalestur var mikil og unnu nemendur einnig hljóðsögu heima í tengslum við stafi vikunnar ásamt því að skrifa 15 orð í hverri viku í svokallaða Fimmorðabók. Byrjendalæsisvinnan í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði var samtvinnuð og unnið í þemaverkefnum.

Í skrift var lögð áhersla á að nemendur héldu rétt á skriffæri og drægju rétt til stafs. Nemendur unnu skriftaræfingar, bæði frjálst og eftir forskrift í tengslum við stafi vikunnar, mikil frjáls ritun auk fjölda annarra skriftarverkefna.

Stærðfræði

Undirstöðuhugtök stærðfræðinnar voru áhersluatriðin í 1. bekk. Áhersla var lögð á að nemendur ynnu með og þekktu tölur frá 0 og upp í 20, plús, mínus, talnaröð, talnalestur, talnalínu og talnaskilning svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fengu einnig þjálfun í að ræða og rökstyðja svör sín og niðurstöður og voru fjölbreytt verkefni unnin í þeim tilgangi. Hlutbundinni vinnu var gert nokkuð hátt undir höfði og notuðu nemendur t.a.m. kubba og talnagrindur þegar unnið var að úrlausnum.

Samfélags- og náttúrufræði

Í skólabyrjun var nemendum kynnt nánasta umhverfi skólans. Mikilvægi fjölskyldu og mismunandi fjölskyldumynsturs, vina og skólafélaga var einnig tekið fyrir og það að tilheyra hópi og hvernig maður ber sig að í hóp. Í tengslum við þetta var farið í gönguferðir um skólann og nánasta umhverfi hans. Einni var farið í mannlíkamann, húsdýrin, árstíðirnar og réttindi og skyldur okkar sem einstaklinga. Við fengum heimsókn frá umboðsmanni barna sem fór yfir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Farið var í fjallgöngu upp í Stóruð. Við fórum mikið um nærumhverfi skólans og notuðum fjöruna við Fjarðarstræti óspart, þar sóttum við líka efnivið í tröllkarlana sem við gerðum svo í lok skólaársins.

Hefð er fyrir því að fara í heimsókn í fiskvinnsluna Íslandssögu og Klofning á Suðureyri en vegna Covid-19 henni frestað og fyrirhugað er að fara næsta haust. Forsvarsmenn þar hvöttu skólann til að hafa samband næsta skólaár.

Lífsleikni

Verkefni samkvæmt Uppbyggingarstefnu voru unnin. Áhersla var lögð á að nemendur temdu sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Kynnt voru fyrir nemendum áhersluatriðin í Uppbyggingarstefnunni, og bekkjarsáttmáli gerður. Einnig var farið vel í hlutverk nemenda og kennara. Unnið var mest með þarfir hvers og eins og mikilvægi þess að virða mörk annarra.

Tónmennt

Nemendur lærðu ýmis sönglög og þjálfuðust í að syngja þau saman. Við bjuggum til hristur sem nemendur skreyttu að vild og voru stoltir af.

Myndmennt, textílmennnt og tæknimennnt

Áhersla var lögð á að þjálf hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Útivist

Farið var í útivist einu sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og hreyfingu.

Sund

Hver bekkur fyrir sig fór í sundtíma. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Námsgögn

Íslenska: Ýmis texti úr barnabókum lagður til grundvallar í lestrarnámi. Líttlestrarbækur af skólavef og ýmsar lestrarbækur við hæfi nemenda. Ýmis fjölbreytt verkefni búin til af kennurum í anda Byrjendalæsis.

Byrjað var aðeins á Ítalíuskript 1A og notuðum við svokallað Krothefti. Lestrarlandið A+ og B+, ásamt Lestrarlandi 1. Mest voru notuð þemaverkefni frá kennurum sem voru samþætt.

Stærðfræði: Sproti 1a,1b og fyrstu tveir kaflarnir í 2a nemenda- og æfingabækur. Spæjararnir 1 voru aukaefni. Ljósrituð hefti útbúin af kennurum.

Samfélags- og náttúrufræði

Íslensk húsdýr, Komdu og skoðaðu mannlíkamann og Halló heimur 1. Efni búið til af kennurum.

Námsmat

Íslenska: Lesferill- lestrarskimun fyrir 1. bekk grunnskóla sem Menntamálastofnun gefur út í október og niðurstöður hennar notaðar til að skipuleggja stuðningskennslu fyrir þá sem þurftu.

Í september, janúar og maí var lögð fyrir lesfimiskimun frá Menntamálastofnun. Við mat á lesfimiprófum var stuðst við viðmið um lesfimi frá MMS. Nemendur tóku reglulegar lotukannanir yfir veturinn.

Í öðrum greinum sem umsjónarkennarar kenndu var vinna nemenda metin jafnóðum.

Viðburðir og vettvangsferðir

Í september var farið í fjallgöngu í Stóruð.

Nemendur tóku þátt í norræna skólahlaupinu í september. Hjúkrunarfræðingur kom ekki með fræðslu þetta árið.

Í september var haldið foreldranámskeið með foreldrum nemenda í 1. bekk. Á námskeiðinu var lögð áhersla á að kynna fyrir foreldrum þær aðferðir sem notaðar eru við lestrarkennslu og þau meginatriði sem unnið er eftir í Uppbyggingarstefnunni ásamt litahegðun. Foreldraviðtöl voru í upphafi skólaársins, 24. ágúst. Sjöunda október og 2. febrúar voru foreldraviðtöl símleiðis vegna Covid og 8. júní voru hefðbundin foreldraviðtöl þar sem foreldrar og nemendur mættu saman.

Árshátíð skólans var haldin 24. mars. Vegna Covid gátu foreldrar ekki komið að horfa á en sýningin var sem betur fer tekin upp því skólanum var lokað daginn eftir vegna Covid -19. Árshátíðin var því einn dagur í stað tveggja.

Á bolludag var maskaball og mættu ýmsar furðuverur í skólann. Mikill metnaður var lagður í búningana.

Í maí byrjun gáfu Kiwanismenn nemendum reiðhjólahlálma að gjöf og var mikil ánægja með hjálmana.

Íþróttadagur 1.-4. bekkjar var haldinn 3. júní á Torfnesi og tókst mjög vel. Fyrsta og öðrum bekk var blandað í hópa og svo farið í grillaðar pylsur í skólanum.

Við fórum mikið út undir lok skólaársins og undum okkur vel við leik og störf.

Afhending vitnisburðar og foreldraviðtöl voru svo þann 8. júní.

Skólastarf vetrarins hjá 1. bekk gekk rosalega vel og samvinna kennara var mjög góð.

Arna Björk Sæmundsdóttir og Vala Friðriksdóttir.



2. bekkur

Nemendur árgangsins voru 23. Umsjónarkennarar voru Marzena Glodkowska og Katrín Björnsdóttir. Aðrir kennarar voru: Alti Rúnarsson og Pálína Jóhannsdóttir sáu um leikfimi, og Árni Heiðar Ívarsson sund. Eva Friðþjófsdóttir var með dans. Katrín Björnsdóttir sá um heimilisfræði. Bjarnveig S. Jakobsdóttir og Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir sáu um tæknimennt, Katrín Björnsdóttir kenndi myndmennt og Marzena Glodkowska kenndi textílmennt. Umsjónarkennarar sáu um upplýsingatækni. Stuðningsfulltrúi var Regína Sif Rúnarsdóttir. María Lárusdóttir sá um sérkennslu. Kennt var í stofu 217.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, Byrjendalæsi 14 stundir (íslenska, samfélags- og náttúrufræði, lífsleikni), útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, heimilisfræði 2 stundir, tæknimennt 2 stundir, textílmennt 2 stundir, myndmennt 2 stundir, upplýsingatækni 1 stund og dans 1 stund.

Í skólanum er kennt samkvæmt kennsluhugmyndum Byrjendalæsis og þar er íslensku-, náttúrufræði-, samfélagsfræði- og lífsleiknikennsla samþætt. Meginmarkmiðið er að börnin nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngunni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að hægt sé að mæta börnum með ólíka þekkingu og færni þar sem áherslan er á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 2A og 2B nemendabók og æfingahefti, ljósrituð vinnuhefti . Sproti (Multi á vefnum)

Námsmat: Kannanir eftir hvern námsþátt og annapróf.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur, ýmist valdar af kennurum eða nemendum.

Skriftarbækur; Ítalíuskript, Góður-betri-bestur og ýmsar vinnubækur.

Vinnubækur. Ritrún, Könnun kortin 1 og Halló Heimur.

Námstilhögun: Unnið var samkvæmt byrjendalæsi þar sem íslenska, lífsleikni, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþætt og því mismunandi námsefni. Kennarar unnu auk þess æfingaverkefni með áherslu á skrift, lestur, lesskilning og stafsetningu. Stafirnir rifjaðir upp með ákveðinni vinnu.

Mikil áhersla var á lesturinn og nemendur látnir lesa fyrir kennara og stuðningsfulltrúa eins oft og kostur var. Yndislestur daglega. Nemendur unnu í misstórum hópum, ýmist í hópa- eða einstaklingsvinnu.

Námsmat: Prófað var í lesskilningi í maí ásamt skrift. Símat var yfir skólaárið og vinnubækur metnar. Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir. Markmið að vori voru 40 (lágmark) lesin orð á mínútu. Á vorönn voru gefnar einkunnir fyrir veturinn.

Náttúrufræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu líkamann, Könguló og fuglaþema að vori – námsefni útbúið af kennurum.

Námstilhögun: Samþætt byrjendalæsi.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat

Samfélagsfræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu land og þjóð.

Námstilhögun: Bækurnar unnar með byrjendalæsisstilhögun, kennsluáætlanir gerðar af kennurum og ýmis verkefni unnin samkvæmt þeim.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Upplýsingatækni

Námstilhögun: I-pad í bekkjarstofum. Nemendur notuðu öpp sem þjálfa forritun, íslensku, stærðfræði og náttúrufræði. Tölvustofa einu sinni í viku þar sem var farið yfir fingrafími 1 og 2, skrifa texta í word og Paint 3D.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

Myndmennt

Kennt í myndmenntastofu 2 stundir á viku hálfan veturinn og var það hluti af hringekju í verkgreinum.

Nemendur teiknuðu og máluðu ýmis myndverk, lærðu um litahringinn, blöndun lita, heita og kalda liti.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin.

Tæknimennt

Kennt í smíðastofu 2 stundir á viku hálfan veturinn og var það hluti af hringekju í verkgreinum.

Nemendur unnu útsögunarverkefni og yfirborðslípun og málun.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin.

Textílmenn

Kennt í textílmennastofu 2 stundir á viku hálfan veturinn og var það hluti af hringekju í verkgreinum. Nemendur lærðu að sauma einföld spor í java og fleira.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin.

Heimilisfræði

Kennt í heimilisfræðistofu 2 stundir á viku hálfan veturinn og var það hluti af hringekju í verkgreinum. Nemendur lærðu að baka, elda, ganga frá í eldhúsi, ásamt vinnubók.

Námsmat: Færni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar, skýru mörkin. Bekkjarsáttmáli gerður. Nokkrir bekkjarfundir voru haldnir þar sem rædd voru líðan og samskipti í skólanum. Unnið var út frá skilgreiningu á litahegðun. Rætt var um einelti. Lífsleikni var oft samþætt byrjendalæsi.

Útivist

Allar kennslustundir fóru fram utandyra og í nánasta umhverfi skólans. Stundum voru farnar lengri gönguferðir. Farið var m.a. í fjallgöngu, Jónsgarð og skipagöturóló. Einnig var leikið á skólalóð, þar sem markmið var að læra samskipti í frjálsum leik.

Viðburðir og vettvangsferðir

24.ágúst	Skólasetning
8. september	Fjallganga – Gengum upp Hafrafellsháls.
september	Taka upp kartöflur með 9. bekk.
september	Veltibíll
september	List fyrir alla Torfnes

23. september Norræna skólahlaupið.
 7. október Foreldraviðtöl í fjarfundi
 16.-19.október Vetrarfrí
 18.desember Litlu jólin
 25. janúar Sólarpönnukökur með 9.bekk
 2. febrúar Foreldraviðtöl í fjarfundi
 10.-11.febrúar Þemadagar – lönd heimsins
 15.febrúar Grímuball
 19.febrúar Vetrarfrí
 24.mars Árshátíð
 27.mars- 5.apríl Páskafrí
 26.maí Fuglaskoðunarferð
 27.maí Ferð í Súðavík með vinabekknunum okkar, Raggagarður og Melrakkasetrið
 28.maí Kómedíuleikhús
 3.júní Íþróttadagur yngsta stigs á Torfnesi.
 8.júní Skólaslit

Katrín Björnsdóttir, Marzena Glodkowska



3.bekkur

Nemendur árgangsins voru 46 í vetur. Umsjónarkennarar voru Helga E. Aðalsteinsdóttir, Jón H. Hreinsson, Kristín B. Oddsdóttir og Harpa S. Friðfinnsdóttir leysti Helgu af á vorönn. Sérkennari árgangsins var María F. Lárusdóttir. Hún tók nokkra nemendur í sérkennslu og var með hóp í íslensku auk lestrarþjálfunar. Þroskaþjálfari árgangsins var Birgitta R. Björnsdóttir. Stuðningsfulltrúar árgangsins voru Jóna B. Brynjarsdóttir í 3. JH og Violetta M. Duda í 3. HA. Kennarar árgangsins:

Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði.

Jón H. Hreinsson – tæknimennt/smíði.

Friða Rúnarsdóttir – textílmenn.

Helga E. Aðalsteinsdóttir – myndmennt.

Árni H. Ívarsson – sund.

Árni H. Ívarsson – íþróttir.

Atli F. Rúnarsson – útivist í 3-JH.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir – dans.

Aðra kennslu árgangsins sáu umsjónakennarar um.

Eftirtalin fög voru kennd: Byrjendalæsi (íslenska, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni og upplýsingamennt) var samþætt í 18 stundir á viku, stærðfræði 6, íþróttir 2, útivist 1, sund 1 og dans 1 tíma. Textílmenn, myndmenn, heimilisfræði og tæknimenn voru kenndar í lotum í hringekju, 4 tíma á viku.

Kennsluhættir

Umsjónarstofur árgangsins voru nr. 104, 107 og 108. Covid hafði áhrif á kennslu hluta vetrar og þá sérstaklega í hringekju, íþróttum og sundkennslu.

Stærðfræði

Námsgögn: Sproti 2B, Sproti 3A og 3B nemendabók og æfingahefti ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum.

Námstilhögun: Almenn bekkjarkennsla.

Námsmat: Kannanir eftir hvern námsþátt og annar- og vorpróf.

Íslenska

Námsgögn: Ýmsar lestrarbækur voru valdar af kennurum eða nemendum.

Skriftarbækur; Góður-betri-bestur: 2a, 2b, 3a, 3b.

Ritrún 2 og 3, Litla Lesrún og Lesrún.

Námstilhögun: Unnið var með aðferðina Byrjendalæsi þar sem íslenska, lífsleikni, samfélagsfræði og náttúrufræði voru samþætt og því mismunandi námsefni. Nemendur unnu í misstórum hópum, ýmist í hóp- eða einstaklingsvinnu. Mikil áhersla lögð á frjálsan lestur, þar sem nemendur völdu sér sjálfir lestrarbækur. Flestir dagar hófust með hljóðlestri og síðan skipulagðri íslenskuvinnu. Áhersla var lögð á að hver og einn læsi upphátt í skólanum u.þ.b. þrisvar í viku.

Heimanám var einstaklingsmiðað skv. heimanámsstefnu skólans, ásamt heimalestri allan veturinn.

Námsmat: Prófað var í lesskilngi (Orðarún) og skrift á vorönn. Þrjú lesfímipróf voru lögð fyrir yfir veturinn. Markmið á vori var að a.m.k. 90 % nem. geti lesið 55 orð á mín. 50% nem. læsu 100 orð á mín. og 25% nem. læsu 120 orð eða fleiri á mín. Á vorönn var gefið fyrir lykilhæfni í íslensku, samþætt með náttúru- samfélagsfræði, lífsleikni og upplýsingamennt.

Íþróttir

Nemendur voru í útileikfimi í september og maí. Farið var í margskonar leiki og unnið með þol. Eftir að inn var komið var unnið áfram með þol og svo allskonar leiki, boltaleiki og fimleika.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Litlu landnemarnir, Komdu og skoðaðu landnámið, Námsheftið Könnun kortin 1 og 2. Blómin á þakinu.

Námstilhögun: Samþætt Byrjendalæsi.

Náttúrufræði

Námsgögn: Komdu og skoðaðu himingeiminn, Komdu og skoðaðu hringrásir, Hrafninn þemahefti, Ánamaðkar þemahefti. Einnig voru unnin önnur verkefni frá kennurum.

Námstilhögun: Samþætt Byrjendalæsi.

Lífsleikni

Unið var með ýmsar sögubækur sem vor samþættar Byrjendalæsisvinnu. Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli sem allir gátu sætt sig við. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Áfram var lögð áhersla á Litahegðun, þar sem hver hegðun hefur ákveðin lit en ekki einblínt á nemandann, ef honum hefur mistekist. Bekkjjarfundir voru haldnir öðru hvoru þar sem nemendur tjáðu sig um ýmis málefni tengd samskiptum við aðra.

Enska

1 kennslustund í viku.

Kennarar: Helga E. Aðalsteinsdóttir og Kristín B. Oddsdóttir.

Námsefni: Right on og ýmis ljósrituð verkefni. Mikið sungið af myndböndum af youtube (The singing Walrus).

Viðburðir og vettvangsferðir

4. september - Fjallganga á Hnífa.

9. september – List fyrir alla-danssýning á Torfnesi.

11. september – Sýning Landverndar í Edinborg.

18. september – Heimsókn á Pósthúsið.

29. september – Skólahlaup.

27. nóvember – Dótadagur og skemmtun.

2. desember - Heimsókn frá slökkviliðinu.

21. janúar – Dans úti í Portinu.

10.-11. febrúar – Þemadagar.

24. mars – Árshátíð.

9. apríl – Bekkjarskemmtun.

21. maí- Sveitaferð að Hólum í Dýrafirði.

26. maí – Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk.

28. maí – Heimsókn á Slökkvistöðina og sýning frá Kómedíuleikhúsinu í Hömrum.

2. júní – Hjólaferð í Tungudal.

3. júní - Íþrótta- og leikjadagur á Torfnesi fyrir 1. – 4. bekk.

8. júní - Skólanum slitið.

Helga E. Aðalsteinsdóttir, Harpa S. Friðfinnsdóttir, Jón H. Hreinsson og Kristín B. Oddsdóttir





4.bekkur

Nemendur árgangsins voru 44 í byrjun skólaárs og fjölgaði um tvo, einn um áramót og annar undir vor og enduðu skólaárið 46 talsins. Nemendur skiptust þannig í lok skólaársins að í 4. ÁH voru 22 og 24 í 4. ÁJ. Árný Herbertsdóttir var umsjónarkennari í 4. ÁH og Ástrún Jakobsdóttir í 4. ÁJ. Kennt var í stofum 109-110 og 111.

Aðrir kennarar voru: Atli Freyr Rúnarsson og Jón Hálfán Pétursson sáu um sund. Pálína Jóhannsdóttir og Atli Freyr Rúnarsson voru með íþróttir. S. Eva Friðþjófsdóttir kenndi dans. Árný Herbertsdóttir kenndi ensku og tónmennt. Fríða Rúnarsdóttir kenndi handmennt. Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir kenndi tæknimennt að hausti en Bjarnveig Jakobsdóttir að vori. Guðlaug Jónsdóttir kenndi heimilisfræði. Elín Sveinsdóttir kenndi leiklist eftir áramót, hálfum bekk í einu, vikulega. Umsjónakennarar kenndu upplýsingatækni og útivist. Stuðningsfulltrúar voru Bergþóra Borgarsdóttir Þóra Steinunn Gunnarsdóttir í 4. ÁJ og G. Grétar Friðriksson 4. ÁH. Sérkennari var Iwona Maria Samson og þroskaþjálfari voru Sóley Veturliðadóttir og Birgitta Rós Guðbjartsdóttir.

Eftirfarandi fög voru kennd: Stærðfræði 6 stundir, íslenska 6 stundir, samfélagsfræði 3 stundir, náttúrufræði 3 stundir, útivist 1 stund, íþróttir 2 stundir, sund 1 stund, tónmennt 1 stund, heimilisfræði, tæknimennt, og textílmennt 4 stundir á viku (hópaskipt), leiklist 1 stund, upplýsingatækni 1 stund, dans 1 stund, enska 1 stund.

Íslenska

Í 4. bekk er aðaláherslan í íslensku á að þjálfra lestrarfærni, lesskilning, ritun og framsögn. Nemendur unnu mörg fjölbreytt verkefni sem reyndu á ólíka færni s.s. ritun, heimildaöflun, ýmis úrvinnsla texta, lesa fyrir hvort annað, álykta út frá texta og sjálfsrýni ásamt fleiru. Flestir nemendur náðu í vetur að lesa sér til gagns og gaman. Við tókum þátt í Litlu upplestrarkeppninni og nemendur fengu talsverða þjálfun í upplestri. Áhersla á heimalestur var mikil (15 mínútur 5 sinnum í viku) ásamt öðrum lesskilningsverkefnum.

Í skrift var lögð áhersla á að nemendur héldu rétt á skriffærum og drægju rétt til stafs, bil á milli orða og stafirnir væru á línu. Nemendur unnu skriftaræfingar í Ítalíuskript og Skrift 5, auk fjölda annarra ritunarverkefna.

Stærðfræði

Í vetur var lögð áhersla á að styrkja þekkingu nemenda á undirstöðuhugtökum stærðfræðinnar þannig að þeir geti rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleyðum og fylgt röksemdafærslu annarra. Nemendur unnu með Sprota 4a og 4b, nemendabók og æfingabók, Húrrahefti, lærðu á vasareikni, ásamt öðru

efni frá kennurum. Þau fengu þannig fjölbreytta þjálfun við hæfi hvers og eins. Kubbar og talnagrindur voru alltaf til staðar fyrir nemendur.

Samfélags- og náttúrufræði

Í vetur var unnið með mikilvægi þátttöku í samfélaginu, bæði í nútíð og fortíð. Einnig var rætt um hvað við sjálf getum lagt af mörkum til að hafa góð áhrif á samfélagið sem við búum í. Ýmis verkefni voru unnin út frá bókum eins og Komdu og skoðaðu sólkerfið og - hringrásir, Komdu og skoðaðu sögu mannkyns, Refir og Könnum kortin ásamt ýmsum verkefnum frá kennurum. Við skoðuðum orkubúskap í víðu samhengi og að bera virðingu fyrir umhverfinu.

Enska

Nemendur horfðu á námsmyndbönd á ensku og æfðu framburð. Þeir unnu verkefni með nafnorðum, efnislega flokkuðum. Þegar leið á veturinn var farið að æfa einfaldar setningar. Stuðst var við efnið Adventure island of english words. Símat.

Upplýsingatækni

Fingrafimi var æfð allan veturinn með æfingaleikjum á mms.is. Nemendur unnu verkefni sem tengdust ýmiskonar annarri vinnu (s.s. ísl. samf. nát.). Þeir æfðu sig í að skrifa texta í work,, sækja myndir, sækja möppur og vista verkefni sín.

Lífsleikni

Unnið var samkvæmt Uppbyggingarstefnu. Unnið var með hugtök eins og samkennd, samábyrgð, umburðarlyndi, vináttu og að setja mörk. Áhersla var lögð á að nemendur temdu sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum ásamt eigum sínum og annarra. Bekkjarsáttmáli var gerður. Einnig var farið vel í hlutverk nemenda og kennara. Farið var í þarfagreiningu þar sem hver og einn fann hvaða þörf var sterkust hjá honum.

Handmennt, tæknimennt, heimilisfræði og upplýsingatækni

Áhersla var lögð á að þjálf hug og hönd nemenda og örva sköpunargleði þeirra. Mjög mörg verkefni voru unnin í hverju fagi fyrir sig.

Útivist

Farið var í útivist 1 sinni í viku og var lögð áhersla á frjálsan leik og holla hreyfingu.

Sund

Nemendum var skipt í þrjá hópa í sundinu. Farið var í alla helstu þætti sem koma fyrir í námskrá.

Námsmat

Símat var notað í öllum fögum.

Íslenska: Lesfimiþróf frá Menntamálastofnun voru lögð fyrir í september, janúar og maí. Þeir sem þurftu fengu stuðningskennslu í lestri. Lesskilningsþrófið Orðarún var lagt fyrir í október og apríl. Í maí var prófað í skrift, framsögn (upplestrarkeppnin notuð til viðmiðunar). Við mat á hraðlestrarþrófum var stuðst við viðmið um lesfimi frá MMS. Einnig var ýmis verkefnavinna nemenda og vinnuframlag nemenda metin.

Nemendur tóku lokapróf úr Sprota 4a þegar þau luku við bókina og lokapróf í maí sem miðaði við staðsetningu hvers og eins í náminu, ásamt reglulegum lotukönnunum yfir veturinn.

Viðburðir og vettvangsferðir

Þann 2. september var farið í fjallgöngu upp í Naustahvilt fyrir ofan flugvöllinn og var það mjög skemmtilegt.

Nemendur tóku þátt í Norræna skólahlaupinu 29. september.
Haldin var bekkjarskemmtun eftir samræmdu prófin (30.september og 1. október).
Hjúkrunarfræðingur kom einu sinni í bekkina og var með fræðslu fyrir nemendur. Auk þess var skólaskoðun þar sem hver og einn nemandi fór í ýmskonar mælingar.
Foreldraviðtöl voru í upphafi skólaársins, 7. október og 2. febrúar. Þau voru símleiðis.
Ekki var unnt að bjóða foreldrum á opinn dag í skólanum vegna covid.
Jólagjöf litlu jólanna frá 4. bekk var gjafabréf fyrir Sannar gjafir hjá Unisef .
Á þessu skólaári tóku nemendur í fyrsta skipti þátt í vinaliðaverkefninu, sex nemendur (þrír úr hverjum bekk) voru vinaliðar fyrri hluta skólaársins og aðrir sex seinni hlutann.
Á bolludag (15. feb) var maskaball og mættu ýmsar furðuverur í skólann.
Árshátíð var haldin þ. 24. mars, unnt var að hafa eina sýningu sem var tekin upp.
2. júní var farin hjólaferð út í Hnífsdal. Heppnaðist hún mjög vel í góðu veðri.
26. maí var Upplestrarhátíð fjórða bekkjar haldin. Gestir árgangsins var 3. bekkur og skólastjórnendur. Boðið var upp á múffur og djús og allt gekk mjög vel.
28. maí. var okkur boðið á ljóða- og tónlistarflutning Aðalsteins Ásberg Sigurðssonar á vegum Act alone (Elvar Logi Hannesson) og var sú sýning mjög skemmtileg.
3. júní var hafðu íþróttadagur fyrir yngsta stig. Farið var í alls konar leiki á Torfnesi þar sem áherslan var lögð á að hafa gaman. Nemendum í 3. og 4. bekk var skipt í hópa.
Síðasti kennsludagur var 4. júní og hélt árgangurinn sameiginlegt party af því tilefni.
Afhending vitnisburðar var þann 8. júní.
Skólastarf vetrarins hjá 4. bekk gekk vel og samvinna kennara var mjög góð.

Árný Herbertsdóttir og Ástrún Jakobsdóttir



5.bekkur

Nemendur árgangsins voru 42 í byrjun vetrar en 40 í lok vetrar. Kennt var í tveimur bekkjum og voru Erna Sigrún Jónsdóttir og Arna Ýr Kristinsdóttir umsjónarkennarar. Iwona Maria Samson sá um sérkennslu í stærðfræði og íslensku, Magnúsína Laufey Harðardóttir sá um kennslu í íslensku sem annað tungumál, Birgitta Björnsdóttir og Sóley Veturliðadóttir sinntu félagsfærnivinnu með einstaka nemendum ásamt Laufeyju Eyþórsdóttur.

Kennarar árgangsins

Atli Freyr Rúnarsson – íþróttir og sund

Axel Sveinsson-íþróttir

Bergljót Halldórsdóttir – enska

Bjarnveig S. Jakobsdóttir –hönnun og smíði

Fríða Rúnarsdóttir – textílmennt

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir-myndmennt

Guðlaugur Valdimarsson – samfélagsfræði í 5.EJ

Erna Sigrún Jónsdóttir – umsjón í 5.EJ, upplýsinga- og tæknimennt, íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, heimilisfræði í öllum árganginum, lífsleikni.

Arna Ýr Kristinsdóttir – umsjón í 5.AK, upplýsinga- og tæknimennt, íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni.

Eftirtalin fög voru kennd

Íslenska 7 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 4, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 2, upplýsingatækni 1, íþróttir 2 og sund 1. Textílmennt, heimilisfræði, myndmennt og tæknimennt voru kenndar í lotum í hringekju, 4 tímar á viku í u.þ.b. 10 vikur hvert fag. Hræringur var kenndur í þrjár kennslustundir, tvær samliggjandi eftir hádegi á þriðjudögum og ein fyrir hádegismat á föstudögum. Þar eru kennd mismunandi fög sem nemendur hafa valið sér og er hvert fag kennt í átta vikur og þá eru skipti. Að valinu koma ýmsir kennarar.

Kennsluhættir

Umsjónarstofur árgangsins voru stofur 102 og 103. Auk þess var sérkennsla kennd í stofu 106 og námsveri. Bekkirnir fengu spjaldtölvur í janúar og hafa nemendur verið að vinna í þeim í vetur. Spjaldtölvurnar voru alltaf geymdar í þar til gerðum skáp í skólaflokkum og sáu nemendur um að hlaða þær og sækja uppfærslur. Reglur um notkun snjalltækjanna voru búnar til og nemendur fóru eftir þeim. Kennarar stjórnuðu notkun tækjanna að öllu leyti og finnst vel hafa tekist til með notkun þeirra.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 1A og 1B nemendabók og æfingahefti, ýmis ljósrit og kennslumyndir á Skólavefnum.

Námstilhögun: Kennt var í umsjónarbekkjum og stærðfræðihóp með sérkennara, 5 kennslustundir sem skiptust á milli bekkjanna.

Námsmat: Lotukannanir eftir hvern kafla. Einnig var ástundun og vinnusemi metin.

Íslenska

Námsgögn: Orðspor 1 – lesbók og vinnubók, Málrækt 1, Ljóðspor, Fyrsti Smellur, Mál til komið, Málrækt, Skrift 1-6, auk ýmissa ljósritaðra verkefna og gagnvirkra.

Námstilhögun: Kennt var í bekkjardeildum í umsjónarstofum. Áhersla var lögð á lestur og lesskilning, m.a. með reglulegum lesskilningsverkefnum og yndislestri. Fjallganga var lærð utanbókar.

Námsmat: Þrjú lesfímipróf voru lögð fyrir yfir veturinn, lesskilningspróf voru tvö yfir veturinn, stafsetningapróf, ritunar- og skriftarpróf og málfræðipróf að vori.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Ísland – hér búum við (landafræði) og Víkingaöldin (saga), Trúarbrögðin okkar (trúarbragðafræði).

Námstilhögun: Landafræðihlutinn var tekinn á haustönn og saga- og trúarbrögð á vorönn. Nemendur unnu í vinnubókum og ýmis verkefni út frá efninu.

Námsmat: Vinna og vinnubækur nemenda voru metnar til einkunnar ásamt verkefnum af ýmsu tagi, bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni.

Náttúrufræði

Námsgögn: Geitungurinn, Lífríkið í sjó, Auðvitað-á ferð og flugi og ítarefni.

Námstilhögun: Geitungurinn var tekinn fyrir að hausti og Lífríkið í sjó í kjölfarið. Auðvitað-Á ferð og flugi eftir jól.

Námsmat: Námsmatsverkefni úr Geitunginum var bók sem nemendur bjuggu til. Fjöruverkefni var metið úr Lífríkinu í sjó. Námsmatsverkefni þar sem nemendur unnu saman var metið að vori úr Auðvitað, auk þess voru verkefni, vinnusemi og ástundun metin í öllum námsþáttum.

Enska

2 kennslustundir á viku

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir

Námsefni: Portfolio námsefnið Work Out og Speak Out. Unnin voru hópverkefni í tengslum við námsefnið svo sem Fashion Show og Birthday Train. Við horfðum á Arthur Christmas. Kennslustundir í 5. bekk voru mjög skertar, annars vegar vegna Covid 19 takmarkana og hins vegar vegna þess að nemendur í báðum bekkjardeildum fengu einungis 1 og hálfa kennslustund á viku í ensku í stað tveggja. Vegna þess að nestistími var í öðrum enskutímanum.

Námsmat: Símat.

Upplýsingatækni

Námsgögn: Word verkefni fyrir krakka.

Námstilhögun: Kennt var í tölvuveri skólans.

Nemendur fengu þjálfun í fingrasetningu, á ritvinnsluforrit og vélabúnað tölvunnar auk ýmissa forrita. Reynt var eftir mætti að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum.

Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Námsgögn: Ertu? Vinnubók í lífsleikni ásamt ítarefni.

Námstilhögun: Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Í framhaldi af því var gerður bekkjarsáttmáli. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni. Vinaliðaverkefnið gekk með ágætum. Á vordögum var gert verkefni um Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

Aðrir atburðir

ágúst	Fjallganga – Gengið upp með Buná. Grænmetisuppskera sumarsins tekin upp við skólann.
september	Heimsókn frá Árnastofnun- Handritin til barnanna. List fyrir alla, danssýning í Torfnesi. Fræðsla og ljósmyndasýning frá Landvernd í Edinborgarshúsinu. Veltibíll Samgöngustofu. Ólympíuhlaup ÍSÍ.
nóvember	Félagsfærninámskeið með Elísabetu Lorange
desember	Heimsókn í Safnahúsið, sýning um jólasíði heimsins.
janúar	Sólarkaffi
febrúar	Maskaball í skólanum Þemadagar-lönd heimsins.
mars	Árshátíð-barnaefni.
apríl	Forvarnarfræðsla í boði Vá Vest.
maí	Heimsókn í Náttúrugripasafnið í Bolungarvík og sundlaug Bolungarvíkur. Hjólaferð út í Hnífsdal.

júní Heimsókn á Hornstrandastofu.
Gróðursetning við skólann.
Íþróttadagur við Torfnæs.

Arna Ýr Kristinsdóttir og Erna Sigrú Jónsdóttir



6.bekkur

Nemendur árgangsins voru 31 í upphafi skólaársins, 16 í 6.GS og 15 í 6. JÁE. Umsjónarkennarar voru Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir. Sérkennari árgangsins var Iwona Samson. Berglind Inga Hákonardóttir og Violetta Maria Duda voru stuðningsfulltrúar í 6. JÁE.

Kennarar árgangsins

Guðlaug Jónsdóttir – heimilisfræði

Fríða Rúnarsdóttir – textílmennt

Bergljót Halldórsdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir – enska

Atli Freyr Rúnarsson, Axel Sveinsson og Jón Hálfán Pétursson – íþróttir og sund

Kristín Ólafsdóttir – danska

Bjarnveig Jakobsdóttir og Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir – tæknimennt

Elín Sveinsdóttir – leiklist

Iwona Samson – sérkennsla

Laufey Eypórsdóttir – félagsfærni

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir – myndmennt

Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir – íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni og upplýsingatækni.

Ýmsir kennarar sem koma að vali.

Eftirtalin fög voru kennd

Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 2, lífsleikni 2, íþróttir 2, sund 1, danska 1 og upplýsingatækni 1. Textílmennt, tæknimennt og heimilisfræði voru kenndar í lotum í hringekju, 3 tíma á viku hver lota. Leiklist og myndmennt kenndar aðra hvora viku. Auk þess var boðið upp á val/hræring í 3 stundir á viku.

Kennsluhættir

Umsjónarstofa 6. GS var stofa nr. 213 og 6. JÁE var í stofu 216. Voru kennsluhættir eins fjölbreyttir og hægt er að hafa þá.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 2a og 2b nemendabók og æfingahefti, æfingar á Skólavefnum ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum. Nemendur voru markvisst hvattir til sjálfstæðra vinnubragða, sýna þrautseigju og að halda áfram á sínum hraða.

Námstilhögun: Unnið var í bekkjardeildum og hluta vetrar í þremur hópum.
Námsmat: Kannanir eftir hvern kafla.

Íslenska

Námsgögn: Málrækt 2, Orðspor, Söguskinna, Annar Smellur, skrifarbækur miðaðar við hæfni hvers nemanda, ýmsar æfingar á Skólavefnum (gagnvirkir efni) eins og Litabækurnar sem voru notaðar til þess að þjálfa lesskilning. Ljóð til utanbókarnáms – Á íslensku má alltaf finna svar, Ég bið að heilsa og Ísland ögrum skorið.

Námstilhögun: Við lögðum áherslu heimalestur að lágmarki 15 mínútur á dag.
Námsmat: Símat. Vinnubækur metnar og frammistaða í tímum. Próf í fallbeygingu voru lögð fyrir með reglulegu millibili. Þrjú lesfímipróf voru lögð fyrir yfir veturinn hjá öllum í samræmi við lesfimiáætlun Menntamálastofnunar. Lesskilningsprófið Orðarún var lagt fyrir að hausti og í maí.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Norðurlönd (lesbók og vinnubók), Miðaldafólk á ferð

Námstilhögun: Áætlunin var að taka landafræðihlutann á haustönn og söguhlutann á vorönn. Áhersla var lögð á vönduð og sjálfstæð vinnubrögð. Verkefni af ýmsu tagi voru unnin, bæði einstaklingsverkefni og hópaverkefni, ferðaskrifstofuverkefni.

Námsmat: Vinnubók, verkefnavinna og þátttaka nemenda og símat.

Náttúrufræði

Námsgögn: Auðvitað, jörð í alheimi og Líf á landi. Unnið með efni frá Sameinuðu þjóðunum um umhverfisvernd.

Námstilhögun: Aðaláhersla var verkefnavinna úr efni bókana. Hópverkefni var unnið um pláneturnar þar sem nemendur unnu með hlutföll, afraksturinn var hengdur upp á vegg.

Námsmat: Vinnubók, verkefnavinna og frammistaða í tímum.

Enska

2 kennslustundir á viku

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir

Námsefni: The Basic Oxford Picture Dictionary lesbók og vinnubók, einnig hópavinna sem tengdist efni bókarinnar. Ekki var kennd enska í 6. bekk frá 2. nóvember og til jóla, vegna Covid 19 takmarkana. Kennsla hófst aftur í janúar og var þá byrjað að vinna í bókinni

Ready for Action. Unnin voru verkefni í tengslum við námsefnið og ípad notaður í tengslum við verkefnin. Vegna Covid takmarkana voru eingöngu teknir valdir kaflar úr bókinni. Horft var á myndina Oliver Twist í tengslum við efni bókarinnar Ready for Action.

Námsmat: Símat.

Danska

Dönskukennari í 6. bekk var Kristín Ólafsdóttir.

Í vetur fengu nemendur 6. bekks að kynna dönskunáminu eina kennslustund á viku.

Vegna Covid var skert skólastarfsemi frá 2. nóvember fram til jóla og féllu þá allir dönskutímar í 6. bekk niður á því tímabili.

Viðfangsefni: Farið var í léttar æfingar, leiki og söng. Eftir áramótin var byrjað að vinna í kennslubókunum Start lesbók og vinnubók, sem mun verða haldið áfram með í.

Kristín Ólafsdóttir

Upplýsingatækni

Námstilhögun: Kennt var í skólastofum þar sem nemendur notuðu iPad og í tölvuveri skólans (tölvur).

Áhersla lögð á að kenna nemendum á iPad og nýta hann til verkefnavinnu í gegnum algeng forrit, einkum Keynote og Classroom. Reynt var að samþætta upplýsingatæknina við aðrar námsgreinar, þannig að tölvuvinnslan nýttist sem best til verkefnagerða í öðrum námsgreinum. Námsmat: Upplýsingatækni - tölvufærni og ástundun nemenda metin.

Lífsleikni

Uppbyggingarstefnan var rauður þráður í gegnum lífsleiknina í vetur og skólastarfið í heild. Farið var yfir hlutverk nemenda og kennara, þarfirnar og skýru mörkin. Áhersla var lögð á þarfir og sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika. Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni. Bekkjafundir voru reglulega þar sem hópurinn þjappaði sér saman og ræddi saman um líðan sína í skólanum, hvað gengi vel og hvað hægt væri að bæta.

Viðburðir og vettvangsferðir

Ágúst 2020

Fjallganga á Sandfell

September 2020

Ólympíuhlaup ÍSÍ

List fyrir alla – Dans í íþróttahúsinu á Torfnesi

Landvernd – sýning í Edinborg

Heimsókn frá Árnastofnun

Veltibíllinn

Október 2020

Vinaliðar valdir og fóru á námskeið
Covid

Nóvember 2020

Covid

Desember 2020

Upplestur úr bókinni Háspenna, lífshætta á Spáni
Litlu jólin

Febrúar 2021

Þemadagar

Maskadagur – maskaball

Mars 2021

Árshátíð – barnaefni

Barnamenningsráttíð Reykjavíkur – streymi

Apríl 2021

VáVest fyrirlestur – Magnús Stefánsson

Maí 2021

Umboðsmaður barna

Kómedíuleikhúsið – Súkkulaðióperan

Byggðasafn Vestfjarða – verkefni

Júní 2021

Gróðursetning í Tungudal

Leikjadagur á Torfnesi

Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Jóhanna Ása Einarsdóttir



7.bekkur

Nemendur árgangsins voru 43 fyrir áramót en 42 eftir áramót, 21 drengir og 21 stúlkur. Umsjónarkennarar voru Auður Yngvadóttir, Smári Rafn Teitsson og Berglind Árnadóttir sem tók við af Smára þegar hann fór í veikindafri eftir páska.

Stuðningsfulltrúar: Magni Jóhannes Þrastarson fyrir áramót og Alma Björk Sigurðardóttir eftir áramót í 7.AY.

Kennarar árgangsins

Auður Yngvadóttir – íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, upplýsingatækni, enska og lífsleikni.

Smári Rafn Teitsson - íslenska, stærðfræði, upplýsingatækni, lífsleikni og enska.

Fríða Rúnarsdóttir – textílmennt

Guðlaugur Viðar Valdimarsson- samfélagsfræði og náttúrufræði í 7ST.

Elín Sveinsdóttir- leiklist

Bjarnveig S. Jakobsdóttir, Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir– smíðar og hönnun

Kristín Ólafsdóttir – danska

Atli Freyr Rúnarsson og Árni Ívarsson – íþróttir og sund

Magnúsína Laufey Harðardóttir – íslenska sem annað mál

Berglind Árnadóttir – sérkennsla

Birgitta Rós Björnsdóttir– þroskajálfi

Eftirtalin fög voru kennd: Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6 stundir á viku, samfélags-fræði 3 stundir á viku, náttúrufræði 3 stundir á viku, enska 2 stundir á viku, lífsleikni 1 stund á viku, íþróttir 2 stundir á viku, sund 1 stund á viku, upplýsingatækni 1 stund á viku og danska 2 stundir á viku. Textílmennt, leiklist, heimilisfræði og smíðar og hönnun voru kenndar í lotum í hringekju, 3 tíma á viku, 7 vikur hvert fag. Valtímar – Hræringur var í 3 stundir á viku og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Kennsluhættir

Árganginum var skipt í tvær bekkjadeildir sem var kennt í tveimur bekkjarstofum. Notast var við fjölbreytta kennsluhætti þar sem hópvinna og snjalltæki voru mikið nýtt. Áhrif Kórónuveirunnar setti mark sitt á báðar annir skólaársins og var ekki fyrr en líða tók að vori að skólastarf komst í nokkuð eðlilegt horf.

Stærðfræði

Námsgögn: Stika 3A og 3B nemendabók, æfingahefti 3A og 3B, ásamt ýmsu ítarefni frá kennurum. Ýmis stærðfræðiöpp voru einnig notuð við kennsluna.

Námstilhögun: Nemendur fengu vikuáætlun í upphafi hvers kafla/lotu. Áætlunin var miðuð við getu hvers og eins hver vann miðað við sinn námshraða.

Námsmat: Lotupróf að loknum hverjum kafla.

Íslenska

Námsgögn: Málrækt 3, Ljóðspor, Orðspor 3 lesbók og vinnubók, Bókrýnisverkefnabók, Töfraskinna, Litabækur-lesskilningsverkefni. Ýmsar lestrarbækur og ítarefni. Einnig var unnið með ritun. Ljóðið Lofsöngur, var lært utanbókar.

Námstilhögun: Nemendur unnu ýmist í hópum eða í einstaklingsverkefnum. Nemendur tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni og áttum við þar sigurvegarann.

Námsmat: Prófað var í íslensku jafnt og þétt yfir veturinn. Vinnubækur metnar og frammistaða í tímum. Þrjú lesfimiþróf voru lögð fyrir yfir veturinn hjá öllum í samræmi við lesfimiáætlun Menntamálastofnunar. Lesskilningsþrófið Orðarún var lagt fyrir að hausti og í maí. Heimalestur gildi til lokaeinkunnar í íslensku.

Samfélagsfræði

Á haustönn var landafræði og valdir kaflar úr bókinni Evrópa lesnir og verkefni unnin í vinnubók. Til viðbótar voru ýmis verkefni unnin þegar það átti við, t.d. upplýsingaleit á neti, gerð glærusýninga. Tímaverkefni unnið úr völdu efni.

Á vorönn var saga og valdir kaflar úr bókinni Frá Róm til Þingvalla lesin og verkefni unnin í vinnubók. Til viðbótar voru ýmis verkefni unnin. Vegna skerts skólastarfs var engan veginn mögulegt að fylgja þeirri áætlun sem lagt var upp með. Nemendur bjuggu til hlaðvörp tengd efninu.

Náttúrufræði

Á haustönn var bókinn Maðurinn – hugur og heilsa lesin og unnu nemendur verkefni í vinnubók. Til viðbótar var Ipatinn nýttur til ýmissa verkefna sem unnin voru þar sem reyndi á upplýsingaleit á netinu, skilning og framsetningu. Á vorönn var hluti bókarinnar Auðvitað-heimilið lesinn (að kaflanum Varmi). Verkefnin við hvern kafla voru unnin ásamt nokkrum viðbótarverkefnum. Próf var tekið í maí.

Danska

Tvær kennslustundir á viku. Vegna Covid var skert skólastarfsemi frá 2. nóvember fram til jóla og féll þá annar dönskutímanna í 7. bekk niður á því tímabili.

Námsgögn: Start les-og vinnubók.

Samantekt:

Unnið í kennslubókinni Start lesbók og vinnubók auk ýmissa verkefna frá kennurum. Nemendur horfðu á danskt myndefni.

Útiverkefni: Myndvinnsla ýmis verkefni t.d. orðaforða og forsetningavinna.

Símat:Tímaverkefni, hópverkefni, kannanir, verkefnabækur og myndbönd með framsögn.

Enska

2 kennslustundir á viku

Kennarar: Auður Yngvadóttir og Smári Teitsson

Námsefni: Ready for Action Unnin voru verkefni í tengslum við námsefnið tengslum við verkefnin Einnig var farið í Action lesbók og Action B vinnubók. Nemendur unnu mikið með podcast í verkefnavinnu varðandi þemu bókarinnar.

Námsmat: Símat.

Danska

Dönskukennari í 7. bekk Kristín Ólafsdóttir

Tvær kennslustundir á viku. Vegna Covid var skert skólastarfsemi frá 2. nóvember fram til jóla og féll þá annar dönskutímanna í 7. bekk niður á því tímabili.

Námsgögn: Start les-og vinnubók.

Samantekt:

Unnið í kennslubókinni Start lesbók og vinnubók auk ýmissa verkefna frá kennurum. Nemendur horfðu á danskt myndefni.

Útiverkefni: Myndvinnsla ýmis verkefni t.d. orðaforða og forsetningavinna.

Símat: tímaverkefni, hópverkefni, kannanir, verkefnabækur og myndbönd með framsögn.

Kristín Ólafsdóttir

Upplýsingatækni

Kennt var til helminga í bekkjarstofu á spjalddölvur og í tölvuveri skólans á Word. Farið var skipulega í fingrasetningu og ritvinnslu í Word og verkefni þeim tengd unnin í kennslustundum. I-padar voru mikið notaðir í öllum greinum. Sérstaklega fannst nemendum gaman að vinna að hinum ýmsum hlaðvörpum sem þau annað hvort fengu að velja efni í sjálf eða sem tengdust námsefni sem þau voru að vinna að í öðrum námsgreinum.

Námsmat: Símat, þar sem vinnusemi, ástundun og verkefni voru metin.

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti fólks sérstöðu hvers og eins einstaklings, styrkleika og veikleika, sjálfsmýnd nemenda og lífsgildi. Mikil áhersla lögð á samskipti, bæði barnanna á milli og annarra. Haldnir voru bekkjafundir.

Samskipti skipuðu stóran sess þar sem unnið var markvisst að því að byggja upp sjálfstraust og efla nemendur í félagsfærni og samskiptahæfni.

Viðburðir og vettvangsferðir auk hefðbundinna viðburða skólans

24. ágúst	Skólasetning
24.-26.ágúst	Skólabúðirnar að Reykjum
24.-25.sept.	Samræmd próf í íslensku og stærðfræði
7.okt.	Foreldraviðtöl
1.des.	Opið hús
18.des.	Litlu jólin
2. feb.	Foreldraviðtöl
10.-11.feb.	Þemadagar
20.2	Bekkjakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
26.2	Skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar
23/3	Eini árshátíðardagurinn og svo var öllu skellt í lás vegna Kórónuveiru
6/6	Heimsókn í Orkubú
24/3	Skóla lokað vegna Kórónuveirufaraldurs fram yfir páska
18/5	Gönguferð eftir varnargörðum inn í Skóg
26/5	Leikskólahittingur með Tanga -verðandi 1.bekkur og vinabekkur
2/6	Heimsókn í Gróanda
4/6	Íþróttadagur á Torfnesi

Auður Yngvadóttir



3. Skýrslur unglíngastígs

Skýrsla deildarstjóra unglíngastígs

Í unglíngadeild í vetur voru rétt rúmlega 100 nemendur. Einhverjar breytingar urðu í öllum árgöngum, nemendur fluttu í burt og aðrir fluttu í bæinn. Í öllum árgöngum er einn bekkur en tveir kennarar með hvern bekk. Í upphafi vetrar ætluðu 8. og 9. bekkur oftast að vera í einum hóp en 10. bekkur var alltaf í tveimur hópum en misjöfnum hópum eftir fögum. Það breyttist þegar Covid-fjöldatakmörkanir urðu strangari og voru þá 8. og 9. bekkur einnig í tveimur hópum og 10. bekkur þurfti að vera alltaf með sömu hópana.

Nemendur á unglíngastígi taka ákveðinn fjölda valtíma á viku. Í 8. bekk eru það 5 tímar á viku en 7 tímar í 9. og 10. bekk. Valgreinar sem allir árgangar gátu sótt í vetur voru: aðstoð í Dægradvöl, dans, drekar og dýflissur, boltaval, fab-lab, fata/bútasamur, næringarfræði, líkamsrækt og þjálfun, mál- og silfursmíði, þrjón/hönnun, skák, slökun og hugleiðsla, skólahreysti, myndmennt, trésmíði, tæknilegó og tækniráð. 9. og 10. bekkur gátu þar að auki valið, hárgreiðslu, heimilisfræði, ítölsku, námsaðstoð og þýsku til viðbótar. Nemendur í 10. bekk gátu einnig valið fornám ökunáms. Nemendur gátu einnig fengið metið sem val nám í tónlistarskóla og skipulagðar æfingar með íþróttafélögum.

Nemendaráð fundar í upphafi hvers mánaðar og skipuleggur hvað á að vera í boði í félagsmiðstöðinni. Allir sem vilja hafa áhrif geta mætt á fundina og lagt orð í belg. Eva María Einarsdóttir forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Djúpsins aðstoðar nemendur við að skipuleggja starfið.

Vegna fjöldatakmörkana þurfti að aflýsa Íþróttahátíðinni í Bolungarvík sem hefur verið fastur liður í starfi skólanna í mörg ár. Á Íþróttahátíðinni keppa unglíngastígsnemendur af öllum Vestfjörðum í fjölbreyttum íþróttagreinum og fagna svo samverunni með dansleik um kvöldið. Það voru aðeins þrjú böll haldin yfir veturinn á vegum fjáröflunarnefndar 10. bekkjar það voru Halloween ball, Rósaball og Lokaball.

Skólanum var slitið í Ísafjarðarkirkju þann 8. júní. Að þessu sinni þurftu foreldrar 10. bekkinga að skrá hvað margir mættu í kirkjuna og mátti hver nemandi vera með fjóra gesti. 8. og 9. bekk var síðan boðið að sitja á efri svölum og fengu ekki að taka með sér foreldra.

Á skólaslitum flytur skólastjóri ávarp og einnig fulltrúar útskriftarnema. Veittar eru viðurkenningar fyrir námsárangur og að lokum eru nemendur 10. bekkjar útskrifaðir.

Þar sem starfsfólk skólans gat ekki nýtt þorrablótið til að syngja til nemenda í 10. bekk var söngurinn til þeirra fluttur í lok ávarps skólastjóra.

Birta Kristín Ingadóttir og Kristinn Hallur Jónasson nemendur í 9. bekk voru kynnar á athöfninni.

Viðurkenningu Rotary klúbbsins á Ísafirði fyrir ástundun og framfarir fengu Kristinn Már Guðnason í 8. bekk, Sara Katrín Heiðarsdóttir í 9. bekk og Embla Kleópatra Atladóttir í 10. bekk.

Kvenfélagið Hlíf gaf viðurkenningar fyrir verk og listgreinar. Danska Menntamálaráðuneytið gaf viðurkenningu fyrir dönsku og Crossfit-Ísafjörður gaf viðurkenningar fyrir góða ástundun og námsárangur í íþróttum. Aðrar viðurkenningar eru frá Grunnskólanum á Ísafirði.

Eftirtaldir hlutu viðurkenningar: Solveig Amalía Atladóttir fyrir dönsku og íslensku. Embla Kleópatra Atladóttir fyrir textílmennt. Brynjar Ari Sveinsson fyrir myndmennt. Anna Marý Jónasdóttir fyrir heimilisfræði. Ástmar Helgi Kristinsson fyrir smíði og hönnun og íþróttir. Sigrún Betanía Kristjánsdóttir fyrir íþróttir. Kristey Sara Sindradóttir fyrir ljósmyndun. Lilja Björg Kristjánsdóttir fyrir samfélagsfræði. Katrín Bára Albertsdóttir fyrir ensku og stærðfræði. Lilja Jóna Júlíusdóttir fyrir náttúrufræði.

Ísfirðingarfélagið í Reykjavík gaf gjöf til minningar um Hannibal Valdimarsson. Þessi viðurkenning er veitt nemanda í 10. bekk fyrir lofsverða ástundun, framfarir í námi og virka þátttöku í félagsstarfi vegna lítils félagsstarfs í vetur var ákveðið að gefa öllum útskriftarnemum gjafabréf í bío með poppi og gosdrykk inniföldum.

Sara Lind Jóhannesdóttir spilaði á þverflautu lagið Fields of gold eftir Sting með aðstoð kennara síns Madis Mäkelles.

Guðbjörg Halla Magnadóttir

8. bekkur

Nemendur árgangsins voru 30 talsins.

Umsjónarkennarar voru Pálína Jóhannesdóttir og Guðbjörg Halla Magnadóttir, stuðningsfulltrúi: Kristbjörg Tinna Sigurðardóttir

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum

Danska – Kristín Ólafsdóttir og Pálína Jóhannesdóttir

Enska – Salome Elín Ingólfssdóttir og Bergljót Halldórsdóttir

Heimilisfræði – Guðlaug Jónsdóttir

Íslenska – Guðlaugur Valdimarsson og Bergljót Halldórsdóttir, Berglind Árnadóttir (sérkennari)

Íslenska sem annað mál – Magnúsína Laufey Harðardóttir

Íþróttir – Árni Heiðar Ívarsson og Axel Sveinsson

Lífsleikni – Pálína Jóhannesdóttir og Halla Magnadóttir

Náttúrufræði – Pálína Jóhannesdóttir og Halla Magnadóttir

Samfélagsfræði – Pálína Jóhannesdóttir og Bergljót Halldórsdóttir

Stærðfræði – Halla Magnadóttir, Bryndís Bjarnason og Pálína Jóhannesdóttir

Sund – Jón Hálfðán Pétursson

Textílmennt – Fríða Rúnarsdóttir

Tæknimennt – Bjarnveig Jakobsdóttir (eftir áramót) og Harpa Sjöfn Friðfinnsdóttir (fyrir áramót)

Upplýsingatækni – Pálína Jóhannesdóttir

Eftirtalin fög voru kennd

Íslenska 5 stundir á viku, stærðfræði 5, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 4, lífsleikni 1, upplýsingatækni 1, íþróttir 2, sund 2, danska 3. Þetta ár voru nemendur í 8. bekk einnig í list- og verkgreinum sem kenndar voru í hringekjuformi, 4 kennslustundir á viku í fjórum níu vikna tímabilum. Greinarnar sem voru kenndar svona voru: Heimilisfræði, textílmennt, tæknimennt, myndmennt. Nemendur fóru einnig í hinar ýmsu valgreinar og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Kennsluhættir

Í upphafi skólaárs var árgangnum kennt í tveim kennslustofum með opið á milli stofa 206 og 207. Í íslensku voru ákveðnir námshópar og lokað milli stofa. Í nóvember vegna samkomutakmarkana útaf Covid var skipt nemendum í tvær stofur þannig að hver nemandi væri alltaf í sömu stofunni, þá var skertur skóladagur og nemendur máttu ekki fara út úr stofunni. Því var augin útivist eftir þörf og skóla lauk um kl 12. Eftir jólafrí héldum við þeirri skiptingu áfram út skólaárið. Við nýttum okkur námsumhverfi google classroom og þar skiluðu nemendur inn verkefnum rafrænt.

Stærðfræði

Námsgögn: Skali 1a og 1b, Almenn stærðfræði I.

Námstilhögun: Unnið eftir námsþáttum og efni nýtt úr ólíkum námsbókum auk skilaverkefna, jóla verkefnið- fjölskyldujól. Flutningar, munstur og form. Tölfræðiverkefni,

Námsmat: Kaflapróf og verkefni

Kennarar: Halla Magnadóttir, Bryndís Bjarnason og Pálína Jóhannsdóttir

Íslenska

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Guðlaugur Valdimarsson

Á haustönn var samlesin bókin **Baskerville hundurinn** eftir Arthur Conan Doyle, verkefni voru unnin samhliða lestri. Í lokin var horft á nútíma útfærslu á sögunni í kvikmyndaformi (BBC). Í desember var byrjað á lestri á **Laxdælu** og varaði lesturinn fram í mars. Verkefni af ýmsu tagi voru gerð, efnisspurningar, krossaspurningar og ritunarverkefni. Ennfremur var var unnið hópverkefni úr bókinni.

Lögð var áhersla á lestur á allrahandu textum – efni úr bókinni **Útbrot** var meðal annars notað ásamt völdum verkefnum úr **Kveikjum**. Nemendur völdu sér ennfremur bækur að eigin vali til lestrar.

Nokkur áhersla var lögð á ritun. Meðal annars skrifuðu nemendur um tvær kvikmyndir sem horft var á (**Ikingút** og **Billy Elliot**) og í maí spreyttu nemendur sig á því að skrifa handrit að stuttmynd sem síðan var tekin upp.

Tvö lesskilningspróf voru tekin (**Orðarún**) og mældur var leshraði nemenda í lesskimun.

Í málfræðinni voru fallorð tekin fyrir. Til viðbótar var lagt fyrir nemendur ýmis verkefni þar sem reyndi á skilning á einstökum orðum og orðasamböndum. Nemendur þjálfuðu sig leit að merkingu orða og beyging. Notast var við síðuna **Málið.is**.

Samfélagsfræði

Námsgögn: Um víða veröld – jörðin, Lýðræði og tækni, ýmis fræðslumyndbönd og ítarefni.

Námstilhögun: Bakpokaferðarlag um N-Ameríku með stuðning námsbókar. Hópavinna, einstaklingsvinna úr landafræði ásamt öðrum verkefnum. Lýðræði og tækni námsbók lesin og unnin verkefni.

Námsmat: hópverkefni, einstaklingsverkefni, próf, verkefnavinna.

Kennari: Bergljót Halldórsdóttir og Pálína Jóhannsdóttir

Náttúrufræði

Námsgögn: Lífheimurinn, Eðlisfræði 1

Lífheimurinn: Farið yfir hvern kafla á glærum og sjálfspróf unnin. Fjölbreytt námsmat eftir hvern kafla, kaflapróf, teiknimyndasögur, hópverkefni og lokaverkefni um spendýr. Heimsókn á Hafrannsóknarstofnun, Sjávarfang, Náttúrustofu og Náttúrugripasafn.

Eðlisfræði: Farið yfir fyrsta kaflann með glærum og sjálfspróf unnin. Gerðum tilraunir með ljósaperur, rafhlöður og víra. Kaflapróf

Kennarar: Pálína Jóhannsdóttir og Halla Magnadóttir

Enska

4 kennslustundir á viku

Kennari: Bergljót Halldórsdóttir og Salóme Elín Ingólfssdóttir

Námsefni: Aðaláhersla var lögð á að vinna í Spotlight 8 lesbók og vinnubók. Einnig voru nokkrir nemendur með léttara námsefni, Let's Go og Portfolio Topic Books. Ýmis verkefni voru unnin í tengslum við þemu bókarinnar, ýmist hópverkefni eða einstaklingsverkefni. Að

lokum unnu nemendur tvö valverkefni annað um viðfangsefni sem þau höfðu áhuga að að kynna sér og hitt um efni er varðar Bandaríki Norður-Ameríku eða Stóra Bretland um náttúrufræðilegt eða sögulegt efni.

Ipadinn var notaður í ritun og glærugerð. Einnig sem uppflattirit, bæði sem orðabók og heimildaöflun.

Námsmat: Símat.

Danska

Dönskukennarar í 8. bekk voru Kristín Ólafsdóttir og Pálína Jóhannsdóttir

Þrjár kennslustundir á viku.

Námsgögn: Smart lesbók og vinnubók, Hringekja. Árstíðatengd þemaverkefni.

Nemendur horfðu á myndina Af banen, Zoomerne auk þáttanna Skyldig 2 á dr.dk

Nemendur unnu með Smart les og vinnubók.

Hringekja að vori, stöðvavinna fjölbreytt verkefni unnin á 9 stöðvum, vinna á hverri stöð tekur ca. eina kennslustund.

Símat: tímaverkefni, hópverkefni, kannanir, verkefnabækur og myndbönd með framsögn.

Kristín Ólafsdóttir og Pálína Jóhannsdóttir

Upplýsingatækni

Kynjaskipt á móti sundkennslu, 1x40 mínútur á viku

Námsefni: Farið yfir hvernig Mentor virkar og app sett upp í sínum og ipöðum nemenda. Farið yfir hvernig google classroom umhverfið virkar og google drive. Nemendur unnu ýmis ritunarverkefni. Í covid - takmörkunum var ekki hægt að fara í tölvustofu og þá var unnið í ipöðum við ýmis verkefni. Verkefni í Excel úr tölfræðikafla Skali 1B og ýmis verkefni frá kennara. Áhersla var lögð á að nemendur gætu unnið á Excel og notað forritið til að leysa einföld tölfræðiverkefni. Einnig farið í virðingu og öryggi í samskiptum á netinu.

Kennari: Pálína Jóhannsdóttir

Lífsleikni

Áhersla var lögð á almenn samskipti, styrkleika og veikleika, sjálfsmynd nemenda, jákvæðni, umburðarlyndi og virðingu. Haldnir voru bekkjarfundir.

Kennari. Pálína Jóhannsdóttir, Halla Magnadóttir

Sund

Nemendum var skipt í tvo hópa í sundi. Farið var yfir alla þætti aðalnámskrár og námsefni 8. og 9.bekkjar en kynjaskipt var í hópa og sund var 2x í viku.

Kennari: Jón Hálfðán Pétursson

Íþróttir

Útiíþróttir út septembermánuð og í maímánuði.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Kennarar: Árni Heiðar Ívarsson og Axel Sveinsson

Viðburðir og vettvangsferðir auk hefðbundinna viðburða skólans

Viðburðir og vettvangsferðir

24. ágúst Skólasetning

september Fjallganga

september Norræna skólahlaupið

7. október	Foreldraviðtöl
Féll niður	Íþróttahátíð í Bolungarvík
16.-19. október	Vetrarfrí
2.nóvember	starfsdagur vegna Covid samkomutakmarkana
3. nóv - 18. Des	Skertur skóladagur vegna Covid takmarkana
17. desember	Skreytingadagur
18. desember	Litlu jólin
2. febrúar	Foreldraviðtöl
10 - 11. febrúar	Þemadagar - landafræði
12.febrúar	Heimsókn í Sjávarfang og Hafrannsóknarstofnun.
19. febrúar	Vetrarfrí
4.mars	Heimsókn á Náttúrugripasafn og Náttúrustofu í Bolungarvík
mars	Nokkrir nemendur tóku þátt í Pangea stærðfræðikeppninni
24.mars	Árshátíð (flestir nemendur úr 8.bekk í Vatnaskógi)
25. - 26.mars	Hertar samkomutakmarkanir skóli lokaður
27.mars - 5.apríl	Páskafri
1. júní	Frágangsdagur og útivist.
2. júní	Skólaferð á Hrafnseyri
3. júní	Útigleði
4. júní	Íþróttadagur
8. júní	Skólaslit

Pálína Jóhannsdóttir og Halla Magnadóttir



9.bekkur

Nemendur árgangsins voru 39 talsins, 22 strákar og 17 stelpur.

Umsjónarkennarar voru Guðný Harpa Hilty Henrýsdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum

Danska – Kristín Ólafsdóttir og Pálína Jóhannsdóttir

Enska – Bergljót Halldórsdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir

Íslenska – Guðný Harpa Hilty Henrýsdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir

Íslenska sem annað mál – Magnúsína Laufey Harðardóttir

Íþróttir – Árni Heiðar Ívarsson og Axel Sveinsson

Lífsleikni – Guðný Harpa Hilty Henrýsdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir

Náttúrufræði – Guðný Harpa Hilty Henrýsdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir

Samfélagsfræði – Guðný Harpa Hilty Henrýsdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir
Stærðfræði – Bryndís Bjarnason, Guðný Harpa Hilty Henrýsdóttir og Jón Hálfán Pétursson
Sund – Árni Heiðar Ívarsson

Eftirtalin fög voru kennd

ÞOTA (samþætting íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði og upplýsingatækni) 12, stærðfræði 6, enska 4, lífsleikni 1, íþróttir 2, sund 1 og danska 4 stundir. Nemendur fóru einnig í hinar ýmsu valgreinar og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu. Einnig var hægt að fá tónlistarnám og íþróttaiðkun metna í valinu.

Enska

4 kennslustundir á viku

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Salóme Elín Ingólfssdóttir

Námsefni: Spotlight 9 var kennslubók vetrarins. Auk þess voru nokkrir nemendur með léttara námsefni s.s. Portfolio Topic Books og Let's go bækur.

Við horfðum á Juno, Christmas Vacation og Romeo og Juliet eftir að við höfðum lesið stytta útgáfu af leikritinu.

Ipadinn var notaður í ritun, sem uppflöttir og önnur verkefni t.d. hópverkefni.

Samræmt próf í ensku átti að vera 10. mars rafrænt, en einungis hluti nemenda tók skriflegt próf 21. apríl vegna þess að almenna prófinu var aflýst vegna tækniörðugleika.

Í maí var verkefnið Gönguleið um Ísafjörð unnið. Það er hópaverkefni, samvinnuverkefni unnið bæði á ensku og dönsku. Nemendur bjuggu til ímyndaða ferðaskrifstofu og gerðu ferðabækling með ýmsum stöðum á Eyrinni á Ísafirði.

Netorðabókin Snara var mikið notuð. Nemendur völdu sér frjálslestrarbækur til að lesa þegar tími gafst til og fjögur sagnapróf voru tekin á vorönn.

Námsmat: Símat.

Danska

Dönskukennarar í 9. bekk voru Kristín Ólafsdóttir og Pálína Jóhannsdóttir

Fjórar kennslustundir á viku.

Námsgögn: Dejlige Danmark les- og vinnubók. Tak lesbók og vinnub. A og B

Áhorf: Horft á þættina Skyldig sería 2 af dr.dk. Kvikmyndir, Drømmen, Kærlighed ved første hik og Midsommer.

Þemaverkefni : Danmerkur þema. Gönguferð um Ísafjörð, samvinnuverkefni dönsku og ensku, Fastelavn, Jólþema, Verkefni tengt sjálfböðavinnu.

Hringekjuverkefni þar sem unnin voru fjölbreytt verkefni á 9 stöðvum, áætlaður tími í hvert verkefni var ein kennslustund.

Símat: tímaverkefni, hópverkefni, kannanir, verkefnabækur og myndbönd með framsögn.

Kristín Ólafsdóttir og Pálína Jóhannsdóttir

Kennsluhættir

Kennsla fór fram í tveimur stofum, 202 og 203. Í fyrstu var allur nemendahópurinn saman í báðum stofum þar sem opið var á milli og tveir til þrír kennarar með hópinn hverju sinni. Eftir áramót var svo ákveðið að skipta hópnum í tvennt í stærðfræði, dönsku og ensku þar sem lokað var á milli stofanna. Í ÞOTU tímum var að öllu jöfnu opið á milli stofanna en það kom þó til að lokað var á milli þegar unnið var að tveimur mismunandi verkefnum eða viðfangsefnum samtímis.

Nemendur höfðu afnot af spjaldtölvum sem voru notaðar í verkefnavinnu og til upplýsingaöflunar í vetur líkt og fyrri ár. Notast var við Google Classroom til að koma

verkefnalýsingum til nemenda. Rafræn skil voru á mörgum verkefnum í gegnum Classroom þar sem nemendur skiluðu inn á ýmsan hátt, t.d Google Sheets, Google Docs, Google Slides og fleira.

Covid-19 setti strik í reikninginn þetta skólaárið. Á haustönn voru takmarkanir á skólastarfi frá 2.nóvember og fram að jólafríi. Þá var skertur skóladagur frá kl.8-12 og nemendum 9.bekkjar skipt í tvo aðskilda hópa. Á vorönn var skólastarf með nokkuð hefðbundnu sniði vegna Covid-19. Allir fóru þó tveimur dögum fyrir í páskafrí en áætlað var þar sem skólanum var lokað vegna samkomutakmarkana. Við umsjónarkennarar hittum foreldra ekkert í skólanum á fundum eða í foreldraviðtölum fyrr en á vordögum þegar vorfundur var haldinn fyrir verðadi 10.bekkjar foreldra.

Til stóð að halda samræmd próf dagana 8.-10.mars en eftir mikil tæknileg vandræði nemenda um allt land í íslenskuprófinu var ákveðið vera ekki með stærðfræðiprófið og enskuprófið dagana á eftir. Nemendum var svo boðið að taka prófin á blöðum dagana 19., 20. og 21.apríl og voru einungis nokkrir nemdur frá okkur sem tóku þau próf.

Viðburðir og vettvangsferðir

24.ágúst Skólasetning

1.september Fjallganga úr botni Önundarfjarðar, yfir Breiðadalsheiði og fram Hnífana

23.september Norræna skólahlaupið

7.október Foreldraviðtöl í fjarfundi

16.-19.október Vetrarfrí

18.desember Litlu jólin

2. febrúar Foreldraviðtöl í fjarfundi

10.-11.febrúar Þemadagar – lönd heimsins

19.febrúar Vetrarfrí

24.mars Árshátíð

27.mars-5.apríl Páskafrí

27.maí Ferð í Súðavík með vinabekknum okkar, Raggagarður og Melrakkasetrið

2.júní Hjóladagur

4.júní Íþrótta- og leikjadagur

8.júní Skólaslit í Ísafjarðarkirkju

Salome Elín Ingólfssdóttir



10. bekkur

Nemendur í árganginum voru 33 fyrir áramót, 11 strákar og 22 stelpur, en 34 eftir áramót, 11 strákar og 23 stelpur. Undir lok skólaárs bættist einn nemandi til viðbótar í hópinn svo 35 nemendur útskrifuðust að vori.

Umsjónarkennarar voru Jón Hálfaldán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Kennarar árgangsins eftir námsgreinum

Danska – Arna Björk Sæmundsdóttir og Kristín Ólafsdóttir

Enska – Bergljót Halldórsdóttir og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Íslenska – Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Íslenska sem annað mál – Magnúsína L Harðardóttir

Íþróttir – Axel Sveinsson og Árni Heiðar Ívarsson

Lífsleikni – Jón Hálfaldán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Náttúrufræði – Jón Hálfaldán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Samfélagsfræði – Guðlaugur Viðar Valdimarsson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Sérkennari í íslensku og stærðfræði – Berglind Árnadóttir

Stærðfræði – Jón Hálfaldán Pétursson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Útivist – Axel Sveinsson og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Eftirtalin fög voru kennd

Íslenska 6 stundir á viku, stærðfræði 6, samfélagsfræði 3, náttúrufræði 3, enska 4, lífsleikni 1, íþróttir 2, útivist 1 og danska 4 stundir. Nemendur fóru einnig í hinar ýmsu valgreinar og ýmsir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Íslenska

Kennarar: Guðlaugur Valdimarsson og Katrín Kristbjörnsdóttir

Á haust- og vorönn var bókin **Frelsi og velferð** tekin fyrir. Valin voru verkefni og myndefni skoðað. Hópverkefni og ýmis viðbótarverkefni voru unnin í tengslum við efnið.

Nemendur unnu á vormánuðum nokkur áhugasviðsverkefni – völdu sér viðfangsefni að eigin vali. Ennfremur tóku nemendur áhugasviðskönnun í tengslum við hugsanleg framtíðarstörf. Nemendur kynntu sér það nám sem tengdist því starfi sem varð fyrir valinu.

Enska

4 kennslustundir á viku.

Kennarar: Bergljót Halldórsdóttir og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Námsefni: Spotlight 10, auk þess notuðum við ýmislegt annað efni.

Aðaláhersla var á lestur og ritun. Hluti enskukennslunnar fór í Erasmus+ verkefnið Tvö verkefni voru unnin í vetur og farið yfir greinar 28-30 í tengslum við lokauppgjör verkefnisins. Nokkrir nemendur tóku svo þátt í netráðstefnu með öðrum þátttökupjóðum.

Níu Sagnapróf voru lögð fyrir í á vorönn. Ípadinn var notaður í ritun sem uppflettirit, bæði sem orðabók og heimildaöflun. Ýmis verkefni voru unnin í spjaldtölvu í tengslum við kaflana bæði munnlegt og skriflegt.

Netorðabókin Snara var mikið notuð. Horft var á myndina Outlaw king auk þátta á Netflix, Derry Girls og A-typical. Símat og lokapróf að vori.

Danska

Dönskukennarar í 10 bekk voru Arna Björk Sæmundsdóttir og Kristín Ólafsdóttir.

Fjórar kennslustundir á viku.

Námsgögn: Íþróttabemahefti. Smil les-og vinnubók. Hringekjuverkefni með fjölbreyttum verkefnum frá kennurum unnum á 9 stöðvum áætlaður tími á hverri stöð ein kennslustund. Sagnapróf – óreglulegar sagnir samt. 13 próf. Samvinnuverkefni í dönsku og ensku „Draumaferðin.“ Ýmsir þættir t.d. the Rain og kvikmyndir svo sem eins og Midsommer

Símat: tímaverkefni, hópverkefni, kannanir, verkefnabækur og myndbönd með framsögn.

Arna Björk Sæmundsdóttir og Kristín Ólafsdóttir

Þjóðfélagsfræði

Kennarar: Guðlaugur Valdimarsson og Katrín Kristbjörnsdóttir

Á haust- og vorönn var bókin **Frelsi og velferð** tekin fyrir. Valin voru verkefni og myndefni skoðað. Hópverkefni og ýmis viðbótarverkefni voru unnin í tengslum við efnið.

Nemendur unnu á vormánuðum nokkur áhugasviðsverkefni – völdu sér viðfangsefni að eigin vali. Ennfremur tóku nemendur áhugasviðskonun í tengslum við hugsanleg framtíðarstörf. Nemendur kynntu sér það nám sem tengdist því starfi sem varð fyrir valinu.

Kennsluhættir

Kennsla fór fram í tveimur stofum, þ.e. 201 og 208. Nemendur fengu afnot af spjaldtölvum sem voru notaðar í verkefnavinnu og til upplýsingaöflunar í vetur líkt og fyrri ár. Í kjölfar heimsfaraldurs vegna Covid-19 urðu kennsluhættir með talsvert breyttu sniði frá og með 3. nóvember þegar hertar samkomutakmarkanir tóku gildi. Þá var árganginum skipt í tvo hópa, einn hópur í stofu 201 og hinn í stofu 208. Hóparnir máttu ekki blandast. Kennt var til hádegis og þurftu allir nemendur og starfsfólk að vera með grímur. Þessar aðgerðir giltu fram að jólafríi. Eftir áramót hófst kennsla með eðlilegum hætti. Nemendahópar máttu blandast og valgreinar hófust að nýju. Þann 25. mars var öllu síðan skellt í lás og nemendur og starfsmenn sendir tveimur dögum fyrr í páskafríi. Eftir páskafrí hófst kennsla með eðlilegum hætti.

Viðburðir og vettvangsferðir

Skólasetning var 24. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá daginn eftir.

26. – 27. ágúst var farið í haustferð. Siglt var yfir á Flæðareyri, gengið yfir í Grunnavík og gist þar eina nótt. Nemendur voru í tjöldum en fullorðnir fengu inni í sumarhúsi. Gangan tók 4-6 tíma. Við komuna í Grunnavík var tjaldað og grillað um kvöldið. Auk umsjónarkennara voru með í ferðinni Atli Jakobsson, Lísbet Harðardóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir. Veður var milt og gott. Allir skemmtu sér vel og komu glaðir og kátir til baka.

17. september var fyrsta ball vetrarins haldið og gekk það ljómandi vel. Hópurinn var mjög samtaka í undirbúningi og frágangi svo að til fyrirmyndar var.

29. september hélt Þorgrímur Þráinsson fyrirlestur.

29. september var Ólympíuhlaup ÍSÍ.

7. október voru rafræn foreldraviðtöl í gegnum Google Meet.

16. og 19. október var vetrarfrí.

2. nóvember var óvæntur starfsdagur vegna hertra samkomutakmarkana.

3. nóvember – 18. desember var skertur skóladagur og grímuskylða.

17. desember var skólastofan skreytt.

18. desember voru litlu jólin haldin með óhefðbundnu sniði. Árgangurinn gerði sér glaðan dag í sitthvorri stofunni. Ekki var hægt að dansa í kringum jólatréð vegna samkomutakmarkana.

11. janúar hófust dansæfingar hjá Evu Friðþjófsdóttur fyrir fyrirhugað þorablót. Æfingar tókust vel og nemendur stóðu sig með stakri þrýði. Því miður var ekki hægt að halda þorablót vegna samkomutakmarkana.

2. febrúar voru rafræn foreldraviðtöl í gegnum Google Meet.
3. febrúar kom Margrét Björk Arnardóttir náms- og starfsráðgjafi í MÍ í heimsókn. Hún kynnti skólann fyrir nemendum 10. bekkjar, sagði m.a. frá þeim námsleiðum sem í boði eru, hvaða kröfur eru gerðar til nemenda og fór í grófum dráttum yfir hefðir og venjur hvað félagslíf í MÍ varðar.
10. – 11. febrúar voru þemadagar. Yfirskriftin var lönd heimsins. Vegna samkomutakmarkana var ekki hægt að blanda öllum nemendum skólans svo ákveðið var að blanda innan hvers stigs.
19. febrúar var vetrarfrí.
11. mars var Rósaballið haldið við mikla kátínu. Vegna samkomutakmarkana var óheimilt að halda skólaböll fram að þessu.
24. mars var árshátíð. Fyrirhugað var að hafa tvo sýningardaga en þann 25. mars var skólanum óvænt lokað vegna hertra samkomutakmarkana. Sýningardagurinn var því einungis einn. Það náðist þó sem betur fer að taka öll atriðin upp.
24. mars fór 10. bekkur í heimsókn í Menntaskólann á Ísafirði. Þar tóku skólameistari, aðstoðarskólameistari og námsráðgjafi á móti hópnum og sýndu þeim skólann.
25. mars var skólanum lokað vegna hertra samkomutakmarkana svo nemendur og starfsmenn voru sendir tveimur dögum fyrr í páskafrí.
15. apríl hélt Magnús Stefánsson forvarnarfyrirlestur í gegnum fjarfundarbúnað.
- 17.-21. maí skipulagði 10. bekkur þemaviku fyrir unglingastigið.
25. maí var prófdagur í stærðfræði.
26. maí var prófdagur í ensku.
27. maí var prófdagur í íslensku.
28. – 31. maí fór bekkurinn í skólaferðalag á Bakkaflöt í Skagafirði.
2. júní var farið í hjólaferð inn í Holtahverfi og inn í Tunguskóg.
3. júní var haldið lokaball á sal skólans fyrir 7.-10. bekk.
4. júní var íþrótt- og leikjadagur á Torfnesi.

Fjáröflun

Mikil fjáröflun var í gangi allan veturinn. Hittist hópurnir vikulega og fór yfir málin. Meðal þess sem gert var má nefna: Seldar voru peysur með GÍ-merki, dansleikir, sala á sóttvarnarspritti, álfasala, vörutalning í Bónus. Nemendur stóðu sig vel í fjáröfluninni og má segja að böllin hafi slegið í gegn hjá þeim. Allur undirbúningur undir böllin var til fyrirmyndar og auglýsingar fallegar og vel uppsettar sem löðuðu að og voru tekjur af nemendaböllum því góðar. Því miður var snöggur endi bundin á alla fjáröflun í október vegna samkomubanns, ekki var hægt að halda öll þau böll sem voru fyrirhuguð. Skólaslit voru þriðjudaginn 8. júní við fallega athöfn í Ísafjarðarkirkju þar sem nemendur í 8.-10. bekk mættu, ásamt fjölskyldum nemenda í 10. bekk. Tveir fulltrúar nemenda héldu tölu og kvöddu skólann fyrir hönd árgangs 2005.

Katrín Sif Kristbjörnsdóttir, Jón Hálfván Pétursson



4. Stoðþjónusta

Skýrsla deildarstjóra stoðþjónustu

Yfir stoðþjónustu skólans er deildarstjóri stoðþjónustu í 75% stjórnunarhlutfalli, Sóley Veturliðadóttir sinnti starfinu þennan veturinn. Deildarstjóri stoðþjónustu er með yfirsýn um úthlutun sérkennslu í skólanum, heldur utan um stoðteymi skólans, er kennurum ráðgefandi og er ásamt skólastjóra tengiliður við skólaþjónustu, félagsþjónustu og barnavernd í málefnum barna sem þurfa á slíkri þjónustu að halda.

Stoðþjónustunni var sinnt á fjölbreyttan hátt í skólanum. Í yngri bekkjum var lögð áhersla á að sinna stuðningi inni í bekk t.d. þegar stuðningsfulltrúar aðstoða nemendur með leiðsögn kennara. Sérkennarar og þroskaþjálfar vinna líka með yngri börnum, ýmist inni í bekk en þó oftast í litlum rýmum, einslega eða í litlum hópum. Eins var boðið upp á íslensku sem annað mál á yngsta stigi fyrir börn sem voru nýflutt til Íslands og fór sú vinna fram í litlum hópum utan bekkjarstofu. Á miðstigi fór sérkennslan fram bæði inni í bekk en líka utan bekkja, sem og kennsla í íslensku sem öðru máli og það sama gildi um unglingastig.

Yfir veturinn störfuðu 2 þroskaþjálfar í 1,25 stöðugildum og 5 sérkennarar í samtals 5 stöðugildum. 2 kennarar komu að sérkennslu þess utan í örlitlu mæli. Fastir tímar í stundatöflu sérkennara og þroskaþjálfra voru 162 á viku. Stuðningsfulltrúar sinntu stuðningi í 420 klukkustundir á viku yfir skólaárið. Það er lækkun á starfshlutfalli þroskaþjálfra frá fyrra ári þar sem annar þroskaþjálfinn fór í deildarstjórastöðu í afleysingu og enginn sótti um starf þroskaþjálfra þegar auglýst var.

Fundir stoðteymis (sérkennara og þroskaþjálfra skólans) voru haldnir í 5 skipti yfir veturinn og voru þeir yfirleitt á dagskrá á þriðjudögum áður en aðrir fastir fundir voru. Stoðteymisfundir fóru fram í námsveri skólans. Á hverjum fundi var yfir ýmis mál tengd sérkennslu og stuðningi. Starfsmenn deildu upplýsingum um kennsluaðferðir, námsgögn og símenntun.

Auk formlegra sérkennslutíma sérkennara og þroskaþjálfra var einnig boðið upp á sérkennslu í heimilisfræði með það að markmiði að létta álagi af nemendum í bóklegum greinum og efla félagsþroska þeirra. 2 kennslustundir á viku fóru í slíka vinnu. Í vetur voru sérkennslustímar í myndlist. Einn nemandi fór í vinnustaðatengt starfsnám einn dag í viku í Bílasmiðju SGB. Ekki

náðist samkomulag um vinnutengt starfsnám fyrir fleiri nemendur þar sem fyrirtæki gátu ekki tekið á móti nemendum inn í fyrirtæki vegna samkomu- og fjöldatakmörkanna vegna Covid-19.

28 börn voru í reglulegum, einkatímum hjá þroskaþjálfum skólans yfir veturinn. Allt frá því að hitta þroskaþjálfu einu sinni í viku upp í fjögur skipti á viku. Í einstaka tilfellum var tveimur eða þremur börnum boðið saman í tímana. Megináhersla í tímunum var að þjálfu félagsfærni og samskipti, þó var nokkuð um grunnfærni þjálfun t.d. í talnaskilningi, lestri eða tjáningu. Tímar þroskaþjálfu voru oftast í stofu þroskaþjálfu en þó einnig í öðrum rýmum. Þroskaþjálfur kom einnig inn í bekk og fylgdist með skipulagi í kringum nokkra af sínum nemendum og var í samstarfi við kennara varðandi áherslur í námi og starfi.

Skólasálfræðingarnir Björg Norðfjörð og Sólveig Norðfjörð komu í skólann í 7 lotur í vetur (yfirleitt 2 daga í senn).

Skólinn var í samstarfi við Tröppu, talmeinafræðipjónustu og fengum við 2 tíma á viku. Það voru 6 börn sem fengur samtals 45 tíma í gegnum fjarfund. Það voru Tinna Sigurðardóttir og Bryndís Guðmundsdóttir sem sáu um þessa tíma.

Gögn vegna athugana og greininga bárust frá sérfræðingum vegna 44 nemenda. Þar af 28 skýrslur frá sálfræðingum á vegum skólaþjónustu Ísafjarðarbæjar auk greinargerðum vegna ráðgjafar, 2 skýrslur komu frá Greiningarstöð eða Þroska- og hegðunarstöð, 3 frá utanaðkomandi sálfræðingum, og 10 skýrslur frá talmeinafræðingi. 13 logos greiningar voru gerðar á nemendum skólans utan logos skimunar sem gerð er í 3. bekk.

Við lok skólaárs eru 15 vísanir til sálfræðings sem ekki tókst að hefja athugun á og 5 börn bíða eftir greiningu á málþroska. Engin mál eru ókláruð hjá sálfræðingum og engin mál sem ekki náði að fara með fyrir nemendaverndarráð.

Nemendaverndarráð skólans sem samanstendur af stjórnendum skóla, skólahjúkrunarfræðingi, náms- og starfsráðgjafa, fulltrúa skólaskrifstofu og fulltrúa barnaverndar fundað mánaðarlega yfir veturinn varðandi málefni barna og fara vísanir til talmeinafræðings og sálfræðings í gegnum nemendaverndarráð.

Talsvert samstarf var við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í gegnum svokallað Barnageðteymi sem sinnir þjónustu við börn með geðraskanir og við félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar vegna barna með fjölþættan vanda. Skólahjúkrunarfræðingur Helena Hrund Jónsdóttir var tengiliður við Barnageðteymið. Sóley Veturliðadóttir, deildarstjóri stoðþjónustu situr í barnageðteymi fyrir hönd stjórnenda skólans. Allir fundir vetrarins voru í gegnum TEAMS vegna veirunnar.

Samstarf var við Félagsþjónustu Ísafjarðarbæjar um móttöku og skólagöngu nemanda sem dvaldi tímabundið á Ísafirði og kom í skólann í 3 vikur að hausti og 4 vikur að vori.

Námsver

Þetta skólaár hefur námsverið ekki verið notað sem slíkt heldur hefur það verið nýtt sem kaffistofa þar sem fjölða- og nálægðartakmarkanir voru þannig að ekki gátu nema nokkrir starfsmenn verið samtímis á kaffistofu skólans. Undir lok skólaárs var aðeins slakað á fjölða- og nálægðartakmörkunum en það var það stutt eftir af skólaárinu að starfsmenn völdu að geta haldið takmörkunum þessar vikur sem eftir voru.

Íslenska sem annað mál

Magnúsína Laufey Harðardóttir sá um íslensku sem annað mál (sjá sér skýrslu).

Covid 19

Skólinn var lokaður 2 daga fyrir páskafrí en meðan á takmörkunum stóð voru sérkennarar og þroskaþjálfar með færri nemendur og héldu sig mest við ákveðna bekk til að vera ekki að fara á milli hópa.

Deildarstjóri stoðþjónustu/þroskaþjálfari

Sóley deildarstjóri var með 6 kennslustundir á viku sem þroskaþjálfatíma. Að auki hitti hún nokkra nemendur tímabundið í ákveðnum verkefnum. Allir tímar fóru fram í stofu deildarstjóra. Einnig fór hún nokkuð inn í bekk.

Deildarstjóri var með 18 þjónustuteymi á sínum snærum sem funduðu mis reglulega eftir þörfum hvers nemanda. Samtals voru þetta 58 teymisfundir. Deildarstjóri sat þar að auki 20 skilafundi sálfræðinga

Pólska

Kennari: Marzena Glodkowska

Kennt var á mánudögum og miðvikudögum í tveimur hópum, annars vegar á yngsta stigi og hins vegar á miðstigi og fékk hvor hópur 1 kennslustund einu sinni í viku. Nemendur unnu mörg fjölbreytt verkefni. Mikil áhersla var lögð á skrift, lestur, lesskilning, framsögu og stafsetningu.

Námsmat byggði á verkefnahefti nemenda, lokaprófi, mætingu og á virkni í kennslustundum.

Marzena Glodkowska

Sérkennsla og ÍSAT

Sérkennsla – ÍSAT

Kennari: Magnúsína Laufey Harðardóttir

Námsefni: Ýmsar lestrarbækur og lestrarvinnubækur, orðaforði úr námsbókum nemenda, Kæra dagbók 1, 2 og 3, Litabækurnar af skólavefnum, Talking partners, Legó, ýmis spil, efni af vef og efni frá kennara.

Námstilhögun: Nemendur voru í tveggja til fjögurra manna hópum í tvær til fimm kennslustundir á viku, einnig vann kennari með einstakling inni í bekk. Meðan á mestu covid hömlum stóð varð þó breyting á þar sem ekki mátti blanda saman einstaklingum úr hópum en allir hóparnir samanstóðu af einstaklingum úr fleiri en einum hóp. Þá komu nemendur einir í tíma og þá í færri skipti. Til að byrja með voru tímarnir í námsveri skólans sem varð svo að kaffistofu í covid ástandi og tímarnir voru hér og þar um skólann þar sem laust pláss var að finna. Þegar mestu covid hömlur stóðu yfir og nemendur máttu ekki fara á milli svæða var stundum unnið á göngunum.

Unnið var mikið með orðaforða og þá oft upp úr námsbókum árganganna. Mikið var lesið og unnið með lesskilning, endursögn, ásamt því að vinna með einfalda málfræði. Þá voru stundum spiluð málörvunarspil. Einnig var mikið talað um allt mögulegt tengt námsefninu eða bara því sem var að gerast í samfélaginu.

Magnúsína Laufey Harðardóttir

Sérkennsla

1.bekkur

Kennari: María Friðgerður Lárusdóttir

Námsefni: Líttlestrarbækur, lestrarbókin mín, ýmis orðaspjöld og spil, stærðfræðiljósrit og sproti.

Námstilhögun: Árgangurinn var með 5 tíma á viku sem var skipt á milli 5-6 nemanda. Vegna covid var sérkennari hluta úr vetri inni í bekknum sem var ekki með stuðning.

Krakkarnir þurftu aðallega hjálp með lestur og lásu þau ýmist í lestrarbókum eða í heftinu lestrarbókin mín þar sem þau unnu einnig verkefni. Eftir áramót fóru nemendur svo í K-PALS þar sem þau unnu í pörum.

2.bekkur

Kennari: María Friðgerður Lárusdóttir

Námsefni: Líttlestrarbækur, K-PALS, ýmis lestrarspil, Alias málörvunarspil og ýmis ljósrit af vefnum Fjölbreyttar kennsluaðferðir fyrir fjöruga krakka. Stærðfræði þar sem átti við.

Námstilhögun: Árgangurinn var með 6 kennslustundir sem var skipt jafnt á milli 5 nemenda.

Nemendur komu ýmist einir í lestur eða tveir til þrír í hóp í K-Pals og spil. Unnið var með lestur 5X í viku ásamt málörvun, ýmis ljósrit, ritun og stærðfræði þar sem við á.

3. bekkur

Kennari: María Friðgerður Lárusdóttir

Námsefni: Lestrar og lesskilningsbækur Auðbjargar af Skólavefnum. Stöðupróf í íslensku, ýmis spil, K-PALS

Námstilhögun: Nemendur lásu 4X í viku og unnu lesskilningsverkefni. Einu sinni í viku fóru hópar í spil eða stærðfræði. Nemendur með annað móðurmál en íslensku unnu í Orðagulli og orðabók Trúðanna til að æfa orðaforða.

María Friðgerður Lárusdóttir

4. bekkur

Kennari: Iwona Maria Samson

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 4 í stærðfræði og 4 í íslensku

Námstilhögun í stærðfræði: 17 nemendur sem unnið var með í auka stofu eða inni í bekk og það var breytilegt yfir veturinn hvaða nemendur voru í þessum tímum. En eftir áramót allir nemendur árgangsins voru skipt í 4 getublandaða hópa.

Námstilhögun í íslensku: 16 nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiði árgangs í lesfimi. Hóparnir unnu með PALS ásamt ýmsu öðru efni til að efla lestur. Einn nemandi kom þrisvar sinum á viku, 20 mínútur í senn, í lestrarkennslu sem var í formi einkaþjálfunar. Orðaforðavinna var tekin samhliða lestrinum.

Námsefni í stærðfræði: Sproti 4a og Sproti 4b nemendabók og æfingahefti, verkefni í Ipad og verkefni frá kennara.

Námsefni í íslensku: PALS lestraraðferð, Eitt skref í einu lestrarþjálfunarefni, 100ord.is, lestrarbækur og efni frá kennara.

Námsmat í stærðfræði: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma. En tveir nemendur tóku próf úr því námsefni sem þau hafa lokið.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma.

Vinna gekk vel og góð samvinna var við umsjónarkennara.

5. bekkur

Kennari: Iwona Maria Samson

Námgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 5 í stærðfræði og 4 í íslensku

Námstilhögun í stærðfræði: 12 nemendur sem þörfuðust sérstakrar aðstoðar í stærðfræði. Höfuðáhersla var lögð á að nemendur fylgi námsáætlunum árgangsins. Unnið var í með litla hópa í auka stofu og það var breytilegt yfir veturinn hvaða nemendur voru í þessum tímum. Þrír nemendur voru með aðlagð námsefni í stærðfræði.

Námstilhögun í íslensku: 19 nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiði árgangs í lesfimi. Hóparnir unnu með PALS ásamt ýmsu öðru efni til að efla lestur. Einn nemandi kom einu sinni á viku, í 20 mínútur, í lestrarkennslu sem var í formi einkaþjálfunar. Nokkrir nemendur komu einstaklingslega að lesa einu sinni á viku. Orðaforðavinna var tekin samhliða lestrinum.

Námsefni í stærðfræði: Stika 1a og 1b nemendabók og æfingahefti, verkefni frá kennara og aðlagð námsefni í stærðfræði frá kennara.

Námsefni í íslensku: Lestrarbækur, PALS lestraraðferð, Eitt skref í einu lestrarþjálfunarefni, 100ord.is og námsefni frá kennara.

Námsmat í stærðfræði: Nemendur tóku sama próf og árgangurinn, nema nemendur með aðlagð efni í stærðfræði sem tóku próf úr því námsefni sem þau hafa lokið.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma.

Vinna gekk mjög vel og mjög góð samvinna var við umsjónarkennara.

6. bekkur

Kennari: Iwona Maria Samson

Námsgreinar: íslenska og stærðfræði

Kennslustundafjöldi: 4 í stærðfræði og 5 í íslensku

Námstilhögun í stærðfræði: 8 nemendur sem unnið var með í auka stofu og það var breytilegt yfir veturinn hvaða nemendur voru í þessum tímum. En eftir áramót allir nemendur árgangsins voru skipt í 3 getublandaða hópa.

Námstilhögun í íslensku: 16 nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiði árgangs í lesfimi. Hóparnir unnu með PALS ásamt ýmsu öðru efni til að efla lestur. Nokkrir nemendur komu einstaklingslega að lesa eins oft og hægt var. Orðaforðavinna var tekin samhliða lestrinum.

Námsefni í stærðfræði: Stika 2a og 2b nemendabók og æfingahefti, verkefni frá kennara.

Námsefni í íslensku: PALS lestraraðferð, Eitt skref í einu lestrarþjálfunarefni, 100ord.is, lestrarbækur og efni frá kennara.

Námsmat í stærðfræði: Nemendur tóku sama próf og árgangurinn, nema nemendur með aðlagð efni í stærðfræði sem tóku próf úr því námsefni sem þau hafa lokið.

Námsmat í íslensku: Allir nemendur árgangsins fóru í námsmat á sama tíma.

Vinna gekk mjög vel og mjög góð samvinna var við umsjónarkennara.

Iwona Maria Samson

Þroskaþjálfar

Nemendurnir:

Í vetur hafa 25 nemendur komið til þroskaþjálfar í einstaklingstíma eða verið tvö saman, um skemmri eða lengri tíma. Hver tími er 40 mínútur. Fjöldi nemenda hefur verið breytilegur í vetur. Að meðaltali var fjöldinn þessi:

Fjórum sinnum í viku =	1 nemandi
Einu sinni í viku =	24 nemendur
Yngsta sig =	13 nemendur
Miðstig =	6 nemendur
Unglingastig =	5 nemendur
Strákar =	15
Stelpur =	9

Þroskaþjálfar kom að málum 7 nemenda með því að halda utan um teymi þeim tengd. Í vetur voru það samtals 18 teymisfundir. Þarna er nokkur skörun því að ekki komu allir þessir 18 í einstaklingstíma hjá þroskaþjálfar og þroskaþjálfar sat ekki í teyimum allra þeirra 25 nemenda sem komu í tíma. Þroskaþjálfar hefur þá einnig setið aðra fundi vegna annarra nemenda.

Áhersluatriði þroskaþjálfara eru félagsfærni, tilfinningastjórn, skynúrvinnsla, almennur skilningur á umhverfinu og almenn þekking, réttindi, skyldur og heilbrigði (kyn, geð og almennt).

Meðal námenfnis er: 101 leið til kenna félagsfærni, Fjársjóðsleitir, Verum vinir, Hvað get ég gert bækurnar, Ráð fyrir kvíðna krakka, CAT kassinn, félagsfærnisögur, Klípusögur, Hugrún (heimspeki efni), Bitsboard í iPad, landakort, tölur, bókstafir, ýmis spil og hlutir í nánasta umhverfi.

Birgitta Rós Björnsdóttir

Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2020 til 2021 var starfandi náms- og starfsráðgjafi við grunnskólann í 60% starfshlutfalli. Í upphafi skólaárs voru tekin stutt viðtöl við nemendur í 9. og 10. bekk. Rætt var um áhuga á framhaldsnámi, líðan í skólanum og óútkljáð vandamál, ef einhver, sem upp hafa komið á skólagöngunni. Yfir veturinn voru síðan tekin viðtöl við nemendur á öllum skólastigum vegna hegðunarvanda, vanlíðunar, lítilla framfara í námi eða samskiptaörðugleika. Viðtöl við kennara fóru nær öll óformlega fram á þeirra vinnusvæði eða þar sem næði fékkst til að ræða einslega saman. Rætt var við foreldra eða þeim sendur tölvupóstur með upplýsingum þegar tilefni þótti til. Önnur störf. Náms- og starfsráðgjafi sat nemendaverndarráðsfundi og fundi Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar með Barna- og unglingageðdeild, auk þess að vera hluti af innra mats teymi grunnskólans. Námsráðgjafi hélt utan um tengslakannanir sem gerðar voru innan allra bekkjardeilda frá 1. upp í 10. bekk og eineltismál skólans og hefur unnið önnur þau störf sem til hafa fallið og stuðla að betri skólagöngu barna í grunnskólanum.

Inga Bára Þórðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

5. Sérgreinar

Heimilisfræði

1.bekkur

Í vetur voru 31 nemendur í 1. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa. Nemendur fengu 3. kennslustundir á viku, tvær í verklegri kennslu og eina í bóklegri. Stuðst var við kennslubókina Gott og gaman en einnig var notað annað eldra efni við kennsluna. Helstu þættir sem farið var inn á voru almenn heimilisstörf, hvernig börnin geta hjálpað til á heimilum, hvernig við eigum að ganga snyrtilega um, einnig persónulegt hreinlæti. Kynnt voru helstu áhöld, fæðuhringurinn skoðaður og rætt heilmikið um mun á hollum og óhollum mat. Í framhaldi af því var fjallað um tannheilsu og afleiðingar lélegs mataræðis. Nemendur fengu að æfa sig í notkun hnífa og nokkurra einfaldra áhalda. Þau fengu einnig svólítið að kynnst bakstri. Helstu markmið sem unnið var út frá voru að nemendur myndu kynnst einföldum áhöldum í eldhúsi og tileinka sér gildi hollrar næringar. Einnig að nemendur tileinkuðu sér jákvæða hegðun í sambandi við umhverfið og lærðu jákvæð samskipti við börðhald. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

2.bekkur

Í vetur voru 23 börn í 2. bekk. Þeim var skipt upp í 2 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir einu sinni í viku á tímabilinu. Bókin Heimilisfræði 2 var notuð í vetur. Megin áherslur í kennslunni voru svipaðar og í 1. bekk en verkleg kennsla þó mikið aukin. Mikil áhersla var lögð á hreinlæti. Nemendur lærðu að vaska upp og ganga frá og fengu heilmikla þjálfun í því. Farið var betur í fæðuhringinn og nemendur fengu að spreyta sig á ýmsum einföldum réttum. Helstu markmið kennslunnar voru þjálfun í samvinnu og samskiptum, vinnubrögðum, meðferð áhalda, áhersla á hollustu og heilbrigði og umhverfisfræðsla. Nemendur fengu loka Einkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir Einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

3.bekkur

Í vetur voru 44 nemendur í 3. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Bókin Heimilisfræði 3 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur þjálfuðust í samvinnu, samskiptum, sjálfstæðum vinnubrögðum, notkun eldhúsáhalda og öðluðust frekari leikni í heimilisstörfum. Lögð var áhersla á tengsl hollustu og heilbrigðis, mikilvægi hreinlætis og komið var inn á þætti sem falla undir umhverfisvernd. Nemendur fengu loka Einkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir Einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

4. bekkur

Í vetur voru 46 nemendur í 4. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Bókin Heimilisfræði 4 var notuð í vetur. Helstu markmið kennslunnar voru þau að nemendur fengju áframhaldandi þjálfun í meðferð áhalda og tækja. Í lok tímabilsins áttu þau að geta matreitt einfalda rétti og bakað eftir einföldum uppskriftum. Nemendur fengu kynningu og nokkra þjálfun í sambandi við helstu hugtök í næringarfræði og tengsl hollustu og heilbrigðis. Þeir áttu að tileinka sér þekkingu varðandi slysaheitu á heimilum og helstu bjargar í þeim efnum. Komið var inn á mikilvægi hreinlætis og lögð áhersla á snyrtimennsku jafnt í eldhúsinu sem persónulegt hreinlæti. Komið var inn á umhverfismennt, flokkun og fleira þess háttar. Nemendur fengu loka Einkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir Einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

5. bekkur

Í vetur voru 42 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Samhliða verklegri kennslu fengu nemendur einnig bóklega fræðslu. Bókin Gott og gagnlegt 1 var notuð við kennsluna. Helstu markmið kennslunnar voru þau að auka leikni nemenda í meðferð áhalda í eldhúsi og þjálfu þau markvisst í matreiðslu, bakstri og góðum vinnubrögðum. Nemendur fengu fræðslu um hvernig varast mætti þær hættur sem geta verið á heimilum. Lögð var áhersla á fræðslu um hollustu og heilbrigði auk umræðunnar um nauðsyn hreinlætis við matreiðslustörf. Þó nokkur áhersla var lögð á umhverfisvernd og endurvinnslu. Einnig að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum, temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald. Nemendur fengu loka Einkunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir Einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

6.bekkur

Í vetur voru 30 nemendur í 6.bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Nemendur fengu samtals 3 kennslustundir á viku, 2 í verklegri kennslu og eina í bóklegri. Stuðst var að nokkru leiti við bókina Gott og gagnlegt 2. Helstu markmið kennslunnar voru þau að auka þekkingu á helstu næringarefnum og hlutverkum þeirra. Einnig var áhersla á að nemendur gerðu sér grein fyrir því að rétt fæðuval og góðar matarvenjur hafa mikla þýðingu fyrir góða heilsu sem og hæfileg hreyfing og hvíld. Unnið var með markmið um jákvætt viðhorf til umhverfisverndar. Verkefni um kostnaðarliði heimilishalds var unnið. Nemendum voru kynntar helstu þvottaleiðbeiningar á fatnaði, einnig almennt um hreinlæti - að halda vinnusvæðum, áhöldum og tækjum hreinum, temja sér góða borðsiði og taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

7.bekkur

Í vetur voru 42 nemendur í 7.bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2x2 kennslustundir á viku á tímabilinu. Helstu markmið kennslunnar í 7.bekk voru þau að nemendur gerðu sér grein fyrir því að hæfileg næring, hreyfing og hvíld er ein meginforsenda fyrir andlegu og líkamlegu heilbrigði. Unnið var með helstu hugtök í næringarfræði og skoðað hvar þessi næringarefni er helst að finna í fæðunni. Útlit, gæði og geymsla matvæla voru tekin fyrir. Áhersla var á að nemendur gætu matreitt og framreitt einfaldar máltíðir eftir greinargóðum uppskriftum og leiðbeiningum og sýnt góð og markviss vinnubrögð. Áfram var unnið með umhverfismennt. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

5.-6. og 7.bekkur – val á miðstigi, hræringur

Í vetur voru 47 nemendur í hræringi í heimilisfræði. Valið kallast Matur og menning. Nemendur bökuðu og matreiddu rétti frá ýmsum löndum og fræddust lítillga legu landanna, matarmenningu þeirra o.fl. Ekkert fómlegt námsmat var í hræringi.

8.bekkur

Í vetur voru 31 nemendur í 8.bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Nemendur fengu samtals 3 kennslustundir á viku, 2 í verklegri kennslu en 40 mínútna tíminn var oftast bóklegur. Farið var markvisst í fræðslu um heilbrigðan lífsstíl – áhrif góðrar næringar, hvíldar og hreyfingar á andlega og líkamlega heilsu. Nemendur kynntust helstu hugtökum í næringarfræði og fengu fræðslu um hvar þessi næringarefni er að finna í fæðunni. Slys og helstu viðbrögð og varnir voru skoðuð. Matvælafræði var hluti námsins – farið var vel í geymslu matvæla og skoðaðar hættur og varnir í sambandi við matareitranir og slíkt. Nemendur fengu annars áframhaldandi þjálfun í matreiðslu og bakstri með áherslu á snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið.

9.og 10. bekkur - val á unglingastigi

Í vetur voru nemendur í heimilisfræðivali á unglingastigi 59 talsins, nokkrir þeirra komu frá Suðureyri og Flateyri. Nemendum var skipt niður í 5 hópa, 3 hópar fyrir áramót og 2 eftir áramót. Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur.

Kennslan var að langmestu leiti verkleg. Áhersla var lögð á góða næringu og voru flestar uppskriftir sem unnið var með hollar og næringarríkar. Verkleg kennsla var í öllum tímum en auk markmiða um hollustu og heilbrigða lífshætti voru önnur markmið eins og þau að nemendur yrðu sjálfbjarga þegar kæmi að bakstri og matreiðslu, kynnu að þrifa í kringum sig

og fengju tækifæri til þess að þjálfa eigin sköpunarhæfni. Covid setti svolítið strik í reikninginn, t.d. féll niður hinn hefðbundni piparkökuhúsabakstur.

Auk þessara fimm unglingahópa var einn hópur sem fékk sérkennslu í heimilisfræði og var tvær kennslustundir einu sinni í viku allan veturinn. Þetta voru nemendur úr 8., 9. og 10. bekk. sem stóðu að einhverju leyti höllum fæti í námi. (Sjá nánar ársskýrslu sérkennslu).

*Erna Sigrún Jónsdóttir
Guðlaug Jónsdóttir
Katrín Björnsdóttir
Sigurrós Eva Friðbjófsdóttir*



Dans

1. bekkur

Í vetur voru 30 nemendur í 1. bekk. Þeim var skipt í tvo hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Nemendur lærðu almennar dansreglur, að bjóða upp, taka upp hald, grunnspor í dansi, hliðar saman hliðar, hæll, tá, fram og aftur, barnadansa, latin dans, línudans, leik- og tískudansa, farið var í sköpun og Just dance, hlustun á takt í tónlist og hversu miklu máli góð samvinna skipti. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálsslega við mismunandi tónlist og kæmu fram við hvort annað af virðingu, dansi einföld hreyfimyndur ein og í paradönsum, barnadönsum og einföldum þjóðdönsum, taki þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara, tengi saman tónlist í dansi og virði samskiptareglur.

2. bekkur

Í vetur voru 23 nemendur í 2. bekk. Þau skiptust í tvo hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Rifjaðir voru upp dansar frá fyrra skólaári. Einnig var farið betur í hlustun á tónlist og kennt hvaða tónlist er notuð við mismunandi dansa. Nemendum var kennt að tengja saman spor í dansi (sköpun), bætt við danssporur í þeim samkvæmisdönsum sem nemendur höfðu þegar lært, og aðrir samkvæmisdansar kenndir ásamt línudansi og tískudansi, leikdönsum og einnig var farið í Just dance. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálsslega við mismunandi tónlist og að nemendur kæmu fram við hvort annað að virðingu.

3. bekkur

Í vetur voru 44 nemendur í 3. bekk. Þau skiptust í þrjá hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Farið var yfir dansa frá fyrra skólaári. Nemendur lærðu tvo samkvæmisdansa og tískudansa. Einnig var unnið áfram með hlustun á takti. Áhersla var lögð á sköpun og nemendur fóru líka í Just dance. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálsglega við mismunandi tónlist og kynntust því hvernig er hægt að nýta sér mismunandi hreyfingar og stíla í sköpun. Einnig var lögð áhersla á að nemendur komi fram við hvort annað af virðingu.

4. bekkur

Í vetur voru 46 nemendur voru í 4. bekk. Þeim var skipt í tvo hópa sem voru einu sinni í viku allt skólaárið. Farið var yfir dansana frá fyrra skólaári og haldið áfram að bæta við sporum. Að auki lærðu nemendur hip hop dans, söngleikjadan, að nýta sér netið (Youtube) við kennslu í dansi og að sækja sér hugmyndir af netinu. Áhersla var lögð á sköpun og nemendum var skipt upp í hópa sem unnu saman. Verkefnið sem hefur verið í samvinnu við leikskólanemendur féll niður vegna covid. Helstu markmið voru að nemendur gætu hreyft sig frjálsglega við mismunandi tónlist, gætu sett saman stutta dansa og kæmu fram við hvort annað af virðingu.

Hræringshópar

Í vetur voru 35 nemendur í hræring. Þeim var skipt í 3 hópa. Kennt var einu sinni í viku í sjö vikur í senn. Nemendur lærðu hip hop dansa, Youtube myndbönd voru skoðuð, farið í Fortnite Tik tok dansa og einn dans saminn.

Nemendur í 10. bekk fengu 10 tíma upprifjun í gömlu dönsunum. Þorablót féll niður vegna aðstæðna.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Íþróttir

Íþróttir 1.-4. bekkur

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Kennslan gekk vel, var fjölbreytt og engin teljandi vandræði urðu. Sparkvöllur við lóð grunnskólans var mikið notaður við útikennslu. Viðfangsefni vetrarins voru fjölbreytt: Boltaleikir, leikir, fimleikar, frjálssar íþróttir, badminton, blak, samvinnuleikir, hugtakaleikir, þol og styrktaræfingar ásamt öðru sem tilgreint er í aðalnámsskrá grunnskóla.

1.-4. bekkur tekur þátt í Norræna skólahlaupinu sem er í september ár hvert. Í byrjun júní var haldinn íþrótt og leikjadagur á Torfnesi frá 9:00 – 11:30 og heppnaðist hann vel. Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson og Pálína Jóhannsdóttir

Íþróttir 5.-10. bekkur

Kennslan var með hefðbundnu móti, útileikfimi að hausti, innileikfimi frá október til maí og útileikfimi að vori. Aðstaða til íþróttakennslu er mjög góð bæði til úti- og innikennslu á Torfnesi. Farið var yfir fjölbreytt svið í viðfangsefnum vetrarins boltaleiki, fimleika, frjálssar, samvinnuleiki auk þess sem meiri áhersla er lögð á þol- og styrktaræfingar hjá þessum aldurshóp.

10 bekkur var með 3 íþróttatíma þennan vetur þar sem þau hafa lokið 10 sundstigi. Námsmat fer fram með símati auk prófa í þolgreinum og virkni. Á hverju skólaári eru ýmsir viðburðir sem eru fastir liðir og má þar nefna Norræna skólahlaupið sem haldið er í september og Skólahreysti í maí. Íþróttahátíðin í Bolungarvík féll niður þetta skólaárið vegna Covid.

Haldinn var íþróttadagur á Torfnesi fyrir 5.-10.bekk þar sem nemendur prófa fjölbreyttar íþróttagreinar eins og boðhlaup og bogfimi. Gekk þessi dagur mjög vel og var mikil virkni hjá öllum stigum.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Axel Sveinsson og Árni Heiðar Ívarsson.

Sund 1.-4. bekkur

Unnið var með grunnþætti helstu sundaðferða, bringusund, skriðsund, baksund, handa og fótatök æfð, leikir, köfun, grunnþættir björgunar, flot, stunga og annað tilkallandi. Mun meiri áhersla er á tækni og ánægju heldur en hraða og keppni. Töluverðar framfarir nást í sundkennslu á þessum árum og því mikilvægt að börnin mæti vel og ekki sé mikið að falla niður kennsla, því einungis er um að ræða einn tíma á viku. Lögð er áhersla á öruggt og gott umhverfi þar sem öryggi og gleði barnsins er í fyrirrúmi. Froskalappir eru mjög þýðingamikið kennslutæki hjá þessum aldurshóp og var staðan á þeim góð þetta árið. Tekin var ákvörðun að sundkennsla sé til 1.Júní en þá hefst sumaropnun fyrir almenning.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson og Jón Hálfðán Pétursson.

Sund 5.-9. bekkur

Áframhaldandi kennsla með grunnþætti sundkennslunnar, en gerðar meiri kröfur eftir því sem ofar dregur. Áfram lögð áhersla á öryggi barna og unglunga og verið að höfða til þess að þau fari í sund í frítíma sínum og hafi ánægju af því að vera í vatni. Tímatökur og aðrir færniþættir sem tilgreindir eru í aðalnámsskrá hafðir til hliðsjónar við námsmat. 5. og 9. bekkur fara í fatasund á hverju vori og er mikil spenna fyrir þá tíma. Þá gefst þeim tækifæri til að synda í níðþungum fötum.

Kennarar: Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson og Jón Hálfðán Pétursson.

Í vetur var boðið upp á val í frjálsum íþróttum og skólahreysti í hræringi. Krakkarnir fengu kynningu á grunninum í frjálsum íþróttum og eftir því sem leið á var farið í flóknari æfingar. Einnig var boðið upp á áfangann líkamsrækt og þjálfun á unglingastigi sem valgrein. Gekk það mjög vel og krakkarnir áhugasamir. Kennt var tvöfaldan tíma í hverri viku hjá krökkunum á miðstigi og einn á unglingastigi. Kennarar Axel Sveinsson, Árni Heiðar Ívarsson og Guðný Stefanía Stefánsdóttir.

Textílmennt

3. bekkur

Nemendur í 3.bekk saumðu krumma í útlínur á kartoni þar sem þeir voru búnir að gata. Fylltu svo inn í með öðrum litum. Því næst hönnuðu nemendur lítinn púða, fígúru eða lyklakippu sem var svo saumað í höndum úr filtefni. Vel gekk að vinna þessi verkefni.

4. bekkur

Nemendur í 4.bekk drógu upp mynd á taupoka sem þeir lituðu svo. Einnig skrifuðu þeir nafnið sitt á pokann og þessi poki skal notaður sem handavinnupoki út þeirra grunnskólagöngu. Nemendur æfðu sig að sauma í saumavél í línur á blað og því næst saumuðu þeir bangsa úr flísefni sem nemendur saumuðu síðan eftir að hafa æft sig að sauma eftir línunum í blöð fyrst. Ekki náðist að kenna nemendum að prjóna eins og til stóð vegna Covid. Færri tímar voru í boði.

5. bekkur

5. bekkingar þrjóna orm þar sem þeir nota þekkingu síðasta vetrar þar sem þeir lærðu að þrjóna garðapþjón, en nú bætist einnig við brugðin lykkja (hjá þeim sem réðu við það). Þetta verkefni gekk vel hjá langflestum. Næsta verkefni var saumuð flíshúfa sem allir voru hæstánægðir með. Þriðja verkefnið var svo bútasaumspúði með flettisaum.

6. bekkur

Nemendur í 6. bekk sauma út í mjög grófan java þar sem notuð voru útsaumssporin: augnsaumur, fléttusaumur og krosssaumur. Þegar því er lokið sauma nemendur útsaumsstykkið á gallaefni sem er nýtt úr gömlum gallabuxum. Ekki náðist að kenna nemendum að hekla vegna tímaskort tilkominn v. Covid.

7. bekkur

7. bekkingar sauma frjálstan útsaum í filtefni og búa svo til myndaramma úr því. Myndin er saumuð föst við rammann í saumavél og sett tróð. Nemendur stensla nafnið sitt á hvítan stuttermabol. Undirbúningsvinna fyrir þetta verkefni fór fram í tölvustofu, þar sem nemendur prenta út nafnið sitt og einnig þau logo eða myndir sem þeir vilja líka mála á bolinn sinn.

8. – 10. bekkur fatasaumur

Nemendur völdu verkefni í samráði við kennara. Þar má nefna; leggings, bolir, kjólar, buxur ofl. Lítið varð úr verkefnum í fatasaum þetta árið vegna Covid.

8.-10. bekkur þrjónaval

Nemendur völdu þrjónaverkefni í samráði við kennara. Sem dæmi má nefna; peysur, húfur, teppi, eyrnabönd ofl.

Samantekt

Yfir heildina litið hefur kennslan gengið mjög vel og nemendur tilbúnir í að vinna verkefni sín. Langflestir eru mjög áhugasamir og spenntir að gera verkefni.

Þessi vetur hefur verið mjög krefjandi vegna Covid og eru margir nemendur sem munu klára verkefni sín næsta vetur. Á tímabili kenndum við list og verkgreinakennarar saman í bekkjarstofunum. Það gekk mjög vel, bæði undirbúningur og framkvæmd, en auðvitað mikill léttir að komast í sína kennslu í eigin kennslustofu.

Þessi vetur hefur sýnt og sannað eina ferðina enn hvað starfsfólk í grunnskólum landsins er aðlögunarhæft, allavega hér í GÍ.

Hönnun og smíði

1.bekkur

Kennari: Jón Heimir Hreinsson

Nemendur voru 31 í fyrsta bekk. Nemendum var skipt upp í 3 hópa í hringekju og fengu þeir 3 kennslustundir á viku í smíði þriðjung úr vetri hver hópur. Covid setti strík í reikninginn í nóvember og voru þá heimilisfræði og smíðahópar sameinaðir og fóru í ýmskonar föndurvinnu í heimastofu í nokkrar vikur.

Verkefni vetrarins var að æfa þau í meðferð útsögunarverkfæra og það sem þeim tilheyrir og einnig fengu nemendur að spreyta sig með hamar og nagla.

Verkefnin sem unnin voru var að saga út ísskápaskraut og mála og saga út upphafsstaf í nafni nemanda og skreyta með málningu. Hjá síðasta hópnum vannst einnig tími til að saga út og pússa smurhníf.

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

2.bekkur

Í vetur voru 23 börn í 2. bekk. Þeim var skipt í 2 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir einu sinni í viku hálfan vetur. Námsgögn voru þau töl og tæki sem henta nemendum í 2. bekk og höfðum til umræða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru reglustika, milluspil, bátur og naglamynd. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

3.bekkur

Kennari. Jón Heimir Hreinsson

Í vetur voru 44 nemendur í 3. bekk. Var þeim skipt niður í fjóra hópa og fékk hver hópur 2 x 80 mínútur á viku í tæknimennt í 9 vikur. Verkefnin sem nemendur unnu var að teikna furðufugl eftir eigin höfði og yfirfæra á krossvið, saga út, pússa, mála og skreyta með fjöðrum. Fuglinn var síðan settur á stöng með platta undir sem búið var að pússa og lakka með glæru lakki. Seinna verkefnið var að smíða blýanta – penna - litastatíf með álímdri, útsagaðri mynd að eigin vali, málað og skreytt. Aukaverkefni voru m.a. að æfa sig með tálguhníf, gífsa, fígúrur, brenna á krossvið, líma saman ýmislegt úr afgangum og saga út smurhníf.

Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

4. bekkur

Í vetur voru 46 nemendur í 4. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Námsgögn voru þau töl og tæki sem henta nemendum í 4. bekk og höfðum til umræða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru lykill fyrir lykla, púsl og tálgun. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekunn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

5. bekkur

Í vetur voru 40 nemendur í 5. bekk. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 5. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru tímaritabox, skuggamynd og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

6.bekkur

Í vetur voru 30 nemendur í 6.bekki. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 3 kennslustundir á viku á tímabilinu, 2 samfelldar kennslustundir og eina staka kennslustund. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 6. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru sérúlampi, standandi púsl og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

7.bekkur

Í vetur voru 42 nemendur í 7.bekki. Þeim var skipt upp í 4 hópa í hringekju. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir tvisvar í viku á tímabilinu. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 7. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru kistill/kassi og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

8. bekkur

Í vetur voru 30 nemendur í 8. bekk. Þeim var skipt upp í 3 hópa í hringekju. Hver hópur fékk 3 kennslustundir á viku á tímabilinu, 2 samfelldar kennslustundir og eina staka kennslustund. Námsgögn voru þau tól og tæki sem henta nemendum í 8. bekk og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum, en þegar nemendur kláruðu þau verkefni fengu þeir að vinna frjáls aukaverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru bók og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu

nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori, auk þess fengu þeir einkunnir í formi tákna fyrir metanleg markmið og lykilhæfni.

9.-10. bekkur val

Í vetur voru nemendur í smíði og hönnun á unglingastigi 26. Þeim var skipt niður í 2 hópa, 1 hópar fyrir áramót og 1 eftir áramót. Hver hópur mætti einu sinni í viku í áttatíu mínútur. Námsgögn voru þau töl og tæki sem henta nemendum á unglingastigi og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefni. Verkefnin sem unnin voru voru kollur og frjálst verkefni með það að markmiði að læra og æfa að skipuleggja sig í vinnu. Einnig fengu nemendur að nýta afgangsefni í frjáls verkefni með það að markmiði að skapa og æfa sig í notkun ýmissa verkfæra. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur fengu lokaekinn fyrir hæfni á námssviði í formi bókstafs að vori.

Bjarnveig Sigurborg Jakobsdóttir

Myndmennt

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Myndmennt var kennd sem skyldufag í 4-7. bekk en valfag í 8-10. bekk. Skráðir voru 201 nemendur í myndmennt hjá skýrsluhöfundi skólaárið 2020-2021. Ólöf Dómhildur kenndi 4-7. bekk og 8-10. bekk en umsjónarkennarar sáu um myndmenntakennsluna í 1-3. bekk.

Lögð er áhersla á að kenna nemendum sköpun, tækni og sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur lærðu listsögu, hvernig á að nota áhöld og efnivið sem er í stofunni, frágang og að skapa út frá eigin hugarheim.

Í vetur var unnið með skúlptúrgerð þar sem nýttur var pappamassi og voru margir sem fóru glaðir heim með loftbelg eða skrímsli/figúru. Listasögukennslan var með þeim hætti í 5-7. bekk að nemendur fóru í ratleik og unnu verkefni um útlistaverk á svæðinu. Nemendur í sjötta og sjöunda bekk unnu með málverk. Í sjöunda bekk hefur skapast hefð að nemendur búi til grímu sem þau gerðu í ár.

Lög var áhersla á meiri tilraunir í myndmennt í ár og því sett upp tilraunahorn undir lok vetrar sem fékk góðar undirtektir hjá nemendum. Tilraunahornið er eitthvað sem verður framhald á því þetta höfðaði til nemenda sem voru frekar áhugalausir.

Í vetur voru keyptir fleiri þrívíddarpennar sem nýttust vel í vetur, Eva fékk lánaða 3 penna í fablab en hefði verið betra ef fablab ætti sína penna til að allir í hópnum getir fengið penna á sama tíma. Nemendur fengu að prófa þrívíddarpennana í frjálsri vinnu en möguleikarnir á að kenna heilum hóp ákveðið kennsluefni er framtíðarsýnin með pennana. Tveir apple pennar voru til í upphafi vetrar en um miðjan vetur hvarf einn penninn og fannst ekki aftur. Þrír ipad pro voru notaðir í vetur með kennslu í þrívíddapennum og osmos.

Í boði var sérkennsla í myndmennt einu sinni í viku þar sem farið var í listasögu, vatnslitamálun og sjálfstæða skapandi vinnu. Deildarstjóri sérkennslu bauð ákveðnum nemendum að sitja tímana og voru það 6 nemendur sem sóttu þá. Tveir nemendur sýndu afrakstur vinnu sinnar á bókasafni skólans en þar er sóknarfæri að sýna verk nemenda í myndmennta sérkennslu. Nemendur voru mjög ánægðir með tímana og virtist veita sumum nemendum meiri vilja til að mæta í skólann.

Í ár tókum við þátt í sjónlistadeginum 2021 þar sem nemendur í 1. bekk og 6. bekk lærðu um tröll og bjuggu til skuggamynd af tröllum og hengdu upp í glugganum á stofunni sinni. Sjónlistadagurinn verður vonandi árlegur og hægt að framkvæma hann í samstarfi við umsjónarkennara.

8 – 10. bekkur (valgrein)

Nýtt fyrirkomulag var prófað í vetu í myndmennt en það var að leggja fyrir 4 verkefni skylduverkefni sem sett eru upp á Classroom og kennari kynnir í upphafi annar. Nemendur stýra því hvenær þeir vinna verkefni og skila þeim inn á Classroom þegar þau hafa lokið þeim. Einnig var tekið upp sjálfsmat á vorönn sem reyndist vel þó má útfæra það betur t.d. setja upp í classroom. Það að gefa nemendum frelsi til að stýra tíma sínum leiddi til þess að verkefni voru mun vandaðari og skapandi en áður hefur verið þegar flestir fylgjast að.

Vek athygli á instagramsíðu myndmenntar sem þó hefur ekki mikið verið uppfærð á þessu ári en það stendur til bóta með tilkomu fleiri ípad tækja og kennslu á slík tæki bjóða upp á að deila verkefnum nemenda á þessari síðu. <https://www.instagram.com/myndmennt.grisa/>

Námsmat: Nemendur skila ljósmyndum af verkefnum í classroom, vinnusemi, frágangur og sjálfsmat.

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir



Ýmsar valgreinar

Ljósmyndun

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir


Ljósmyndun var kennd sem valfag í 8-10. bekk. Skráðir voru 19 nemendur í ljósmyndun skólaárið 2020-2021, kennt á mánudögum 13:00-14:20 fyrir áramót.

Lögð er áhersla á að kenna nemendum tækni, myndlæsi, og sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur lærðu að stilla myndavél, fóru í gönguferð þar sem átti taka ákveðnar myndir, skoðuðu myndir

af myndirarsins.is og unnu með þær. Vegna Covid var ekki farið í að sýna verk nemenda en í fyrra var sýning í Neista sem heppnaðist vel svo vonandi verður hægt að gera það næsta vetur. Allir nemendur fengu heimaverkefni sem þau leystu jafnt og þétt yfir önnina og skiluðu í lok tímabils.

Námsmat: Verkefni á classroom, vinnusemi, áhugi og vandvirkni.

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir



Menningarlæsi og sköpun

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Menningarlæsi og sköpun er ný námsgrein í sérkennslu þar sem aðaláherslan er nám í nærumhverfi. Deildarstjóri sérkennslu valdi nemendur í hópinn í samráði við umsjónarkennara og Ólöfu. Nemendur heimsóttu söfn, stofnanir og lærðu hin ýmsu staðarheiti í bænum. Staðir sem við heimsóttum voru Byggðarsafnið, Safnahúsið, Skotveiðifélag Vestfjarða, Bæjarskrifstofan, Menntaskólinn (listnámsbraut), Hversdagssafnið, Dellusafnið, Slökkviliðið, Húsið(kaffihús) og Stöðin(líkamsrækt).

Markmiðið með náminu er að nemendur þekki sitt nærumhverfi, læri staðarheiti og örnefni, læri um stofnanir og söfn í bæjarfélaginu. Við fórum t.d. í Jónsgarð og elduðum popp á eldstæðinu þar, hittum bæjarstjórnann þar sem nemendur komu skoðunum sínum á framfæri og fengum kynningu á stjórnsýslunni, unnum sjálfseflandi verkefni og töluðum um drauma okkar og hvernig við getum látið þá rætast. Lukum vetrinum með að sýningu í Hversdagssafninu þar sem nemendur völdu hlut/safn heima og við í sameiningu skrifuðum niður sögu hlutarins sem var afrakstur sýningarinnar ásamt hlutnum sjálfum.

Möguleikar á frekari útfærslu á þessu er að vera með staðar og örnefnaratleik, fara oftast á byggðasafn til að undirbúa sýningu og vinna meira með sjálfsmyndina inn á milli.

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir



Fablab

Kennarar: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir og Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

FabLab var kennt sem valfag á mið- og unglingastigi. Skráðir voru 44 nemendur á miðstigi sem skiptust í fjóra hópa og á unglingastigi voru 14 nemendur sem skiptust í tvo hópa.

Eva undirbjó kennslu vetrarins fyrir miðstig og Ólöf fyrir unglingastig í samstarfi við Þórarinn Breiðfjörð verkefnastjóra FabLab og samvinnan við Þórarinn gekk vel. Samstarfsfundir voru fáir vegna Covid.

FabLab smiðjan er stafræn smiðja sem gerir fólki kleift að skapa hluti í tölvu og framleiða þá í vélunum sem eru á staðnum. Við nýttum vínyskera, laser og þrívíddaprentara, en kennararnir þurfa að fá miklu meiri tíma til að læra á stóru útsögunarvélina og rafeindafræsarann. Nemendur fá fræðslu um hugsanleg áhrif smiðjunnar á samfélagið okkar og hugsjónirnar á bakvið slíka smiðju. Farið er yfir hlutverk okkar í smiðjunni og þá ríku þörf að við hjálpumst að, sýnum þolinmæði, reynum að finna út úr hlutunum sjálf og kennum hvort öðru það sem við lærum, ásamt því að koma fram við fólkið og umhverfið af virðingu. Það gekk þokkalega og nemendur stóðu sig almennt vel í þessum tímum. Þau þurftu oft að bíða lengi eftir aðstoð og það er greinilega þörf fyrir að hafa annaðhvort tvo kennara í þessum tímum eða fækka í hópunum á miðstigi svo það séu að hámarki 8 nemendur í hópnum. Kennararnir tóku þá ákvörðun að nýta hluta af sínum undirbúningstíma til að mæta með hvor annarri í tímana til að aðstoða þegar tækifæri gafst. Nemendur voru flestir þakklátir fyrir að hafa fengið tækifæri til að læra á FabLab, mættu tímanlega í kennslustundirnar og vildu helst ekki fara í lok tímans. Eins urðu þau mjög svekkt ef tími féll niður. FabLab kennslan féll niður að einhverju leiti á Covid tímabilinu.

Sumir vildu mæta í FabLab á almenningstímum og kennarar hvöttu þau eindregið til að fá foreldrana með sér á almenningstíma, sem sumir gerðu! Það tekur talsverðan tíma að læra á tækina, nemendur voru mjög áhugasamir en þrátt fyrir það eiga þau erfitt með að tileinka sér vinnubrögðin.

Nemendur lærðu á Inkscape forritið og vínyskera til að gera límmiða. Í laser unnu nemendur í plexígler, tré og pappa þar sem mynd var röstuð eða teikning skorin út. Nemendur á miðstigi bjuggu til róbot úr tannbursta/tappa og lærðu á þrívíddarpenna en gott væri að eignast 3 penna til að nýta í smiðjunni. Nemendur lærðu aðeins um nýsköpun og þróun hugmynda. Á unglingastigi voru unnin verkefni unnin í vínyskera, laser og þrívídd. Nemendur höfðu frjáls efnistöð og nýttu hönnunarferli til að ákveða og útfæra hugmyndir sínar.

Í ár fengum við heimsókn frá starfsnemum eða nemum í Lýðháskóla vegna Covid. Efniskostnaði var haldið í algeru lágmarki en nemendur fengu að prenta í vínýl, og þrívídd (plast), sem skapar kostnað.

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, Sigurrós Eva Friðbjófsdóttir



Næringarfræði

8.-10. bekkur

Kennari: Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Námsefni: Ráðleggingar um mataræði frá Embætti landlæknis og glærur frá kennara

Fjöldi nemenda: 10, þar af 7 stelpur og 3 strákar

Nemendur fengu 2 kennslustundir á viku á vorönn. Farið var yfir ýmis grunnatriði í næringarfræði, svo sem orkuefnin, vítamín og steinefni, sykur og koffín, umbúðalestur og næringu í íþróttum. Námsmat byggði því á verkefnum nemenda, ástundun og lokaprófi.

Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Tæknilegó

Kennari: Jón Hálfán Pétursson

Tæknilegó var kennt í hræringi fyrir 5.-7.bekk og var skipt á fjögur tímabil yfir skólaárið. 6-14 nemendur sátu kennslustundir á hverju tímabili þ.e. 8-9 vikur hvert tímabil.

Aðalviðfangsefnin voru:

- að vekja eða auka áhuga nemenda á vísindum og tækni.
- að þjálfast í grunnforritun
- að þjálfast í vinnu rannsóknarverkefna
- að þjálfast nemendur í samvinnu
- smíði á vélmennti úr tölvustýrðu Lego
- forritun vélmennisins

Jón Hálfán Pétursson

Tækniráð

Kennari: Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

Í tækniráði voru 27 nemendur þar af 22 drengir og 5 stúlkur. Nemendunum voru skipt í tvo hópa 8. bekkur var einn hópur og 9 og 10. bekkur saman. Nemendur fengu eina kennslustund í viku. Verkefnin voru mismunandi; þau lærðu að gera upp snúrur, útbúa ljósastæði, tengja tengla, þrifa ljós, hengja, tengja og stilla ljós, nota ljósaborð og uppfæra það. Við fengum fyrirlestur um ljós og ljósaönnun frá Friðþjófi Þorsteinssyni. Farið var í hvað þarf að hafa í huga þegar leiksýningar eru lýstar; annars vegar og böll hins vegar. Þau lærðu að tengja hátalara og bassabox saman við mixer. Í tækniráði fer fram mikil jafningjafræðsla.

Tækniráð sá um 3. böll í vetur, ásamt litlu jólum og árshátíð. Aðrar upptökur sem tækniráð hefur séð um féllu niður vegna aðstæðna. Varðandi tækjabúnað, þá þarf að fylgjast með tækjum og snúrum næsta vetur vegna viðhalds, þar sem búnaðurinn er kominn til ára sinna.

Það þarf að endurnýja sviðið og tjöldin framan á sviðinu. Tækjalisti er inni á sameign.

Ég tel óráðlegt að upptaka á árshátíðaratriðum sé í höndum þeirra sem sjá um tæknivinnu fyrir árshátíð í heild sinni.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

D&D (Drekar og dýflissur)

Kennari: Laufey Eyþórsdóttir Nemendur sýndu valfaginu mikinn áhuga. Tímarnir enduðu á bókasafninu þar sem nemendur nýttu það að geta dreift úr sér og fengið betra næði. Því miður settu Covid og veikindi kennara strík í reikninginn og einungis tókst að vera með kennslu í fjögur skipti. Nemendur tjáðu kennara að þeir hefðu viljað fá tækifæri til að vinna upp tapaðan tíma seinna á skólaárinu.

Laufey Eyþórsdóttir



Ítalska

8.-10. bekkur

Kennari: Katrín Sif Kristbjörnsdóttir

Námsefni: Kennsluhefti útbúið af kennara, ýmis smáforrit og myndefni

Fjöldi nemenda: 10, þar af 8 stelpur og 2 strákar

Nemendur fengu 2 kennslustundir á viku á haustönn. Farið var yfir ýmis grunnatriði í ítölsku, svo sem ítalska stafrófið, framburðarreglur, einfaldar setningar, orðaforða og málfræði. Námsmat byggði á verkefnahefti nemenda, lokaprófi og ástundun.

Skólahreysti

Skólahreysti voru kenndar í hræringi fyrir 5.-7. bekk og var skipt á fjögur tímabil yfir skólaárið. Kennt var á föstudögum og 12-16 nemendur sátu kennslustundir á hverju tímabili þ.e. 8-9 vikur hvert tímabil.

Aðalviðfangsefnin voru:

- Nemendur fengu að kynnast öllum þeim greinum sem eru í skólahreysti
- Unnið með þol
- Unnið með þrautseigju

Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Frjálsar íþróttir

Frjálsar íþróttir voru kenndar í hræringi fyrir 5.-7. bekk og var skipt á fjögur tímabil yfir skólaárið. Kennt var á þriðjudögum og 12-16 nemendur sátu kennslustundir á hverju tímabili þ.e. 8-9 vikur hvert tímabil.

Aðalviðfangsefnin voru:

- Fara yfir helstu greinar innan frjálsra íþróttanna
- Kenna þeim undirstöðuatriði í hverri grein
- Kenna þeim æfingar sem tengist hverri grein
- Fara yfir muninn á frjálsum íþróttum innan- og utanhúss.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Mótun

Í vetur voru 45 nemendur skráðir í mótun. Þeim var skipt upp í 4 hópa, 9-12 nemendur í hverjum hóp. Nemendur fengu 2 samfelldar kennslustundir einu sinni í viku á tímabilinu. Hvert tímabil var ¼ úr vetri. Námsgögn voru þau töl og tæki sem henta nemendum á miðstigi, kennslu í mótun og höfðum til umráða í smíðastofunni. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af skylduverkefnum úr ákveðnum efnum, en afurðin var frjáls. Verkefnin sem unnin voru voru úr pappamassa, vír, gífsi, sjálfharnandi leir, pappamassaleir og mótunarleir og voru afurðirnar af ýmsu tagi. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Ekkert formlegt mat er í hræring.

Bjarnveig S. Jakobsdóttir

Endurvinnsla

Í vetur voru 47 nemendur skráðir í endurvinnslu. Þeim var skipt upp í 4 hópa, 11-13 nemendur í hverjum hóp. Hvert tímabil var ¼ úr vetri. Nemendur fengu 1 kennslustund einu sinni í viku á tímabilinu. Námsgögn voru þau töl og tæki sem henta kennslu í endurvinnslu og nemendum á miðstigi. Stuðst var við efni af vefnum og ýmsar bækur hafðar til hliðsjónar við gerð námsefnis. Í grunninn byggðist námið upp af einu skylduverkefni. Verkefnið sem unnið var var skál úr dagblöðum. Þær kennsluaðferðir sem helst voru notaðar voru innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar og umræður, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum. Ekkert formlegt mat er í hræring.

Bjarnveig S. Jakobsdóttir

6. Fagteymi

Íslenskuteymi

Teymið var skipað: Guðlaugur Viðar Valdimarsson, Jón Heimir Hreinsson, Kristín Berglind Oddsdóttir og María F. Lárusdóttir. Fundað var á þriðjudögum þegar teymisfundir voru.

Verkefni teymisins í vetur var að:

- Skila yfirlsesinni námsskrá í íslensku
- Dagur íslenskrar tungu
- Stóra upplestrarkeppnin (7. bekkur) / Litla upplestrarkeppnin (4. bekkur)
- Snillingarnir (5.-7. bekkur)

Teymið hittist 6 sinnum í vetur. En vegna covid varð ekkert af Snillingakeppninni.

Stóra upplestrarkeppnin var sett í Hömrum 16. nóvember á degi íslenskrar tungu af skólastjóra.

Stóra upplestrarkeppnin:

Framkvæmd:

Teymið sá um að útvega dómara í bekkjarkeppnina og umsjónarkennarar 7. bekkjar prenta út blöð fyrir dómara.

Bekkkjarkeppnin var haldin í febrúar og dómarar voru: Helga S. Snorradóttir og Magnúsína Harðardóttir.

Skólakeppnin var haldin í byrjun mars, Edda Kristmundsdóttir, Helga Björt Möller og Rannveig Halldórsdóttir voru dómarar fyrir hönd skólans.

Lokakeppnin fór fram í Hömrum um miðjan mars. Skóla - og fjölskyldusvið sá um undirbúning.

Litla upplestarahátíðin í 4. bekk var í höndum umsjónarkennara 4. bekkjar og fór hún fram í lok maí.

Snillingakeppnin var ekki haldin að þessu sinni vegna COVID 19.

Skólanámsskrá í íslensku var yfirfarin.

Til þess að þessi vinna í íslenskuteyminu geti orðið markvissari þurfa að vera kennarar af öllum stigum.

Guðlaugur Viðar Valdimarsson, Jón Heimir Hreinsson, Kristín Berglind Oddsdóttir, María F. Lárusdóttir

Tungumálateymi

Teymið hittist fjórum sinnum yfir veturinn

Fara yfir sameiginleg verkefni í ensku og dönsku á unglingastigi og þemaverkefni sem unnin eru í hverju fag fyrir sig frá 4.-10. bekk skoðað hver þeirra er hægt að samþætta.

Sameiginleg verkefni sem unnin eru í ensku og dönsku á unglingastigi eru Draumaferðin í 10. bekk og Gönguleið um Ísafjörð í 9. bekk. Eftir að hafa farið yfir verkefnin þótti okkur ekki ástæða til að samþætta verkefni í ensku og dönsku í yngri bekkjunum.

Við skoðuðum líka tungumálanám í samhengi við leiðsagnarmat og hvernig hægt væri að auka námsvitund nemenda í tungumálanámi. Hvaða væri líkt og hvað ólíkt. Ákveðið að skoða leiðsagnarmatið og finna þætti þar sem henta tungumálanámi.

Við ræddum hvernig eða hvort hægt væri að skila verkefnum áfram til seinni nota. Hvort við ættum að taka sama helstu viðfangsefni sem fylgja námskrá, með verklýsingu. Svo sem hvernig hægt er að vinna með orðaforða er tengist námsefninu, hvernig hægt er að vinna með lykilhæfni og helstu matsviðmið aðalnámskrár. Við sáum svo að líklega fylgir tungumálanámið öðrum fögum skólans í leiðsagnarmatinu og aðalnámskrá liggur beint við.

Það var því ákveðið að skoða hvaða kennsluhættir og námsleiðir væri best til þess fallnir að samrýmast bæði leiðsagnarmati og Aðalnámskrá, hvernig við næðum sem heilstæðastri samfellu í tungumálanámi. Ákveðið var að skoða kenningar Stephen Krashen um það hvernig maður lærir erlend tungumál og hvernig þær samræmast tungumálakennslu í G.Í.

Kenningar Stephen Krashen falla vel að tungumálakennslu sem við tungumálakennarar í G.Í. leggjum áherslu á og við teljum mikilvægt að skólinn reyni að halda sig við þessar kenningar og það verði tryggt að kennarar sem koma nýir að tungumálanámi kynni sér þær aðferðir sem við höfum notað.

Ákveðið var að vera ekki að tiltaka ákveðin verkefni í tungumálanáminu í G.Í. vegna þess að verkefnin henta misvel árgöngum, kennurum, tíðaranda og viðfangsefnum.

Arna Björk Sæmundsdóttir, Bergljót Halldórsdóttir, Kristín Ólafsdóttir

Vinaliðateymi

Markmið þessa teymis er að halda utan um vinaliðaverkefnið sem Grunnskóli Ísafjarðar er þáttakandi að. Fastir fundir eru einu sinni í mánuði en á tveggja vikna fresti er fundað með nemendum. Einnig hafa verið óformlegir fundir á skólatíma þegar þess þarf. Verkefnið hefur gengið vel og er almenn ánægja hjá nemendum en þó eru það stjórnendur og þeir sem hafa með fjárhaginn að ákveða framhald því verkefnið kostar peninga. Ljóst er að rýrnun verður á vinaliðadótinu. Gengið hefur vel að geyma dótið hjá ritara. Einnig verður gott að fá hugmyndir frá kennurum um það sem má laga og breyta því ekkert verkefni er yfir gagnrýni hafið.

Vinaliðarnir (nemendurnir) eru mjög duglegir og áhugasamir og standa sig vel í að hvetja önnur börn til þátttöku. Verkefnið er hugsað fyrir nemendur í 4,5 og 6 bekk og er í frímínútum frá 9:20 – 9:40 alla virka daga nema fimmtudaga vegna þess að þá eru íþróttatímar hjá miðstigi. Stuttur fundur er með vinarliðum aðra hverja viku, til að ákveða stöðvar og til að þeir geti komið sínum skoðunum á framfæri.

Notast er við dót úr íþróttahúsinu við Austurveg, ásamt dóti úr vinaliðapakka eins og vesti, bolta, keilur, gjarðir og víkingakubba.

Miðað er við að stöðvar séu fjölbreyttar og nái til sem flestra nemenda en einnig verður að taka tillit til veðurfars. Þær stöðvar sem hafa verið í boði hingað til eru m.a. dans, boltaleikir, eltingarleikir, hittnileikir, limbó, skotleikir ofl. Virknin hefur verið góð og ekki mikið um árekstra milli nemenda. Einnig hafa skólaliðar verið virkir í að aðstoða nemendur og taka þátt í leik og starfi. Þó ber að nefna að ekki taka allir nemendur þátt í verkefninu, sem dæmi eru sumir að spila sinn fótbolta enda er tilgangurinn að auka fjölbreytni meðal nemenda og koma í veg fyrir aðgerðarleysi. Vonandi stuðlar verkefnið að minna ofbeldi meðal nemenda í frímínútum og bættum samskiptum.

Hæfilegt er að velja 4 – 6 vinaliða úr hverjum árgang og sjá umsjónarkennarar um að velja þá.

Atli Freyr Rúnarsson, Árni Heiðar Ívarsson

Upplýsingatækni

Meðlimir teymis:

Arna Ýr Kristinsdóttir, Erna Sigrún Jónsdóttir, Guðbjörg Halla Magnadóttir, Jón Hálfán Pétursson, Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir og Laufey Eyþórsdóttir

Teymið fundaði 6 sinnum yfir veturinn. Skólanámskrá var lesin yfir í síðasta sinn og skilað inn að hausti 2020. WorkPlace hópur teymis stofnaður og Pinterest síða þar sem áhugaverðum upplýsingum er varða upplýsingatækni var safnað jafnt og þétt inn. Rætt um þörfina á að kaupa

aðgang að ákveðnum smáforritum. Hugmynd að halda „Grísaleika“ á starfsdegi með ratleik þar sem yrði farið á milli 5 stöðva með kennslu á ýmis öpp. Ekki reyndist fært að framkvæma þá hugmynd þetta skólaár vegna covid-takmarkanna.

Skemmtileg hugmynd um að hafa upplýsingatækniviku eða átak í skólanum þar sem allir bekkir myndu gera skapandi verkefni og nota til þess upplýsingatækni. Gaman væri að hafa sýningu eða gera fréttabréf eða eitthvað slíkt sem myndi skila sér til foreldra og út í nærumhverfið.

App-gátlistar voru teknir fyrir, íhugað að fara með þá inn á deildarfundir til að skoða hvað er verið að nota í hverjum árgangi. Teymið endurskoðaði listana til að hreinsa til úr þeim og skoða þau öpp og forrit sem við höfum ekki verið að nota. Einnig komu fram hugmyndir að sjónrænu skipulagi á smáforritum sem hver og einn bekkur er að nota. Hægt væri að nota stórt karton og inn á það væru settir post-it miðar með nöfnum forritanna og í hvaða fögum þau væru notuð. Síðan væri gott að fara yfir þetta á starfsdegi og skoða og flokka enn frekar eða að kennarar deildu því með hvor öðrum inn á t.d. Workplace. „Upplýsingatæknilestin“ verður sett upp inn á vinnurými kennara og kynnt betur.

Rætt um að hitta ef til vill upplýsingatæknikennara í MÍ og bera saman bækur okkar, hvað vantar helst upp á hjá nemendum okkar? Rætt var hvort skerpa þyrfti á markvissari upplýsingatæknikennslu í skólanum og hvaða leiðir væru færar í þeim efnum. E.t.v. væri gott að innan skólans væri fagstjóri í upplýsingatæknikennslu sem sæi um að stýra upplýsingatæknikennslu innan skólans og sjá um upplýsingatækniver, t.d. í samvinnu við bókasafn skólans.

Náttúru- og stærðfræðiteymi

Haldnir voru 7 fundir á þriðjudögum eftir hádegi. Vegna Covid-19 varð minna úr starfi teymisins en vonast var til.

Teymið skipuðu Berglind Árnadóttir, Katrín Björnsdóttir, Vala Friðriksdóttir, Marzena Glodkowska, Helga Aðalsteinsdóttir og Katrín Sif Kristbjörnsdóttir.

Mikið var rætt um stefnumótun í raungreinum auk þess sem tekið var saman hvaða námsbækur eru í notkun í stærðfræði. Sá listi er aðgengilegur á sameign undir námsbækur-námsefni.

Að mati teymisins mætti hlutverk teymisins vera betur skilgreint. Eins þætti okkur hagnýtara að nýta þessa tíma í að læra eitthvað sem nýtist manni betur í kennslunni, t.d. eins og vinnan í tenglum við byrjendalæsi. Að þurfa að taka saman lista yfir námsefni sem er í notkun finnst okkur mikil tímasóun þar sem vel er hægt að fletta þeim upplýsingum upp í kennsluáætlunum og bekkjarnámskrám sem gerðar eru á hverju ári.

Uppbyggingarteymi

Teymið fundaði alls 7 sinnum í vetur. Um haustið byrjuðu Iwona, Guðný Stefanía, Guðlaug og Sveinfríður Olga í teyminu og í mars bættist Jóhanna Ása við.

Unnið hefur verið í því að endurskoða uppbyggingarstefnuna í starfi skólans og byrjunin var að vinna í handbókinni og uppfæra hana. Kláraðist sú vinna í lok september.

Ákveðið var að skipuleggja vinnu sem yrði gerð í öllum bekkjum á degi gegn einelti, 8. nóvember. Ákveðið var að allir árgangar færu í vinnu með þarfirnar og unglingastig myndi aðstoða yngsta stig.

Í desember var handbókin kynnt fyrir kennurum á kennarafundi. Teymið vill sjá að allir umsjónarkennarar vinni með sáttarborðið (1.-3. bekkur) og 4.-7. bekkur með völundarhringinn. Leggjum til að allir fari í þarfavinnu í janúar og svo verði farið í sáttarborðið í framhaldi af þarfavinnu.

Ákveðið að fara í þarfavinnu með öllum bekkjum, þann 29. apríl. Miðlotan skal tekin í vinnuna. Miðstigið og 4. bekkur munu þá líklega vinna í sínum árgöngum en yngstu þremur bekkjunum og unglingum blandað saman, þ.e. vinabekkjum.

Umsjónarkennarar fá þarfagreiningablað í hólfið sitt strax eftir páska. Uppbyggingarteymið ætlar að vera tilbúið með öll gögn. Vinabekkir koma og aðstoða við vinnuna þegar umsjónarkennarar eru búnir að fara í þarfavinnuna með sínum bekk.

Næsta haust

- Uppfæra handbókina
- Gera uppbyggingardagatal
- Fara yfir á kennarafundi – er skólinn minn uppbyggingarskóli (sjá spjallþrjáð uppbyggingarteymis)

Guðlaug Jónsdóttir, Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Iwona Samson, Jóhanna Ása Einarsdóttir og Sveinfríður Olga Veturliðadóttir.

Í tilefni nemendapings í 6.10. bekk á degi gegn einelti þann 8. nóvember, stóð teymið fyrir því að árgangar í 1.-5. bekk höfðu nemendaping yngri barna og útkoman varð þarfahringur fyrir hvern árgang.

Teymið er sammála um að nauðsynlegt sé að hafa uppbyggingarteymi til að geta haldið áfram að vinna með uppbyggingarstefnuna.

Þemadagar

Þemadagar tókust almennt mjög vel og flestir starfsmenn skólans voru ánægðir með þá. Það setti hinsvegar leiðinlegan svip á þemadagana að eitt stig skólans tók sig út úr skipulaginu og valdi að hafa ekki hópaskiptingu heldur yrði hver og einn með sinn bekk. Finnst teyminu að ef þannig staða komi upp aftur að þá stigi stjórnendur fram, taki af skarið og tilkynni að það taki allir þátt eins og lagt hefur verið upp með. Það er hluti af kennarastarfinu að taka þátt í svona starfi þar sem að það er í okkar verkahring sem kennara að efla félagsþroska nemenda og er það kannski það sem þemadagar snúast helst um.

Teymið hittist fimm sinnum og einnig á nokkrum örfundum í aðdraganda þemadagana og fór skipulagning fram á þeim fundum. Einnig var mikið um samskipti á samfélagsmiðlum. Teymið skipti í hópa þvert á stig og skipti kennurum á milli hópa. Unnið var að því að ákveða hvaða yfirþema yrði á þemadögum og komið var með hugmyndir að verkefnum við vinnuna, sem kennarar gátu nýtt sér þegar þeir skipulögðu sína vinnu með nemendum.

Ákveðið var að hafa landþema og að hver hópur kynnti sér eitt land mjög vel og yrði með sömu kennara og sömu heimastofu þessa tvo daga. Almenn ánægja virðist vera með þannig skipulag og töluðu starfsmenn um að það hentaði mörgum nemendum betur en að vera alltaf að flakka á milli stofa og fá alltaf nýja kennara. Teljum við þó að þemadagar þar sem að skólanum er öllum skipt upp í hópa þurfi að vera líka til þess að þjálfar nemendur í að vinna með öllum aldri. Gæti verið gott að hafa þemadaga með þannig sniði í annað hvert skipti.

Jóhanna Ása, Fríða, Salome, Auður, Eva, Harpa og Bjarnveig.

Leiðsagnarnám

Teymisfundur 29. sept.

Árný og Harpa

Innleiðing leiðsagnarmat, lykilhæfni.

Þemavinna, skoða stór endurnýtanleg verkefni og tengja þau við markmið í Aðalnámskrá.

Skoða bók eftir Tomlinson.

Teymisfundur 21.janúar

Árný, Harpa og Pálína.

Fundir hafa verið heldur fáir bæði vegna covid og veikinda og því ómarkviss vinna. Við ræddum vítt og breytt um leiðsagnarnám reyndum að skilgreina betur hvað felst í því. Við komum með dæmi úr okkar eigin kennslu og spáðum í hvort það gæti átt við leiðsagnarkennslu. Kennarar virðast vera að nota svipaðar aðferðir víða í kennslu en kannski útfærðar á mismunandi máta. Við ætlum að lesa nokkra kafla í bókinni hennar Shirley Clarke svo við höfum fleiri svör á næsta fundi.

Við erum á því að leiðsagnarnám sé þegar kennari hjálpar nemendum að fara bestu leiðina til náms. Einstaklingsmiðuð kennsla sem nær fram áhugahvöt og góðri færni hvers og eins nemanda.

Pálína prófaði tvö leiðsagnarverkefni annarsvegar bakpokaferðarlag (sameign: 8.bekkur; samfélagsfræði) og spendýraverkefni (sameign: 8.bekkur; náttúrufræði).

Harpa tók þátt í tilraunakennslu ÞOTA í 9.bekk sjá (ársskýrslu sameign: 9.bekkur)

7. Ýmsar skýrslur

Bókasafn Grunnskólans á Ísafirði

Starfsemi bókasafnsins veturinn 2020-2021 var með hefðbundnu sniði, ef hægt er að tala um hefðbundið á þessum tímum.

Safnkosturinn er allur skráður í tölvukerfið Gegni. Útlán bóka fer einnig í gegnum þetta kerfi. Á haustin og vorin eru ákveðnir álagstímar á bókasafninu, þegar afgreiðsla og skil bóka/námsbóka stendur yfir.

Allar námsbækur og gögn frá Menntamálastofnun koma á bókasafnið til frágangs og undirbúnings fyrir notkun. Nemendur í 7.-10. bekkjar fá námsbækur afhentar á bókasafninu. Veturinn 2019-2020 gerðum við tilraun með að skrá ekki einstaka námsbók á hvern nemanda, heldur lána bókabunka óskráðan inn í skólastofur. Skil virðast vera ósköp svipuð og undanfarna vetur og því var ákveðið að þessi háttur yrði hafður á áfram. Talning á námsbókum fer alltaf fram á skólasafninu á hverju vori.

Skil á lestrarbókum og námsbókum mættu vera betri og eru alltaf þónokkrar bækur sem þarf að afskrifa, vegna þess að þær skila sér ekki frá nemendum.

Það þyrfti að gera átak í því að gera nemendur ábyrgari fyrir því að skila því sem þau fá að láni. Mikil heimilda- og verkefnavinna fer alltaf fram á bókasafni og er það gert í samstarfi við kennara í hverri grein eða árgangi fyrir sig.

Frístund hjá nemendum í 1.-4. bekk hefur verið á skólabókasafninu, nú sjöunda árið í röð og tekist vel. 3.-4. bekkur er frá 11.40-12.20 og 1.-2. bekkur frá 13-13.40. Hingað koma að hámarki 10 nemendur til að lesa, spila, teikna, spjalla og gera verkefni. Þetta lífgar mikið upp á starfið á bókasafninu.

Mikið og gott samstarf hefur alltaf verið við Bæjarbókasafnið. Nemendur hafa reyndar farið mun minna í heimsóknir á Bæjarbókasafnið þennan veturinn, vegna covid-19 faraldursins, heldur en áður. Einnig hafa kennarar fengið töluvert af bókum í millisafnaláni frá safninu.

Í vetur tókum við þátt í Bókaverðlaunum barnanna, sem haldið er af Borgarbókasafni. Þar gefst nemendum í 1.-7. bekk kostur á að velja sér sínar uppáhaldsbækur af útgáfu síðasta árs. Sú bók sem flest atkvæði fær, vinnur Bókaverðlaun barnanna. Ágætis þátttaka var í þessari atkvæðagreiðslu hér í G.Í., u.þ.b. 50 nemendur tóku þátt. Einn heppinn nemandi var dregin úr atkvæðaseðlum og fékk hann bókagjöf í verðlaun.

Bókasafnsfræðingur sér um innkaup á bókum til safnsins. Bókagjafir hafa verið þónokkrar frá hinum ýmsu velunnurum skólabókasafnsins í bæjarfélaginu. Það er gott að vita af því að fólk hugsar hlýtt til okkar, þegar við þurfum á því að halda.

Aðföng:

Veturinn 2020-2021 voru keyptir eða gefnir titlar alls. 398.

Þar af voru gefnir titlar og titlar fyrir úthlutunarkvóta frá Menntamálastofnun. 100.

Þannig að þeir titlar sem skólasafnið keypti fyrir eigið fjármagn voru. 298.

Afskrifaðir titlar 60.

(Inni í þessum tölum eru; skáldsögur, fræðibækur)

Opnunartími:

Safnið er opið mánudaga-fimmtudag frá kl. 8-15,
og á föstudögum frá kl. 8-14, þ.e. 34 tímar á viku.

Starfsfólk í vetur:

Carolon Ursula Kraus bókavörður

Kolbrún Guðjónsdóttir bókavörður

Rannveig Halldórsdóttir

Nemendaverndarráð

Haldnir voru 10 fundir um málefni 32 barna eða um 9 % nemenda. Fundina sátu að jafnaði frá skólanum skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar og námsráðgjafi. Einnig sátu fundina fulltrúi barnaverndar, skóla- og tómstundasviðs og skólahjúkrunarfræðingur. Til viðbótar voru fundir með barnageðteymi þar sem fjallað var um málefni barna með sérstaklega erfið frávík. Þá fundi sátu fulltrúar heilsugæslu, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og deildarstjóri stoðþjónustu.

Beiðnir um sérfræðiþjónustu sem fóru fyrir nemendaverndarráð fyrir skólaárið voru 26. 25 þeirra voru til sálfræðinga og ein til talmeinafræðings.

Nemendaverndarráð er einnig líka starfandi sem eineltisteymi og komu átta tilkynningar um einelti. Umsjónarkennarar unnu eineltismálin með sínum nemendum og kláruðu þau.

Skólaráð

Skólaráð var stofnað við GÍ í október 2009. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Fulltrúar í skólaráði eru skipaðir í tvö ár í senn, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og skólastjóri. Fulltrúar sl. vetur voru Fríða Rúnarsdóttir kennari, Kristín Ólafsdóttir kennari, Violetta Maria Duda stuðningsfulltrúi, Dagný Finnbjörnsdóttir foreldri, Þórunn Berg foreldri, Hörður Christian Newman nemandi, Berglind Sara Friðbjörnsdóttir nemandi, Guðmundur Kristjánsson fulltrúi úr nærsamfélaginu og Sveinfríður Olga Veturliðadóttir skólastjóri. Ráðið fundaði þrisvar sinnum yfir veturinn, en fundir voru færri en ráð var gert fyrir vegna Covid og var dagskrá tveggja funda tekin á einum fundi tvisvar sinnum. Helstu verkefni að fara yfir skólanámskrá, starfsáætlun, skóladagatal, rekstraráætlun og skipulag næsta árs. Einnig voru kynnt fyrir ráðinu önnur verkefni í skólanum svo sem ný viðbragðsáætlun gegn einelti.

Fjárhagsáætlun skólans

Fjárhagsáætlun grunnskóla Ísafjarðarbæjar er hluti af fjárhagsáætlun bæjarins. Framsetningin er samkvæmt fyrirmynd um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001. Áætlun þessi er svokölluð rammaáætlun þar sem tekjum og gjöldum er skipt í bundna og óbundna liði. Heimilt er að breyta upphæðum óbundinna liða þannig að ef einn útgjaldaliður hækkar verður annar að lækka á móti til að kostnaður samtals hækki ekki umfram viðmiðunarmörk áætlunarinnar. Fjárhagsár skólans er almanaksárið eins og í öllum almennum rekstri.

Endurskoðuð áætlun fyrir árið 2020 var 737.556.670 kr. Þegar upp er staðið var staðan í árslok 735.666.114 kr. eða rétt undir áætlun.

Eftirfarandi verkefni og búnað þarf að hafa í huga við næstu fjárhagsáætlunargerð:

- Endurnýjun á nemendahúsgögnum, 3-4 kennslustofur á ári.

- Kaupa þarf 2-3 skjávarpa á ári þar sem þeir ganga úr sér, eða aðrar lausnir t.d. Air Server.

- Einnig 2-3 tölvur fyrir starfsmenn.

- Gera ráð fyrir ipada í einn árgang, endurnýjun á ipöðum á yngsta stigi og endurnýjun á nokkrum ipöðum fyrir kennara.

- Hjólagrindur vantar við skólann.

Pússa og lakka þarf gólfið á sviðinu.
 Ný tjöld vantar í salinn.
 Hljómflutningstæki og hátalara í dansstofu
 Kaupa tvær harmonikkurhurðir.
 Bóna skólann – af fagmanni.
 Bæta lýsinguna út í portinu.
 Útbúa fatahengi fyrir starfsmenn til móts við ritara. Þarf að vera lokað og læst rými.
 Skipta um lyklakerfi í skólanum.
 Uppfærsla á körfubolta- og fóboltavelli á skólalóðinni (sjá skýrslu frá húsverði).
 Gifsklæðning á veggjum við myndmenntastofu og smíðastofu er ónýt. Þarf að skipta um og/eða opna úr myndmenntastofu fram í rýmið við hliðina á henni.
 Ónýtir gluggar í gula húsinu, gler, gluggar og stormjárn. Norðurhliðin sérstaklega slæm og vatn seytla inn í rigningu, dúkurinn er farinn að skemmast.
 Hurðarnar í hvíta húsinu inn í kennslustofurnar (í elsta hlutanum) eru þarfnast viðgerða, einnig glerið í gluggunum í þeim hluta orðið lélegt.
 Ný útihurð við Austurveg.

Starfsmarkmið 2020-2021

1. Að styrkja samstarf heimila og skóla

Leiðir: Leitast verður við að upplýsingar til heimila berist á markvissan og samræmdan hátt þannig að auðvelt sé fyrir foreldra að nálgast þær. Lögð verður áhersla á að bjóða foreldrum á uppskeruhátíðir í skólanum þar sem nemendur kynna verkefni sín fyrir foreldrum. Kennarar skipuleggja heimsóknir foreldra í kennslustundir. Stefnt að því að fá ráðgjöf frá Heimili og skóla.

Mat: Skólapúlsinn

Samantekt: Ekki var hægt að bjóða foreldrum á uppskeruhátíðir innan skólans eins og til stóð vegna Covid. Það náðist að endurvekja foreldrafélagið og fá starfshæfa stjórn og því var ekki óskað eftir ráðgjöf frá Heimili og skóla.

2. Að endurskoða og uppfæra skólanámskrá skólans.

Leiðir: Fagteymi kennara verða sett á fót með það að markmiði að lesa saman og uppfæra skólanámskrána. Stefnt er að því að ljúka endurskoðuninni fyrir áramót.

Mat: Uppfærð skólanámskrá á heimasíðu skólans.

Samantekt: Uppfærð skólanámskrá er nú heimasíðu skólans.

3. Að skerpa á fjölbreyttu námsmati.

Leiðir: Áhersla lögð á fjölbreytt námsmat við gerð kennsluáætlana og námslota að hausti.

Mat: Kennarar kynna námsmat fyrir hverjum öðrum á kennarafundum.

Samantekt: Kennarar beita fjölbreyttu námsmati en lítið fór fyrir því að kynna fyrir öðrum kennururum á kennarafundum þar sem kennarafundir í raunheimum voru fáir vegna Covid-aðstæðna.

4. Leiðasagnarnám

Leiðir: Námskeið fyrir alla kennara á haustdögum. Því verður vonandi fylgt eftir með tveggja- til þriggja ára þróunarstarfi. Kennarar lesa sér til um leiðsagnarnám í vetur í leshópum og ræða.

Mat: Könnun lögð fyrir kennara að vori.

Samantekt: Ekki náðist að leggja könnun fyrir kennara eins og til stóð. Kennarar eru margir búnir að lesa bókina Outstanding Formative Assessment e. Shirley Clarke og sumir farnir að

tileinka sér ýmislegt varðandi leiðsagnarnám. Hins vegar fer þróunarverkefni um leiðsagnarnám af stað í haust.

5. Endurskoðun á áætlun gegn einelti

Leiðir: Starfsmannahópur undir stjórn aðstoðarskólastjóra fer yfir áætlunina, einfaldar hana og gerir endurbætur.

Mat: Ný áætlun kynnt foreldrum og starfsfólki fyrir lok skólaárs.

Samantekt: Ný áætlun gegn einelti var kynnt fyrir starfsmönnum og skólaráði eftir áramót og tók gildi í mars. Einnig las fulltrúi úr foreldrafélaginu áætlunina yfir og gerði athugasemdir. Nýja áætlunin er á heimasíðu skólans.

Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf í 7. bekk fóru fram 24. og 25. september og í 4. bekk 30. september og 1. október. Fyrirlögn prófanna var rafræn eins og undanfarin ár og gekk vel. Til stóð að hafa samræmdu prófin í 9. bekk 8.-10. mars. Í fyrsta prófinu komu upp alvarleg tæknileg vandamál í prófakerfinu hjá Menntamálastofnun og þurfti að fella seinni tvö prófin niður. Nemendur höfðu val um að taka prófin á pappír seinna um vorið og voru sjö nemendur sem gerðu það. Hér fyrir neðan er niðurstaða prófanna í 4. og 7. bekk.

Normaldreifðar einkunnir þar sem landsmeðaltal er 30, 4. bekkur

	GÍ	Landið
Stærðfræði	27,9	30
Íslenska	29,2	30

Normaldreifðar einkunnir þar sem landsmeðaltal er 30 7. bekkur



	GÍ	Landið
Stærðfræði	28,8	30
Íslenska	31,2	30

Forföll nemenda

Samkvæmt því sem skráð hefur verið í mentor hefur ástundum nemenda við skólann verið sem hér segir skólaárið 2020-2021.

Leyfisdögum nemenda hefur fækkað

Nemendur hafa komið 1834 sinnum of seint eða um 5 skipti að meðaltali á hvern nemanda og er það engin breyting frá síðasta ári. Fjarvistir úr kennslustundum hafa verið 1411 eða að meðaltali 4 fjarvistir á hvern nemanda sem er heldur engin breyting. Leyfis dagar hafa verið 1626 eða að meðaltali 4.4 dagar á hvern nemanda og veikindadagar 2188 eða um 6 dagar á hvern nemanda. Leyfis dögum hefur fækkað aðeins á milli ára, en veikindin eru svipuð. Fjarvistir eldri nemenda eru mun meiri en þeirra yngri eins og sjá má á eftirfarandi myndum. Skertir dagar vegna Covid voru 32 í 5.-10. bekk en þá daga var kennsla 8-12:15. Engin skerðing var í 1.-4. bekk. Einnig var skólanum (eins og öllum grunnskólum á landinu) lokað 25. og 26. mars vegna tilmæla frá ráðherra.



Forföll starfsfólks

Samkvæmt skráningum er fjarvera starfsmanna eftirfarandi skólaárið 2020-2021

	Dagar	Hlutfall pr. starfsmann
Veikindi starfsmanna	469	6,7

Langtímaveikindi (+30 dagar)	585	
Veikindi barna starfsmanna	127	1,8
Persónuleg leyfi	182	2,6
Námsleyfi	17	
Önnur störf fyrir skólann (án nemenda)	11	
Samtals:	1456	20,8
Samtals að frádregnum langtímaveikindum:	871	12,4

Fjöldi forfallatíma kennara voru 3454. Af þeim voru felldar niður 362 kennslustundir eða 10%.

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna

Samstarf Grunnskólans og leikskólanna er í nokkuð föstum skorðum. Nemendur í verðandi 1. bekk komu í þrjár heimsóknir. Í fyrstu heimsókninni skoðuðu þeir skólann sem leikskólakennurunum sínum og stjórnendum GÍ. Í annarri heimsókninni fóru þeir í kennslustund með 1. bekk og í síðustu heimsókninni komu þeir í vorskóla þar sem þeir hittu verðandi kennarana sína og voru með þeim í ýmsum verkefnum í klukkustund. 7. bekkingar og verðandi 1. bekkingar áttu svo skemmtilegan dag saman í lok skólaársins.

Á vorin eru skilafundir þar sem aðilar leikskólans skila upplýsingum varðandi nemendur og gengi þeirra til grunnskólans.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl eru vettvangur fyrir skoðanaskipti og eiga að bæta tengsl starfsmanns og yfirmanns. Tilgangur með starfsmannasamtölum er að gefa stjórnendum og starfsmönnum tækifæri til að ræða starfið og gagnkvæmar væntingar. Að starfsmaður verði betur búinn undir að takast á við framtíðarverkefni. Að huga að þroska starfsmanns og þróun viðfangsefna hans til lengri tíma. Að meta þörf á fræðslu.

Allir starfsmenn skólans eiga rétt á slíku viðtali og geta óskað eftir að koma í viðtal til ákveðins stjórnanda að öðru leyti skipta stjórnendur með sér verkum.

Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu af Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk, svo sem þjónustu skólasálfræðinga. Einnig er Skólasviðið sem samning við Tröppu vegna þjónustu talmeinafræðinga. Túlkaþjónusta er keypt af ýmsum aðilum og einnig þarf stundum að kaupa þjónustu iðnaðarmanna vegna ýmissa smáverkefna.

Skrifstofa Grunnskólans á Ísafirði

Ritari á skrifstofu skólans er einn, Hafdís Jónsdóttir í 100 % starfi. Skrifstofan er opin alla daga frá 7:45 til 15:45, nema á föstudögum til 14:00.

Helstu verkefni á skrifstofunni hafa verið símsvörin, móttaka og upplýsingagjöf bæði til nemenda, foreldra, samstarfsmanna og gesta. Ritari skráir forföll nemenda og sér um skráningar í mötuneyti skólans. Einnig sér hann um skjalavörslu samkvæmt persónuverndarlögum. Ritari

hefur einnig umsjón með skrifstofuvörum skólans, s.s. ritföngum og pappír sem og innkaupum á þeim sem, einnig sér hann um innkaup á ritföngum nemenda.

8. Samvinna og tengsl við aðila utan skólans

Grunnskólinn á Ísafirði hefur átt gott samstarf við ýmsa aðila utan skólans. Þeir voru helstir í vetur:

Barna og unglingageðdeild Landspítala (BUGL): Nemendum með alvarleg hegðunar-vandkvæði eða tilfinningalega erfiðleika er vísað á BUGL til greiningar og/eða meðferðar.

Björgunarfélag Ísafjarðar: Nemendur í 8.-10. bekk fá þátttöku sína metna sem val.

Bæjarskrifstofa: Nemendur í menningarlæsi og sköpun heimsóttu skrifstofuna og fengu kynningu á stjórnsýslu og viðtal við bæjarstjóra.

Bæjarbókasafnið: Bekkir fóru í heimsókn yfir allan veturinn og fóru á jólasýningu. Nemendur kynntu sér sumarlestur bókasafnsins og skráðu sig mörg til leiks.

Byggðasafnið: Nemendur í menningarlæsi og sköpun heimsóttu safnið að hausti.

Dellusafnið: Nemendur í menningarlæsi og sköpun heimsóttu safnið að vori.

Dægradvöl: Nemendur í 1.-3. bekk geta sótt dægradvölinu eftir að skóla lýkur. Íþrótt- og tómstundafulltrúi hefur umsjón með rekstrinum.

Elfar Logi Hannesson: Sýndi leiksýninguna um Iðunni og eplin fyrir yngsta stigið.

Fablab: Kennsla fer fram í valgreinum bæði á mið- og unglingastigi.

Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf: Er eigandi alls húsnaðis og sér um viðhald og endurnýjun á því.

Ferðapjónusta fatlaðra: Sér um akstur fyrir fatlaða nemendur skólans.

Félagsmiðstöðin Djúpið: Er rekin af íþrótt- og tómstundaráði bæjarins. Félagsmiðstöðin er opin nemendum unglingastigs á skólatíma, síðdegis og nokkur kvöld í viku. Mikið samstarf er við félagsmiðstöðina, t.d. Samfés söngvakeppnin, 1. des hátíðin og ýmislegt annað félagsstarf nemenda. Nemendaráð skólans starfar í tengslum við félagsmiðstöðina og skipuleggur starf hennar í samstarfi við forstöðumann.

Foreldrafélag G.Í.: Sér um ýmsa viðburði fyrir nemendur, voru fáir þetta ár vegna Covid.

Golfklúbbur Ísafjarðar: tók á móti 7. bekk og kenndi þeim undirstöðuatriðin í golfi í maí.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR): Börn með alvarlega námserfiðleika og þroskafrávik fá í flestum tilvikum greiningu á GRR. Aðilar frá GRR voru með fræðsluerindi fyrir starfsfólk.

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar: Samstarf milli grunnskóla í Ísafjarðarbæ er með ýmsum hætti. Sameiginleg námskeið fyrir kennara og starfsfólk skólanna hafa verið haldin. Skólastjórnendur funda um það bil einu sinni í mánuði ásamt sviðsstjóra skóla-og tómstundasviðs.

Háskóli Íslands - menntavísindasvið: Skólinn tekur árlega á móti kennaranemum í æfingakennslu.

Háskólinn á Akureyri: Samstarf vegna byrjendalæsis og kennaranema.

Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar: Heilsugæsla skólans er á vegum heilbrigðisstofnunar og er hjúkrunarfræðingur í hlutastarfi við skólann alla daga vikunnar.

Hólar í Dýrafirði: tóku á móti 3.bekk í sveitaferð.

HSV: Samstarfsaðili vegna frístundar – íþróttaskólinn.

Hversdagssafnið: 7.bekkur setti upp sýningu í tengslum við gamalt dót. Nemendur í menningarlæsi og sköpun settu upp sýninguna „hlutirnir segja sögu“.

Höfundarmiðstöð RSÍ: Býður upp á dagskrá Skáld í skólum. Í ár komu Vilhelm Antonsson og Linda Ólafsdóttir og fóru með nemendur í ævintýraleiðangur um undraheima bókmenntanna.

Ísfirðingafélagið í Reykjavík: Hefur í mörg ár veitt útskriftarnema peningaverðlaun fyrir lofsverða ástundun og virka þátttöku í félagsstarfi.

Ísafjarðarkirkja: Kirkjan hefur tekið á móti þeim bekkjum(árgöngum) sem þess óska og kynnt fyrir þeim starfið í kirkjunni. Skólaslit GÍ fara einnig ávallt fram í kirkjunni.

Íslandsbanki: Tók á móti nemendum í 10. bekk og fræddi þá um fjármál.

Íslandssaga á Suðureyri: Vorum í sambandi í vetur vegna heimsóknar 1. bekkinga í fyrirtækið en það var ekki hægt í ár vegna Covid. Þau vilja fá okkur í heimsókn á næsta skólaári.

Kiwanis klúbburinn á Ísafirði: Færir 1. bekkingum reiðhjólahlálma.

Kvenfélagið Hlíf: Veitir nemendum í 10. bekk viðurkenningar fyrir verk- og listgreinar.

List fyrir alla: Bauð upp á viðburðinn Dans fyrir alla, þar sem unnið var með nemendum í smíðju og boðið upp á danssýningu.

Listasafn Ísafjarðar: Nemendur í menningarlæsi og sköpun fóru á sýningu Bryndísar G. Björgvinsdóttur.

Listaskóli Rögnvaldar: Nám við skólann fæst metið sem val í 9. og 10. bekk.

Tangi (fimm ára deild frá Sólborg): Grunnskólinn og leikskólinn hafa með sér samstarf sem miðar að því að viðhalda góðum tengslum og samvinnu á milli skólastiganna. Leikskólabörnum er boðið í skólaheimsóknir.

Melrakkasetrið í Súðavík: Tóku á móti 2. bekk og 9. bekk að vori

Menntaskólinn á Ísafirði: MÍ býður 10. bekkingum í námskynningu.

Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík: 2. og 5. bekkur hafa farið mörg undanfarin ár í safnið og unnið verkefni.

Rauði kross Íslands bauð nemendum 6.-7. bekkjar upp á námskeiðið Börn og umhverfi sem valgrein í hræringi.

Rótarý – klúbbur Vestfjarða: Veitir nemendum í 8.-10. bekk viðurkenningar fyrir ástundun og framfarir.

RÚV: Nemendur í 6. og 7. bekk tóku þátt í Krakkasvarinu .

Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri: Tekur á móti 8. bekk á hverju ári.

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar fluttu nemendur og fararstjóra á Hesteyri vegna haustferðar 10. bekkjar.

Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar: Gott samstarf er á milli skíðasvæðisins og skólans vegna skíðaferða nemenda.

Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar: Nemendur í menningarlæsi og sköpun fengu kennslu í bogfimi og kynningu á klúbbum.

Skógræktarfélag Ísafjarðar: Nemendur í 6. bekk hafa gróðursett plöntur í vorferð og sett niður um 150 plöntur frá Yrkjusjóði.

Skólabúðirnar að Reykjum Hrútafirði: Nemendur í 7. bekk hafa farið í mörg undanfarin haust í skólabúðirnar.

Skóla- og tómstundasvið: Hefur rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar. Skóladeild veitir eftirfarandi sérfræðiþjónustu; einstaklingsþjónusta - greining og úrræði. T.d. sálfræðileg og kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunarvandamála. Sérkennsluráðgjöf og aðstoð við áætlanagerð. Handleiðsla og ráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar: Slökkviliðsmenn heimsækja 3. bekkinga og eru með eldvarnafræðslu. Samstarf vegna rýmingaræfinga og starfskynninga. Sér um eldvarnareftirlit í skólanum. 4. bekkur fékk að fara með á rúntinn á slökkvibílnum. Nemendur í menningarlæsi og sköpun heimsóttu slökkviliðsstöðina á vorönn.

Stöðin: Nemendur í menningarlæsi og sköpun heimsóttu stöðina fóru í leiki og fengu kynningu á starfsseminni.

Tónlistarskóli Ísafjarðar: Grunnskólinn fær mjög oft aðgang að Hömrum, sal tónlistarskólans. Dagur íslenskrar tungu er haldinn 16. nóvember þar sem allir nemendur koma saman í hópum. Lokakeppni stóru upplestrarkeppinnar í 7. bekk er haldinn í Hömrum.

VáVest: Stýrihópur um vímuefnaforvarnir. Styrkir sjálfstyrkingarfræðslu frá Elísabetu Lorange fyrir 5. og 8. bekk.

Þjóðminjasafn Íslands: Leikjakista í láni fyrir 2.bekk.

Vestfirskar ævintýraferðir: Sjá um áætlunarakstur og skólaakstur, ásamt akstri í ýmsar ferðir á vegum skólans.

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri